UNNUR ELÍSABET GUNNARSDÓTTIR

*Setur alla orkuna í danskennslu*

Heilsa Heimili

allt Í MIÐJU BLAÐSINS




KLARA ÓSK ELÍASDÓTTIR

*Selur hönnun sína í nýrri verslun*

Nylon-söngkonan hannar peysur

FÓLK 38



STÚDENTA BLAÐIÐ
Mars 2007
83. árgangur
2. tölublað
Fylgir Fréttablaðinu í dag

# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

22. maí 2007 — 138. tölublað — 7. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 550 5000

## ÞRIÐJUDAGUR

### Coen-bræður vinsælir



Ný mynd bræðranna er sigurstrangleg á Cannes.

FÓLK 28

### Hugleikið litbrigði



Myndlistarkonan Nína Gautadóttir heldur sýninguna Óður til rauðhærðra kvenna í myndlist.

MENNING 24

### Grunnþjónusta á Vestfjörðum

„Við jarðgangagerð þarf að hugsa til framtíðar, ekki aðeins til dagsins í dag," skrifar Grímur Atlason, bæjarstjóri Bolungarvíkur.

Í DAG 18

### Þrír frá ÍR til Stjörnunnar



Björgvin Hólmgeirsson, Ragnar Helgason og Jón Heiðar Gunnarsson eru allir á leið í Stjörnuna.

ÍÞRÓTTIR 34

## VEÐRIÐ Í DAG




**Skúrir og él um allt land**
- áframhald á skúrum og éljum um mest allt land, vindur er frekar hægur, en þó strekkingur við suðurströndina. Hiti á bilinu 2-10 stig.

VEÐUR 4



**HRÁSLAGALEGT Í HÖFUÐBORGINNI** Þeir voru vel klæddir krakkarnir í Ísaksskóla þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar þar að garði í gær. Frá vinstri: Andri Rósi Guðmundsson fimm ára, Þorbergur Hlynur Daníelsson átta ára, Tómas Edvard Grímsson átta ára og Stefanía Ósk Pálsdóttir sex ára. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Veðurfar eins og í meðalári:

# Enn má búast við hreti

**VEÐUR** Borgarbúar voru frekar hissa þegar þeir fóru á fætur í gærmorgun. Esjan var orðin hvít á ný og það snjóaði fram eftir morgni. Trausti Jónsson veðurfræðingur segir að ekki sé óvenjulegt að hret komi á þessum árstíma.

„Vestanáttin hefur verið ríkjandi og þá getur sést snjór af og til sem tekur upp nánast samstundis. Í fyrra gerði mjög slæmt hret eftir 20. maí og snjóaði mikið fyrir norðan," segir Trausti.

Það sem af er þessum mánuði hefur hitastig verið í kringum meðallag. Útlit er fyrir að kalt verði í veðri næstu daga og búast má við slyddu eða snjókomu á köflum. - þo

# Rukkað fyrir rannsóknir á látnu fólki

**Forstjóri Tryggingastofnunar telur bóta- og tryggingasvik jafn algeng hér á landi og annars staðar í Evrópu. Um fámennan hóp er að ræða sem nær að svíkja út háar upphæðir.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Bóta- og tryggingasvik hérlendis eru talin nema hundruðum milljóna króna á hverju ári. Auðgunarbrot starfsmanna í heilbrigðiskerfinu eru einnig staðreynd. Einstaklingar svífast einskis til að svíkja út fé og eru aðferðir þeirra stundum með ólíkindum. Reynt hefur verið að fá greitt fyrir rannsóknir á látnu fólki.

Gunnar Þ. Andersen, forstöðumaður eftirlits Tryggingastofnunar ríkisins (TR), segir að auðgunarbrot í heilbrigðiskerfinu og bóta- og tryggingasvik á Íslandi almennt séu ekki einungis staðreynd heldur séu dæmi um mjög gróf brot.

„Tannlæknir sendi yfir hundrað reikninga til Tryggingastofnunar varðandi meðferð á nær tannlausum sjúklingi og dæmi er um tannlækni þar sem meira en helmingur þeirra reikninga sem hann sendi inn á margra ára tímabili var tilhæfulaus." Að sögn Gunnars hafa heilbrigðisstarfsmenn einnig reynt að fá greiðslu fyrir rannsóknir á látnum einstaklingum.

Gunnar segir að svik innan almannatryggingakerfisins hafi viðgengist á Íslandi árum saman. „Hér er um fámennan hóp að ræða sem nær að svíkja út háar upphæðir."

Karl Steinar Guðnason, forstjóri TR, segir enga ástæðu til að halda að bóta- og tryggingasvik séu minni hér á landi en í öðrum Evrópulöndum og það sama eigi við um auðgunarbrot starfsmanna í heilbrigðisgeiranum. Karl Steinar segir þó ekki vitað nákvæmlega hve umfangsmikill vandinn sé hér á landi.

Til almannatrygginga teljast lífeyris-, sjúkra- og slysatryggingar. Á árinu 2006 námu útgjöld TR um 75 milljörðum króna. Áætlað er að heildarfjárhæð vegna tryggingasvika í Evrópu sé á bilinu þrjú til tíu prósent af heildarútgjöldum til heilbrigðismála.

> Tannlæknir sendi yfir hundrað reikninga til Tryggingastofnunar varðandi meðferð á nær tannlausum sjúklingi.
>
> GUNNAR Þ. ANDERSEN
> FORSTÖÐUMAÐUR EFTIRLITS TR

TR gengst fyrir alþjóðlegri ráðstefnu um eftirlit með bóta- og tryggingasvikum á Hótel Nordica í dag. „Við viljum með ráðstefnunni hleypa af stað umræðu um þessi mál hérlendis," segir Karl Steinar.

„Annað meginmarkmið okkar er að verja heiður þeirra sem sannarlega þurfa á aðstoð að halda. Það er skelfilegt fyrir öryrkja og aldraða að sitja undir því að það séu tómir svindlarar í þessu kerfi. Reyndin er önnur; svikin eru bundin við fámennan hóp manna."

shá / sjá síðu 6




Metfjöldi nauðgana til Stígamóta á síðasta ári:

# Nauðgun tilkynnt annan hvern dag

**FÉLAGSMÁL** Alls voru 180 nauðganir tilkynntar til Stígamóta í fyrra. Það eru 65 fleiri nauðganir en tilkynntar voru árið áður. Nærri lætur að ein nauðgun sé tilkynnt annan hvern dag að meðaltali. „Þessar tölur eru sláandi," segir Guðrún Jónsdóttir, talskona Stígamóta.

Guðrún segir svo margar nauðganir ekki hafa komið til kasta Stígamóta síðan á upphafsárum samtakanna fyrir um sautján árum. Þá hafi gríðarlegur uppsafnaður vandi verið í samfélaginu þar sem úrræði fyrir þolendur kynferðisofbeldis hafi verið af skornum skammti. Tilkynningum um sifjaspell fjölgaði einnig frá árinu 2005 til 2006. Alls voru 165 sifjaspellsbrot tilkynnt á fyrra árinu en á því síðara voru þau 185 talsins.

Guðrún segist ekki hafa skýringar á þessari fjölgun. Tvennt komi til greina; að kynferðisbrotum hafi fjölgað eða að fleiri en áður kjósi að leita aðstoðar samtakanna. Upplýsingarnar séu mikið áhyggjuefni.

- kdk / sjá síðu 16






## SPURNING DAGSINS



*Kristján, er þetta hús ekki til sóma?*

**„Jú, að sjálfsögðu.“**

Íbúar við Sómatún á Akureyri hafa kært tillögu að nýju deiliskipulagi þar sem eitt húsanna verður hærra en upphaflegt deiliskipulag gerði ráð fyrir. Kristján Þór Júlíusson, fyrrverandi bæjarstjóri á Akureyri, samþykkti deiliskipulagið á sínum tíma.

Brunamálastjóri hyggst bregðast við umfjöllun fanga um eldvarnir á Litla-Hrauni:

# Neyðarútgöngum læst utan frá

**ELDVARNIR** Flóttaleiðir vegna bruna í fangelsinu á Litla-Hrauni eru ófullnægjandi og dæmi eru um að neyðarútgöngum sé læst með hengilás utan frá. Á þetta er bent í nýjasta tölublaði Tímamóta, fréttabréfs fanga á Litla-Hrauni.

Í gamla húsinu á Litla-Hrauni eru fangar lokaðir inni í klefum sínum á nóttunni. Slagbrandur er settur fyrir dyrnar og er klefunum síðan læst utan frá með hengilás. Ef eldur kemur upp þurfa fangaverðir að opna hvern lás fyrir sig. Í nýbyggingu sem tekin var í notkun 1995 er hins vegar hægt að opna alla fangaklefana með einu handtaki frá varðstöð ef eldur kviknar.



**LITLA-HRAUN** Í gamla húsinu á Litla-Hrauni er fangaklefum læst á nóttunni með hengilás. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Björn Karlsson brunamálastjóri segir fulla ástæðu til að yfirfara eldvarnarmál og rýmingaráætlanir á Litla-Hrauni.

„Ég mun í kjölfar þessara skrifa hafa samband við hlutaðeigandi aðila og ræða hvort ástæða sé til að breyta þessu kerfi,“ segir Björn og bætir því við að það sé á ábyrgð rekstraraðila að rýmingaráætlanir virki og þær séu æfðar reglulega.

„Þegar fangelsi eiga í hlut rekast á tvö andstæð markmið. Annars vegar að halda föngum læstum inni og hins vegar að ná þeim út á sem stystum tíma ef það kviknar í. Björgun mannslífa á að hafa algeran forgang, sama hvort menn eru fangar eða ekki,“ segir Björn. **- þo**

Landhelgisgæslan fær aðstoð:

# Vinna saman í þyrluútköllum

**BJÖRGUN Landsbjörg og Landhelgisgæsla Íslands ætla að vinna saman í þyrluútköllum vegna leitar og björgunar á landi. Skrifað var undir samkomulag þess efnis um síðustu helgi.**

**Í samkomulaginu felst að Landhelgisgæslan getur kallað til björgunarfólk frá Landsbjörg ef með þarf, til dæmis þegar þyrla gæslunnar kemst ekki að slysstað vegna veðurs eða landslags. Bæði félögin munu í framhaldi af undirritun samningsins senda starfsfólk sitt í þjálfun þar sem umgengni við þyrlu verður kennd og hífingar æfðar.** **- sþs**

Skordýrafræðingur:

# Geitungar enn færri en áður

**SKORDÝR Geitungarnir eru vaknaðir til lífsins þó að menn verði almennt minna varir við þá nú en áður miðað við árstíma. „Það hefur ekki komið nein gusa ennþá en það gæti líka verið minna af þeim, ég veit það ekki. Þetta gæti verið vísbending um það,“ segir Erling Ólafsson, skordýrafræðingur hjá Náttúrufræðistofnun Íslands.**



**GEITUNGAR** Eru vaknaðir til lífsins að sögn skordýrafræðings.

**Hann segir ekkert benda til þess að geitungarnir hafi náð hámarki í fjölda ennþá. „En ef geitungarnir verða ekki fleiri en þetta þá verður þetta sennilega þægilegt sumar,“ segir hann.** **- ghs**

Formaður Framsóknarflokks:

# Jón sagður ætla að segja af sér

**STJÓRNMÁL** Fullyrt var í þættinum Ísland í dag á Stöð 2 í gær að Jón Sigurðsson, formaður Framsóknarflokksins, hefði ákveðið að láta af formennsku í flokknum. Jón bar þessar fregnir til baka í samtali við Fréttablaðið í gær.



**JÓN SIGURÐSSON**

Ísland í dag hafði eftir heimildum að Jón hefði þegar tilkynnt nánustu samstarfsmönnum um þessa ákvörðun og að reiknað væri með því að formlega yrði tilkynnt um afsögn Jóns á næstu dögum.

„Fregnir af andláti mínu eru stórlega ýktar,“ sagði Jón Sigurðsson í gærkvöldi. Hann sagði enga slíka ákvörðun hafa verið tekna, of snemmt væri að hugsa um slíkt þar sem ný ríkisstjórn hafi ekki verið mynduð enn. **- bj**

# Ræða flutning verkefna milli ráðuneyta

**Hlé var gert á stjórnarmyndunarviðræðunum eftir fund í ráðherrabústaðnum í gær en reiknað með að þeim verði fram haldið í dag. Flutningur verkefna milli ráðuneyta er meðal þess sem rætt hefur verið í samningaviðræðum síðustu daga.**

**STJÓRNMÁL** Hlé var gert á stjórnarmyndunarviðræðum Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar um klukkan 16 í gær, en formenn flokkanna sögðust reikna með fundarhöldum áfram í dag.

Meðal þess sem rætt hefur verið síðustu daga er flutningur verkefna milli ráðuneyta auk gerðar stjórnarsáttmála og skiptingar ráðuneyta milli flokkanna.

„Við tökum bara þann tíma sem við þurfum í þetta, en það er ekki mikið eftir,“ sagði Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, eftir að um fjögurra klukkustunda fundi forsvarsmanna flokkanna í Ráðherrabústaðnum við Tjarnargötu lauk í gær.

Ingibjörg þvertók fyrir að hléið væri til marks um ágreining milli flokkanna, þó að enn væru mál sem eftir ætti að ná lendingu í. Hún sagði ekkert hafa komið upp á í viðræðunum sem ekki hefði mátt sjá fyrir. „Þetta er bara í eðlilegum farvegi, við erum að fara yfir öll málin,“ sagði Ingibjörg.

„Við ætlum að gera hlé á þessu, en tala svo saman,“ sagði Geir H. Haarde, formaður Sjálfstæðisflokksins. Hann sagðist reikna með því að viðræðurnar héldu áfram í dag. Hvorki Geir né Ingibjörg skýrðu frekar hvers vegna þetta hlé var gert á viðræðunum öðruvísi en að það hentaði að taka hlé á þessum tímapunkti.

Vitað var að þingmenn Samfylkingar ætluðu að hittast í gærkvöldi til að kveðja þingmenn sem eru að hætta og fagna nýjum þingmönnum flokksins.



**HLÉ TEKIÐ Á VIÐRÆÐUM** Geir H. Haarde, formaður Sjálfstæðisflokksins, og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, reikna með áframhaldandi viðræðum í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> Við tökum bara þann tíma sem við þurfum í þetta, en það er ekki mikið eftir.
>
> **INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR**
> FORMAÐUR SAMFYLKINGARINNAR

Spurð hvenær líklegt væri að ný ríkisstjórn kæmi saman sagði Ingibjörg: „Ég get ekki svarað því á þessari stundu, við verðum að sjá hvað setur.“ Geir sagðist aðspurður í öllu falli reikna með að það yrði fyrir hvítasunnu.

Auk formannanna sátu fund gærdagsins þau Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, varaformaður Sjálfstæðisflokksins, og Össur Skarphéðinsson, formaður þingflokks Samfylkingarinnar. Þegar á leið slógust framkvæmdastjórar flokkanna, Andri Óttarsson Sjálfstæðisflokki og Skúli Helgason Samfylkingunni, í hópinn.

**bjorn@frettabladid.is / brjann@frettabladid.is**



**KACZINSKY-BRÆÐUR OG MÓÐIR ÞEIRRA** Jaroslaw er forsætisráðherra og Lech forseti Póllands. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Forsætisráðherra Póllands:

# Á ekki neinn bankareikning

**PÓLLAND, AP** Jaroslaw Kaczinsky, forsætisráðherra Póllands, segist ekki eiga neinn bankareikning, heldur leggur hann alla sína peninga inn á bankareikning Jadwigu móður sinnar. Þetta segir hann alls enga sérvisku.

„Ég vil ekki lenda í þeim aðstæðum að einhver greiði peninga inn á minn reikning án minnar vitundar, og daginn eftir myndi ég lesa um það í blöðunum,“ sagði Kaczinsky til útskýringar í blaðaviðtali á sunnudag.

Hann gaf þó engar skýringar á því hvers vegna einhver ætti að vilja greiða fé inn á bankareikning án hans vitundar. **- gb**

## LÖGREGLUFRÉTT

### Sölumaður á ferð um landið

Pólskur farandsali var stöðvaður við iðju sína á Dalvík í gær, enda ekki með söluleyfi. Maðurinn er einn þeirra sem reyndu að selja útprentaðar myndir á Vestfjörðum um daginn, segir talsmaður lögreglunnar á Dalvík.

## HVALFJARÐARGÖNG

### Göngin lokuð vegna þrifa

Hvalfjarðargöngin verða lokuð allri umferð næstu fjórar nætur vegna árlegra þrifa og viðhalds. Göngin verða lokuð frá miðnætti og til klukkan sex að morgni.


BÍLL DAGSINS
NISSAN PATHFINDER LE IT
Nýskr. 08.05 - Sjálfskiptur - Ekinn 26 þús. km.




Ingvar Helgason | NOTAÐIR BÍLAR
Opið: Mán. 10:00 - 18:00, þri.-fös. 9:00 - 18:00, lau. 12:00 - 16:00. Sími: 525 8020


Truflandi skilaboð birtust á öllum tölvum í grunnskólum Reykjavíkurborgar í gær:

# Tölvuhakkari truflaði kennslu

**TÆKNI** Brotist var inn í tölvukerfi Menntasviðs Reykjavíkur í gær. Á skjá allra tengdra tölva í grunnskólum Reykjavíkur birtist fjöldi truflandi skilaboða frá hakkaranum, og að lokum fölsk játning á innbrotinu ásamt símanúmeri Sindra Heiðarssonar, nema í Hólabrekkuskóla.

„Ég er búinn að fá endalaust af hringingum í allan dag frá brjáluðum kennurum og nemendum í Rimaskóla, Langholtsskóla og fullt af öðrum skólum,“ segir Sindri, sem kveðst blásaklaus. „Ég veit ekkert hver gerði þetta, og hef ekki hugmynd af hverju númerið mitt var þarna. Ég slökkti bara á símanum eftir að allir fóru að hringja í mig.“

Berglind Arndal Ásmundsdóttir, deildarstjóri tölvu- og upplýsingamenntar Hólabrekkuskóla, segir ljóst að einhver klár nemandi hafi „hakkað“ kerfið.

„Við erum með samtengt kerfi sem við notum til að koma skilaboðum áleiðis og nemendur eiga ekki að hafa aðgang að því. Augljóslega hefur einhverjum þeirra tekist það í þessu tilviki en það er búið að loka fyrir þá öryggisholu,“ segir hún. „Við verðum bara að vona að viðkomandi nýti sér þessa þekkingu til góðs og verði tölvunarfræðingur.“ **- sþs**



**Í TÖLVUNNI** Hakkarinn komst inn í samtengt kerfi allra grunnskóla Reykjavíkur og sendi skilaboð á allar tölvur.



Þinn stökkpallur að **námi** loknu
90% íbúðalán við kaup á fyrstu íbúð
Námslokalán
Áframhaldandi námsmannakjör í 1 ár
Sérkjör á bílafjármögnun
Frítt kreditkort fyrsta árið
15.000 króna inneign á VISA kreditkort
Þegar námi lýkur taka við spennandi tímar. Sparisjóðurinn býður þeim sem lokið hafa háskólanámi eða sambærilegu námi, og eru að koma undir sig fótunum, þjónustu sem er sérsniðin að þeirra þörfum. Farðu inn á **spar.is** eða komdu til okkar í næsta sparisjóð og kynntu þér kosti þjónustunnar – reiknum dæmið saman.
SPARISJÓÐURINN
– fyrir þig og þína

## GENGIÐ 21.05.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 63,32 | 63,62 |
| Sterlingspund | 124,64 | 125,24 |
| Evra | 85,08 | 85,56 |
| Dönsk króna | 11,414 | 11,480 |
| Norsk króna | 10,418 | 10,480 |
| Sænsk króna | 9,227 | 9,281 |
| Japanskt jen | 0,5205 | 0,5235 |
| SDR | 95,69 | 96,27 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

115,5614

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Evrópusambandið vinnur að breytingum á umdeildum stjórnarskrársáttmála:

# Stefnt að veigaminni sáttmála

**BRUSSEL, AP** Æðstu ráðamenn Evrópusambandsríkjanna eru, þótt hljótt fari, byrjaðir að gera breytingar á stjórnarskrársáttmálanum sem felldur var í þjóðaratkvæðagreiðslum tveggja aðildarríkjanna fyrir tveimur árum.

Hugmyndin er sú að sáttmálinn verði miklu minni í sniðum en upphaflega var stefnt að og hugsanlega verði aðeins gerðar veigaminni breytingar á stofnsáttmála Evrópusambandsins.

Þýskaland, sem nú fer með formennsku í ráðherraráði Evrópusambandsins, hefur stjórnað leynilegum samningaviðræðum með nokkrum embættismönnum frá hverju aðildarlandi, með það í huga að finna einfalda leið út úr ógöngum stjórnarskrársáttmálans.

Stefnt er að því að hafa náð niðurstöðu fyrir leiðtogafund í Berlín dagana 21. til 22. júní næstkomandi.

Afar skiptar skoðanir eru þó milli ríkjanna um hvernig framhaldið eigi að verða en málamiðlunarhugmyndir Þjóðverja eru meðal annars þær að hætta að tala um stjórnarskrá, sleppa ákvæðum um söng og fána Evrópu og sömuleiðis hætta við að stofna nýtt embætti utanríkisráðherra Evrópusambandsins. Einnig þykir líklegt að ekkert verði úr mannréttindaskrá Evrópusambandsins. - gb



**JOSE MANUEL BARROSO OG ANGELA MERKEL** Formaður framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins og kanslari Þýskalands hafa reynt að finna lausnir á deilum um stjórnarskrársáttmála Evrópusambandsins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Játaði brot en var ekki refsað:

# Refsingar ekki krafist í ákæru

**DÓMSMÁL Maður sem staðinn var að verki við innbrot og játaði á sig tilraun til þjófnaðar fær ekki refsingu vegna þess að ákæruvaldið gerði ekki kröfu um refsingu í ákærunni. Maðurinn hafði spennt upp glugga á húsi í Reykjavík og var á leið inn þegar hann var staðinn að verki. Hann játaði brotið greiðlega fyrir dómi.**

**Þegar dómari fór yfir ákæruna eftir dómtöku sá hann að refsikröfu vantaði. Maðurinn var sakfelldur fyrir brotið, en þar sem lög mæla fyrir um að refsikrafa skuli vera sett fram í ákæru var ekki hægt að gera manninum neina refsingu.** - sh





**VERÐANDI HÁSKÓLAÞORP KEFLAVÍKUR** Endurnýja þarf allt rafkerfi á svæðinu. Þar er nú gamalt bandarískt 110 volta kerfi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Háskólabyggð í Keflavík:

# Skipta þarf út öllu rafmagni

**KEFLAVÍK Skipta þarf út rafkerfi í hverri og einni íbúð á gamla hersvæðinu í Keflavík, áður en húsnæðið verður leigt út í haust.**

**Bandarískt rafkerfi er í öllum íbúðunum og er það talsvert ólíkt því evrópska. Guðmundur Gunnarsson hjá Rafiðnaðarsambandinu telur kerfið langt frá því að uppfylla íslenska öryggisstaðla. Í því séu til að mynda engir lekaliðar og allar tölur úr málmi.**

**Framkvæmdastjóri Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar sagði í gær að kostnaðurinn vegna rafmagnsins verði „frekar lítill miðað við hlutfall af byggingarkostnaði.“** - kóþ

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Slasaðist við aftanákeyrslu

Kona var flutt á slysadeild eftir harkalega aftanákeyrslu á Bústaðavegi í gær. Áreksturinn átti sér stað við verslunarmiðstöðina Grímsbæ og þurfti að loka Bústaðavegi um stund vegna slyssins. Konan sem slasaðist ók aftari bílnum en báðir bílarnir skemmdust mikið.

## LEIÐRÉTTING

Fyrir mistök birtist röng mynd í dálknum Sjónarhóll í Fréttablaðinu í gær. Í stað myndar af Guðmundi Helga Guðmundssyni, sem rætt var við, birtist mynd af alnafna hans.



**HVALSKURÐUR Í HVALFIRÐI** Íslendingar hófu hvalveiðar á ný hinn 22. október á síðasta ári, eftir nokkurt hlé. Veiðarnar vöktu hörð viðbrögð um allan heim.





**MATVÖRUVERSLUN** Tesco, stærsta verslanakeðja Bretlands, er meðal þeirra sjö sem hafa heitið því að kaupa ekki vörur frá útgerðum sem tengjast hvalveiðum.

# Breskir stórmarkaðir sniðganga Granda

**Sjö breskar verslanakeðjur ætla ekki að kaupa fisk af útgerðum sem tengjast hvalveiðum. Grandi er eina slíka útgerðin á Íslandi. Ein keðjanna sjö er Iceland, sem er í eigu Baugs. Höfum ekki fundið fyrir neinum áhrifum, segir forstjóri Granda.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Sjö breskar verslanakeðjur hafa heitið því að kaupa ekki fisk frá fyrirtækjum sem tengjast hvalveiðum Íslendinga. Grandi, ein stærsta útgerð landsins, er sú eina sem uppfyllir þau skilyrði vegna tengsla sinna við Hval hf.

Verslanirnar sem um ræðir eru Waitrose, Tesco, Sainsbury's, Marks and Spencer, Co-op og Iceland, sem er að hluta til í eigu Baugs. Saman hafa þær yfir sextíu prósenta markaðshlutdeild á breska matvörumarkaðnum.

Aðgerðirnar koma í kjölfar áskorunar hvalaverndunarsamtakanna Whale and Dolphin Conservation Society, þar sem breskar verslanakeðjur voru hvattar til að sniðganga fyrirtæki sem tengjast íslenskum hvalveiðum.

Í bréfi til samtakanna segjast talsmenn Tesco, stærstu matvörukeðju Bretlands, „ekki kaupa vörur frá útgerðum sem stunda hvalveiðar eða græða á þeim“.

Eggert B. Guðmundsson, forstjóri Granda, segist ekki hafa frétt af þessu tiltekna bréfi en viti til þess að hvalaverndunarsamtökin hafi verið að senda bréf til verslana og fyrirtækja.

„Þetta er framhald á áróðri og þrýstingi sem samtök af þessu tagi hafa verið að beita og við sjáum ekki ástæðu til að bregðast neitt sérstaklega við því,“ segir hann. „Við erum ekki að selja þessum verslanakeðjum beint, heldur aðallega veitingahúsum, og höfum því ekki fundið fyrir neinum áhrifum vegna þessara yfirlýsinga. Okkar kúnnahópur er sterkur.“

Spurður hvort honum finnist athugavert að Iceland, fyrirtæki að hluta til í eigu Íslendinga, sé meðal þeirra sem ætla að sniðganga vörur fyrirtækisins segist Eggert ekki vita hvort Íslendingar eða erlendir stjórnendur hafi tekið þá ákvörðun. „Þessir menn verða bara að fá að taka sínar ákvarðanir sjálfir.“

Um tuttugu prósent af afla Granda eru flutt út til Bretlands. Kristján Loftsson, forstjóri Hvals hf., situr í stjórn Granda. salvar@frettabladid.is

Hálka á Reykjanesi:

# Fjórar bifreiðir utan vegar

**SLYS** Fjórir voru fluttir á slysadeild eftir umferðaróhöpp á Reykjanesi aðfaranótt mánudags.

Um klukkan hálf þrjú reyndi ökumaður fólksbíls að fara fram úr lítilli rútu á Reykjanesbraut en missti stjórn á bifreiðinni vegna hálku og rakst utan í rútuna. Bæði rútan og fólksbíllinn höfnuðu utan vegar og voru ökumenn beggja bíla, auk farþega fólksbílsins, fluttir með sjúkrabíl á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.

Þá var ökumaður fluttur á Landspítalann í Fossvogi með höfuðmeiðsli eftir útafakstur á Grindavíkurvegi sem rekja má til hálku.

Undir morgun velti ökumaður bifreið sinni á Reykjanesbraut en enginn slasaðist. - þo

Sænsk rannsókn:

# Ofnæmisfrí jarðarber

**SVÍÞJÓÐ Sænskur vísindamaður hefur fundið út hvernig hægt er að rækta jarðarber sem valda ekki ofnæmi. Lífefnafræðingurinn Rikard Alm hefur skrifað doktorsritgerð um þetta og segist hafa verið í sambandi við áhugasama ræktendur. Það má því búast við að ofnæmisfrí jarðarber líti dagsins ljós á næstunni.**

**Í jarðarberjum eru prótein sem minna á birkifrjókorn, að sögn vefútgáfu sænska blaðsins Expressen, og þess vegna fá þeir sem hafa ofnæmi fyrir birkifrjókornum oft kláða í góminn og bólgnar varir þegar þeir borða jarðarber.** - ghs



**VALDA EKKI OFNÆMI** Sænskur vísindamaður hefur fundið aðferð til að rækta jarðarber sem valda ekki ofnæmi.





## VEÐURSPÁ



Elín Björk Jónasdóttir veðurfræðingur

**Áframhaldandi él og skúrir.** Það lítur út fyrir áframhaldandi skúra- og éljagang um mest allt land í dag, en þó bjartviðri suðaustantil. Vindurer norðlægur við vesturströndina, en annars eru vestlægar áttir ríkjandi í dag og á morgun. Hitastigið er ekki hátt, við ströndina norðantil má búast við 1-5 stiga hita yfir daginn, en annars staðar er hitinn á bilinu 5-10 stig. Búast má við frosti á næturna víðast hvar um land.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**
Norðvestan 5-10 m /s, og él eða skúrir.





um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 22°C hálfskýjað | London | 19°C hálfskýjað | Eindhoven | 22°C skúrir |
| Billund | 19°C léttskýjað | París | 24°C skýjað | Basel | 24°C léttskýjað |
| Osló | 20°C hálfskýjað | Frankfurt | 27°C léttskýjað | Alicante | 25°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 15°C skúrir | Friedrichshafen | 19°C skúrir | Róm | 25°C heiðskýrt |
| Gautaborg | 15°C hálfskýjað | Berlín | 29°C hálfskýjað | Las Palmas | 21°C heiðskýrt |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# Hvað þarf marga Íslendinga til að skipta um peru?*



## IKEA býður mesta úrval landsins af sparperum. Þær endast 10 sinnum lengur en hefðbundnar ljósaperur og eru á frábæru verði.

Með því að skipta út gömlu perunum fyrir sparperur geta Íslendingar minnkað raforkukostnað sinn umtalsvert.

| **Kostnaður fyrir eitt heimili:** | |
|---|---|
| 20 hefðbundnar perur á ári | 9.512 kr. |
| 20 sparperur á ári | 2.097 kr. |
| **Mismunur sem sparast:** | **7.415 kr.** |

| **Kostnaður fyrir Ísland (107.000 heimili):** |
|---|
| 2,14 millj. hefðbundnar perur á ári 1.017.784.000 kr. |
| 2,14 millj. sparperur á ári 224.379.000 kr. |
| **Mismunur sem sparast:793.405.000 kr.** |

Viðmiðunarverð: Hefðbundin pera 60W: 50 kr. Sparpera 11W: 200 kr. Miðað er við 5 klst. meðaltalsnotkun á dag á hverri peru. Hefðbundin pera endist að meðaltali í 6 mánuði, en sparpera í 5,5 ár.
**Sjá nánar á www.IKEA.is/spar**



* Í raun bara einn. En til að spara rúmlega 793 milljónir kr. á ári með minni rafmagnsnotkun og færri peruskiptum ættu allir Íslendingar að sameinast um að skipta yfir í sparperur frá IKEA.

IKEA®

Enn ein snjöll lausn frá IKEA

## KJÖRKASSINN



*Finnst þér að Neytendastofa eigi að sekta þá sem brjóta reglur um verðmerkingar?*

| | |
|---|---|
| Já | 95% |
| Nei | 5% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefurðu brotið lög?*

Segðu skoðun þína á visir.is. visir

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar bregst við uppsögnum Kambs á Flateyri á meðan hún bíður ríkisstjórnarmyndunar:

# Þriggja þrepa áætlun í gang fyrir vestan

**ATVINNUMÁL** Halldór Halldórsson, bæjarstjóri á Ísafirði, segir að farið hafi verið af stað með þríþætta áætlun til að bregðast við uppsögnum 120 starfsmanna Kambs á Flateyri.

„Í fyrsta lagi þarf að tryggja að útgerðarmenn á svæðinu eignist sem mest af þessum aflaheimildum,“ segir Halldór. „Því miður virðist hafa verið búið að semja um sölu á einhverjum hluta kvótans.“ Fréttir bárust af því í gær að einn bátur hefði verið seldur ásamt hundrað tonna kvóta til Dalvíkur. Halldór segist þó búast við að útgerðarmönnum á svæðinu takist að kaupa eitthvað af kvótanum.

„Í öðru lagi erum við að búa til teymi til að halda utan um þetta fólk sem tapar vinnunni, til að hjálpa því að finna vinnu, setja upp námskeið, sækja um styrki til að fara í sérverkefni og svo framvegis.“ Um áttatíu þeirra 120 sem missa vinnuna eru erlendir, en Halldór segir þá þó nær alla hafa fasta búsetu á Flateyri. Þeir hafi allir lögheimili á staðnum og margir hafi búið þar í mörg ár.

„Í þriðja lagi þá þarf að finna leið til að koma vinnslunni af stað á Flateyri aftur, eða finna aðra leið sem er atvinnuskapandi í einhverjum svipuðum mæli.“ Halldór segist þar hafa sérstaklega í huga leið sem gafst vel á Þingeyri fyrir nokkrum orðum, þar sem kvóta frá Byggðastofnun var úthlutað á Þingeyri gegn því að einhver tvöfaldaði hann í það minnsta og ynni hann á staðnum.

„Svo bíð ég bara eftir að það verði mynduð ríkisstjórn svo ég geti farið að ræða við forsvarsmenn hennar um aðgerðir,“ segir Halldór. „Við höfum séð það svartara.“ **- sh**



**HALLDÓR HALLDÓRSSON**



**FLATEYRI** Rúmlega 300 manns búa á Flateyri og því um helmingur vinnufærra manna sem hefur misst vinnuna. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA


## Til sölu
Reykhólar - Króksfjarðarnes



Rekstur matvöruverslananna á Reykhólum og í Króksfjarðarnesi er til sölu. Verslunarhúsnæðin fást annað hvort keypt eða leigð. Rekstraraðili er umboðsaðili fyrir N1, bæði á Reykhólum og Króksfjarðarnesi.

Nánari upplýsingar veita:
Ingólfur hjá Informa ehf. í síma 820-5505
Jón Kjartansson rekstraraðili í síma 434-7890


# Svik fárra bitna á þeim sem síst skyldi

**Lífeyrisþegar og öryrkjar mæta tortryggni á afgreiðslustofnunum vegna skipulagðra bóta- og tryggingasvika. Íslendingar eru skammt á veg komnir í eftirliti með svikunum. Tryggingastofnun hefur fengið falsaða reikninga frá útlöndum.**

**HEILBRIGÐISMÁL** „Við vitum að Íslendingar eru ekkert öðruvísi en borgarar annarra landa og því engin ástæða til að halda að svikin séu minni hér en í öðrum Evrópulöndum“, segir Karl Steinar Guðnason, forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins (TR), en stofnunin gengst fyrir alþjóðlegri ráðstefnu í dag um bóta- og tryggingasvik. Á hverju ári tapast gríðarlegt fé til einstaklinga sem stunda tryggingasvik í Evrópu. Það sama á við hér á landi. Svikin bitna á þeim sem síst skyldi; lífeyrisþegum og öryrkjum, sem mæta tortryggni hjá afgreiðslustofnunum vegna bóta- og tryggingasvika sem stunduð eru af tiltölulega fámennum hópi.

Á undanförnum árum hafa norrænar þjóðir og margar Evrópuþjóðir lagt aukna áherslu á eftirlit með bóta- og tryggingasvikum. Með slíkum svikum er horft til fölsunar á bótaréttindum og auðgunarbrotum starfsmanna í heilbrigðisgeiranum. Karl Steinar segir að eftirlit hafi verið aukið mikið á Norðurlöndunum og annars staðar í Evrópu fyrir um tíu árum. Hann segir að Íslendingar eigi langt í land með að afla nauðsynlegra upplýsinga um umfang þessara svika hér á landi. „Þess vegna höfum við ekki þróað aðferðir til að takast á við svik af þessu tagi á jafnárangursríkan hátt og mörg nágrannalönd okkar.“ Karl Steinar segir það eitt meginmarkmið ráðstefnunnar að læra af reynslu annarra þjóða til að koma í veg fyrir þau bóta- og tryggingasvik sem hér viðgangist.





**TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS** Stofnunin stendur fyrir alþjóðlegri ráðstefnu um bóta- og tryggingasvik í dag með því á að hvetja til umræðu í samfélaginu um vandann. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

> „Þess vegna höfum við ekki þróað aðferðir til að takast á við svik af þessu tagi á jafn árangursríkan hátt og mörg nágrannalönd okkar.
>
> **KARL STEINAR GUÐNASON**
> FORSTJÓRI TR

Það sama eigi við um auðgunarbrot heilbrigðisstarfsmanna sem skjóti upp kollinum hér á landi eins og í öðrum löndum.

Umrædd svik virða engin landamæri og því hafa Íslendingar fengið að kynnast. Gunnar Þ. Andersen, forstöðumaður eftirlits TR, segir dæmi um að TR hafi fengið falsaða sjúkrareikninga senda frá útlöndum. Annað vaxandi vandamál í Evrópu eru svik þar sem reynt er að fá greiddar bætur fyrir einstaklinga sem ekki eru til. „Við höfum ekki séð dæmi um þetta en mýmörg dæmi eru um slíkt í Noregi og Svíþjóð.“ Gunnar segir stærstu hættuna í dag felast í svikum á netinu. „Alþjóðaheilbrigðisstofnunin telur að tíu prósent allra lyfja í heiminum séu seld ólöglega á netinu. Við höfum ekki séð neitt slíkt hér ennþá en hættan er fyrir hendi. Þúsundir manna látast á hverju ári vegna þessara ólöglegu lyfja,“ segir Gunnar. **svavar@frettabladid.is**






**Lórítín®**
*– Kröftugt ofnæmislyf*

**Notkun:** Lóritín er ætlað til meðferðar á einkennum ofnæmiskvefs og langvarandi ofsakláða af óþekktum toga. **Skömmtun:** Fullorðnir og börn (>12 ára): 1 tafla á dag. Börn 2-12 ára (<30 kg): ½ tafla (5 mg) á dag. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 2 ára. Töfluna má taka hvenær sem er, án tillits til matmálstíma. Hefja ætti meðferð hjá sjúklingum með verulega skerta lifrarstarfsemi með minni skammti. **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir virka efninu eða hjálparefnum. **Varúðarreglur:** Gæta skal varúðar ef Lóritín er gefið sjúklingum með mikið skerta lifrarstarfsemi. Lyfið inniheldur laktósa. Langvarandi notkun getur leitt til aukinnar hættu á tannskemmdum vegna munnþurrks. Notkun Lóritíns á meðgöngu og við brjóstagjöf er ekki ráðlögð nema í samráði við lækni. Í einstaka tilfellum finnur fólk fyrir syfju sem getur haft áhrif á hæfni þeirra til aksturs eða notkunar véla. **Aukaverkanir:** Lóritín þolist almennt vel en algengustu aukaverkanirnar hjá börnum á aldrinum 2-12 ára eru höfuðverkur, taugaveiklun og þreyta. Algengustu aukaverkanirnar hjá 12 ára og eldri eru svefnhöfgi, höfuðverkur, aukin matarlyst og svefnleysi. Lesið vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Desember 2005.

LYFJA - Lifið heil

actavis hagur í heilsu


Karlmaður dæmdur í Héraðsdómi Norðurlands eystra:

# Þrjú ár inni fyrir kynferðisbrot gegn þroskaheftri dóttur

**DÓMSMÁL** Karlmaður hefur verið dæmdur í þriggja ára fangelsi í Héraðsdómi Norðurlands eystra fyrir kynferðisbrot gegn þroskaheftri dóttur sinni. Hann var jafnframt dæmdur til að greiða henni 800 þúsund krónur í skaðabætur.

Maðurinn var ákærður fyrir að hafa tvisvar sinnum í janúarmánuði 2007 haft samræði við dóttur sína á heimili hennar og notfært sér að hún gat ekki spornað við verknaðinum sökum andlegra annmarka sinna.

Maðurinn neitaði alfarið sök en kvaðst aðeins hafa litið til konunnar í fimm til tíu mínútur og drukkið með henni kaffi. Var honum þá tjáð að lífsýni úr henni eftir síðari atburðinn væri til staðar.

Daginn eftir mætti maðurinn til lögreglunnar að eigin frumkvæði og kvaðst vilja breyta framburði sínum frá því daginn áður. Gaf hann þá skýrslu að nýju að viðstöddum verjanda sínum og játaði að hafa í tvígang haft samfarir við konuna á heimili hennar.

Maðurinn hafði áður verið dæmdur í 15 mánaða fangelsi árið 1991 fyrir sifskapar- og skírlífisbrot gegn þessari sömu stúlku, með því að hafa á tímabilinu frá hausti 1986 til apríl 1987 margsinnis, að minnsta kosti 13 sinnum, haft við hana holdlegt samræði. **- jss**



**HÉRAÐSDÓMUR** Athæfi mannsins komst upp þegar bróðir stúlkunnar sá hann koma út af heimili hennar, komst að hinu sanna og setti málið af stað.




Leiðtoga- og stjórnendaskóli í hartnær 100 ár. Háskólinn á Bifröst býður upp á nám í 4 deildum: **viðskiptadeild, lagadeild, félagsvísindadeild og frumgreinadeild**

- Göngufæri með börnin í leikskóla
- Akstur í grunnskóla
- Heitur matur í hádeginu í grunnskólanum
- Tónlistarskóli í grunnskólanum
- Öruggt umhverfi í leik og starfi
- Verslun á svæðinu
- Líkamsrækt á staðnum
- Öflugt félagslíf
- Stórbrotin náttúra - útivistarparadís
- Blandaður hópur nemenda
- Gott bókasafn og lesaðstaða aðgengileg allan sólarhringinn
- Þráðlaust netsamband á öllu svæðinu
- Nemendur vinna raunhæf verkefni í gegnum allt námið
- Bjóðum upp á mjög öflugt fjarnám

**Umsóknarfrestur í grunnám er til 10. júní 2007**

Kynntu þér málið á:

**www.bifrost.is** 311 Borgarnes | Sími 433 3000

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

**Stjórnenda- og leiðtogaskóli í hartnær 100 ár**

# Segjast saklaus af tugmilljónasvikum

**Fjórmenningar sem nýttu sér villu í netbanka Glitnis til að græða samtals yfir 30 milljónir segjast hafa gert það í góðri trú og undrast ákærur. Glitnir má leiðrétta mistök vegna bilunar án samráðs. „Úr okkar höndum,“ segir talsmaður Glitnis.**

**DÓMSMÁL** Sagnfræðingurinn Jón Hjaltason, einn fjórmenninganna sem ákærðir hafa verið fyrir að draga að sér milljónir með því að nýta sér kerfisvillu í netbanka Glitnis, segist ekki hafa haft nokkra hugmynd um að athæfið væri ólöglegt. Hann hafi ekki áttað sig á því að um villu væri að ræða. „Ekki eitt augnablik flögraði það að mér,“ segir Jón. „Ég hélt að þarna væri bara um hagkvæma skráningu á gjaldeyri að ræða.“

Jón er ákærður fyrir að hafa í ágúst misnotað villuna og aflað sér þannig rúmlega 2,4 milljóna með 384 færslum, eða rúmlega sex þúsund krónur í hverri færslu.

Sá fjórmenninganna sem mest hagnaðist aflaði sér rúmra 24 milljóna í 3.908 færslum og kona hans um 350 þúsund krónur. Þá er bróðir Jóns ákærður fyrir að draga sér rúmar þrjár milljónir. Allir segjast saklausir af fjárdrætti, en upp undir sex ára fangelsisvist getur legið við broti sem þessu.

Villan olli því að kaup- og sölugengi víxlaðist. Allir sakborningarnir keyptu þannig dollara fyrir evrur, seldu þá strax aftur fyrir evrur, og högnuðust um mismuninn á kaup- og sölugengi, sem rennur öllu jafna til bankans. Í ákærunni segir að villuna megi rekja til mistaka starfsmanna Glitnis við forritun.

Í atvikalýsingu sem Pétur Kristinsson, lögmaður Jóns og bróður hans, sendi Fréttablaðinu í gær bendir hann á klausu í samningi Glitnis við viðskiptavini sína þar sem segir að „öll mistök sem verða vegna bilana eða rangrar virkni í tölvukerfum Glitnis [skuli] Glitni heimilt að leiðrétta án samráðs við viðskiptavin“. Pétur segir þessi gjaldeyrisviðskipti bræðranna hafa verið frumraun þeirra á því sviði, og bendir á að þeir hafi verið alls óhræddir, vitandi það að ef eitthvað væri athugavert við viðskiptin myndi bankinn einfaldlega bakfæra færslurnar. Bræðurnir hefðu frá upphafi látið þá skoðun sína í ljós að þeir hefðu engan áhuga á að hagnast á mistökum bankans. Bankinn hefði strax átt að hafa samband við þá og segja þeim að leiðrétta þyrfti mistökin, en ekki fara rakleiðis með málið til lögreglu.

Pétur Þ. Óskarsson, forstöðumaður kynningarmála hjá Glitni, segir að þegar starfsmenn Glitnis tóku eftir óeðlilegum viðskiptum þennan dag hafi verið haft samband við lögreglu vegna þeirra. Þar með hafi málið verið komið í rannsókn hjá lögreglu og verið alfarið úr þeirra höndum. Hann vildi ekki tjá sig um efnisatriði málsins.

stigur@frettabladid.is



**HÖFUÐSTÖÐVAR GLITNIS** Villan varð vegna mistaka við forritun. Enginn hefur verið gerður ábyrgur fyrir mistökunum. Ekki er vitað til þess að aðrir hafi nýtt sér villuna til að græða.



**JÓN HJALTASON**

## VEISTU SVARIÐ?



1 *Hvað heitir leiðtogi Sea Shepherd-samtakanna?*

2 *Hvað heitir nýjasta plata Mínuss?*

3 *Hver skrifar sjálfstætt framhald bókarinnar Indjáninn?*

SVÖRIN ERU Á BLAÐSÍÐU 38

Sunnlendingur sýknaður:

## Vissi ekki að hann hafði menn í vinnu

**VINNUMARKAÐUR** **Maður var í gær sýknaður af því að hafa haft þrjá Pólverja í byggingarvinnu án þess að þeir hefðu tilskilin atvinnuleyfi.**

**Pólverjarnir sjálfir höfðu áður verið dæmdir fyrir þetta, en dómnum var áfrýjað og þeir fóru úr landi áður en málið var tekið fyrir í Hæstarétti.**

**Hinn ákærði hélt því fram að hann hefði ekki vitað að mennirnir hefðu verið í vinnu hjá sér, því hann hefði þá verið í endurhæfingu á Reykjalundi. Mennirnir hefðu gist hjá sér og tekið upp hjá sjálfum sér að vinna.**

**Hjörtur O. Aðalsteinsson dómstjóri kvað upp sýknudóminn í Héraðsdómi Suðurlands.**

**- kóþ**



**HVALIR VIÐ BRANDENBORGARHLIÐIÐ** Mótmælendur vildu sýna hve illa væri farið með hvali. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Mótmæli gegn hvalveiðum:

## Dauðir smáhvalir í Berlín

**BERLÍN, AP** Dýraverndarsamtökin Greenpeace stóðu í gær fyrir mótmælum gegn hvalveiðum í Berlín. Sautján dauðir smáhvalir voru lagðir til sýnis á götuna rétt við Brandenborgarhliðið, sem í eina tíð stóð á mörkum Vestur- og Austur-Berlínar.

Mótmælendurnir sögðu suma hvalina hafa drepist í netum fiskveiðiskipa, en aðrir hefðu lent í skipsskrúfum og voru þeir með ljót sár á skrokknum.

Alþjóðahvalveiðinefndin kemur saman í Alaska í næstu viku og er reiknað með að Japanar fari þar fram á að bann við hvalveiðum verði afnumið.

**- gb**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Slys þegar árbakki gaf sig

Maður brotnaði á báðum ökklum þegar hann var á gangi skammt ofan við tjaldsvæðið á Laugarvatni á laugardagskvöld. Maðurinn var á gangi eftir stíg á bakka Stekkár þegar árbakkinn gaf sig og maðurinn féll niður í gjótu.




Góðar samgöngur svo við komumst fyrr heim

Heimilið er sá staður þar sem flestum líður best en við viljum einnig hafa vinnu, verslanir og menningarlíf innan seilingar. Í Urriðaholti getum við notið kyrrðar náttúru og heimilis með greitt aðgengi að helstu umferðaræðum höfuðborgarsvæðisins.

**Öll þau þægindi sem fylgja góðum samgöngum eru ómetanleg en nálægðin við náttúruna og allar þær gönguleiðir sem nágrenni Urriðavatns hefur upp á að bjóða er einstök fyrir höfuðborgarsvæðið.**

Frestur til að skila inn tilboðum í lóðir í Urriðaholti rennur út 24. maí. Hægt er að nálgast tilboðsgögn á www.urridaholt.is og hjá fasteignasölunum Eignamiðlun og Miðborg.

Þú átt heima hér



EIGNAMIÐLUN Sverrir Krisinsson, löggiltur fasteignasali Sími 588 9090

MIÐBORG fasteignasala Björn Þorri Viktorsson, löggiltur fasteignasali Sími 533 4800

URRIÐAHOLT

www.urridaholt.is

Náin tengsl við náttúru svæðisins - Stutt í útivistarperlur - Samfélagsvænt skipulag - Góðir skólar - Fjölbreytt íbúðagerð fyrir alla aldurshópa Einbýlishús - Raðhús - Fjölbýlishús - Nálægt helstu umferðaræðum - Umhverfisvænar skipulagslausnir - Barnvænt hverfi - Lifandi byggðakjarni við torg - Grænir geirar og göngustígar - Sólrík og skjólsæl byggð í suðvesturhlíð

# Ferskur fiskur

## alla daga í fiskborðum okkar

Kjöt & fisktorgið



### Ýsa í malasíukarrí

með fersku grænmeti

Sósan er löguð úr úrvals austur-lenskum kryddum og kókosmjólk. Hún er ekki uppbökuð og inniheldur engin þykkingarefni.

Frábær réttur beint í ofninn. Eldið í 200°C heitum ofni í 15-20 mínútur.



**Rúnar Gíslason**
matreiðslumeistari

*Þessi réttur svíkur engan!*

Gott er að setja ost yfir réttinn.
Hrísgrjón eru kjörið meðlæti með.

Kjöt & fisktorgið



**Steinbítur** með hvítlauk og kryddjurtum



**Lax** með chili, engifer og hvítlauk



**Lax** með kóríander og hvítlauk



**Fiskibollur** lagaðar að hætti Rúnars

*Úrval fiskrétta*

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*



**SVALANDI STURTA** Börnin nutu þess að busla í vatnagarðinum í Djakarta, höfuðborg Indónesíu, um helgina en margar fjölskyldur lögðu leið sína þangað til að svala sér í sumarhitanum. NORDICPHOTOS/AFP

Áhugahópur um verndun Jökulsánna í Skagafirði skorar á næstu ríkisstjórn:

# Ríkisstjórnin verndi jökulár

**UMHVERFISMÁL** „Við vitum ekkert hvað kemur út úr þessum stjórnarmyndunarviðræðum og viljum minna stjórnmálamenn á loforð þeirra og fyrirheit," segir Gísli Rúnar Konráðsson úr Áhugahópi um verndun Jökulsánna í Skagafirði.

Áhugahópurinn sendi í gær frá sér yfirlýsingu þar sem komandi ríkisstjórn er hvött til þess að beita sér fyrir verndun ánna og minnt á að hugmyndir um virkjun þeirra samræmist ekki yfirlýstri umhverfisstefnu Samfylkingarinnar.

Nýlega voru birtar niðurstöður skoðanakönnunar um hug íbúa á Norðausturlandi til byggingar álvers á Húsavík. Gísli segir það enga tilviljun að þær birtust núna, þegar flokkar sitji við stjórnarmyndun.

„Áróðurinn er byrjaður enn á ný af krafti fyrir álversuppbygginguna þar. Maður hefur heyrt sögusagnir um að það sé verið að búa til forsendur fyrir því að taka Húsavík fram fyrir Helguvík. Kristján Möller Samfylkingu er yfirlýstur stuðningsmaður álversins, þrátt fyrir Fagra Ísland-stefnuna," segir Gísli Rúnar og segist viss um að Kristján muni berjast fyrir álverinu. „Hann er fylginn sér hann Kristján, það sýna nú Héðinsfjarðargöngin, meðal annars," segir hann. - kóþ



**BAKKI** Hér gæti 250.000 til 300.000 tonna álver Alcoa risið. Áhugahópur um verndun Jökulsánna í Skagafirði óttast að árnar verði virkjaðar til þess að knýja verið. FRÉTTABLAÐIÐ/ÚR SAFNI

Aukning í aflaverðmæti:

## Þriðjungsaukning milli ára

**SJÁVARÚTVEGUR** **Aflaverðmæti íslenskra skipa nam 15,2 milljörðum króna á fyrstu fjórum mánuðum ársins 2007 samanborið við 11,3 milljarða á sama tímabili í fyrra. Aflaverðmætið hefur aukist um 3,9 milljarða, tæplega 35 prósent milli ára. Þetta kemur fram á vef Hagstofunnar.**

**Aflaverðmæti febrúarmánaðar nam 9,5 milljörðum en í febrúar í fyrra var það 7,7 milljarðar. Aflaverðmæti botnfisks var orðið 10,5 milljarðar í lok febrúar miðað við 8,1 milljarð á sama tíma í fyrra. Verðmæti þorskafla var 6,2 milljarðar, ýsu 2,2 milljarðar og ufsa 465 milljónir.**



**FISKUR** Fer fyrr á markað í Frakklandi með beinu flugi frá Akureyri til Belgíu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Flug milli Akureyrar og Belgíu:

## Fiskur sólarhring fyrr á markað

**SAMGÖNGUR** Nýtt fraktflugfélag, Norðanflug, ætlar að fljúga þrisvar í viku milli Akureyrar og Belgíu frá og með 3. júní.

Forsvarsmenn fyrirtækisins benda í fréttatilkynningu á að frá Belgíu sé aðeins um tveggja stunda akstur til stærsta áfangastaðar fyrir íslensk fiskflök í Frakklandi, og því hægt að stytta þann tíma sem tekur að koma afurðum frá Norðausturlandi á markað um sólarhring. - bj

Milljónaútsvarstekjur á framkvæmdatíma álvers í Helguvík:

# Álver eflir byggðina

**IÐNAÐUR** Byggð á höfuðborgarsvæðinu mun eflast með fyrirhuguðu álveri Norðuráls í Helguvík á Suðurnesjum. Frá þessu er skýrt í frummatsskýrslu um álverið sem var opinberuð í síðustu viku.

Í skýrslunni segir að álver í Helguvík muni hafa í för með sér einhverja fólksflutninga til Suðurnesja en sú staðreynd að unnt verði að sækja vinnu til Helguvíkur frá höfuðborgarsvæðinu dragi þó úr þeim miklu áhrifum sem annars gætu orðið á húsnæðismarkaðnum.

„Sé horft til byggðaþróunar á Suðvesturlandi er ljóst að fyrirhugað álver í Helguvík mun efla byggð á Suðurnesjum og einnig að einhverju leyti á höfuðborgarsvæðinu," segir í skýrslunni.

Þá kemur fram að geri megi ráð fyrir að heildartekjur sveitarfélaga af útsvari á framkvæmdatíma álversins hlaupi á hundruðum milljóna króna.

Reiknað er með að áhrifa framkvæmda gæti að tveimur þriðju hlutum í Reykjanesbæ, að fimmtungi í öðrum sveitarfélögum á Suðurnesjum og litlu innan við fimmtung á höfuðborgarsvæðinu. - bþs



**ÁLVER Í HELGUVÍK** Samkvæmt frummatsskýrslu munu áhrif þess ná til höfuðborgarsvæðisins. TÖLVUGERÐ MYND



**REYKUR STÍGUR UPP ÚR BÚÐUNUM** Stutt hlé var gert á bardögum til að flytja átján særða borgara út úr búðunum en hörð átök tóku skjótt við á ný. NORDICPHOTOS/AFP

# Blóðug átök í Nahr el-Bared

**Tugir hafa látist í átökum stjórnarhers Líbanon og herskárra íslamista í hörðustu innanlandsátökum í landinu frá því borgarastyrjöldinni lauk árið 1990.**

**LÍBANON, AP** Svartur reykur byrgði himininn yfir palestínsku flóttamannabúðunum Nahr el Bared í útjaðri Trípólí, höfuðborgar Líbanon, þar sem hörð skothríð og sprengingar ómuðu í gær meðan að átök stjórnarhers Líbanon og liðsmanna Fatah Islam héldu áfram frá deginum áður. Harðari innanlandsátök hafa ekki átt sér stað í Líbanon frá því að fimmtán ára borgarastyrjöld lauk árið 1990.

Hundruð stjórnarhermanna á skriðdrekum og vopnuðum farartækjum umkringdu flóttamannabúðirnar og snemma í gærmorgun hófu þeir skothríð á flóttamannabúðirnar sem var svarað þaðan með sprengjuvörpum. Talsmaður Fatah Islam, Abu Salim, varaði við því að ef að herinn myndi ekki láta af umsátrinu myndu samtökin herða árásir sínar. „Þetta er barátta upp á líf og dauða."

Að minnsta kosti níu óbreyttir borgarar létust í átökunum í gær og fjörutíu særðust að sögn stjórnenda í flóttamannabúðunum. Á sunnudaginn féllu tæplega fimmtíu þeirra sem tóku beinan þátt í átökunum en ekki var staðfest hvort og hve margir óbreyttir borgarar féllu í flóttamannabúðunum á sunnudaginn.

Átökin hófust þegar lögregla réðst inn á nokkra staði í Trípólí til að hafa hendur í hári nokkurra liðsmanna Fatah Islam sem grunaðir eru um aðild að bankaráni. Til skotbardaga kom og átökin undu upp á sig.

Ekki hefur áður komið til slíkra átaka á milli stjórnarhersins og herskárra hópa sem hafa myndast í palestínskum flóttamannabúðum í Líbanon þar sem tugir þúsunda búa við fátækt og glæpi. Líbanskir hermenn hafa almennt ekki leyfi til að fara inn í búðirnar.

Bandarísk stjórnvöld vörðu í gær aðgerðir líbanska hersins sem væri að beita sér „með löglegum hætti" gegn „ögrunum ofbeldisfullra öfgamanna" sem héldu til í palestínskum flóttamannabúðum.

sdg@frettabladid.is




**Ofbeldi í Líbanon**

Átök líbanska stjórnarhersins og herskárra múslima frá samtökunum Fatah íslam, sem talin eru tengjast al-Kaída, héldu áfram við palestínsku flóttamannabúðirnar Nahr el-Bared í norðurhluta Líbanon í gær. Harðari innanlandsátök hafa ekki átt sér stað frá lokum borgarastyrjaldarinnar sem geisaði í Líbanon árin 1975 til 1990.



Fyrirhugað álver í Helguvík:

# Kræklingur mælir mengun í sjó

**IÐNAÐUR** Kræklingur verður ræktaður í búrum í grennd við fyrirhugað álver í Helguvík til að fylgjast með áhrifum mengunar frá verinu á lífríki hafsins.

Magn þungmálma í mjúkvef kræklingsins verður mælt, auk þess sem öðrum aðferðum verður beitt við vöktun sjávar. Þá mun dýralæknir skoða hross sem eru á beit sumarlangt á afgirtum túnum við hesthús Hestamannafélagsins Mána áður en rekstur álversins hefst. Gefi flúormælingar í gróðri á beitarsvæðum tilefni til að ætla að hrossin gætu orðið fyrir flúorskaða verður ummerkja þess leitað á tönnum dýranna. - bþs

Lögreglurannsókn á skemmdarverkum í Álafosskvos:

# Án hjálpar er útlitið dökkt

**SKEMMDARVERK** „Því miður er útlitið dökkt í þessu, nema það komi ábendingar um það hverjir hafi verið þarna á ferð,“ segir Hörður Jóhannesson, aðalvarðstjóri lögreglunnar í Mosfellsbæ. „Við höfum ekki fengið neitt nýtt í hendurnar,“ segir hann um framgang rannsóknarinnar.

Málið er nú til meðferðar hjá rannsóknarlögreglunni á Hverfisgötu, „en það þýðir ekki að við hættum að hlusta, aldeilis ekki. Okkur svíður þetta svolítið,“ segir aðalvarðstjórinn og furðar sig á skemmdarverkunum.

Hjá rannsóknarlögreglunni var tekið undir þessi orð. Á litlu sé að byggja nema vísbendingar fáist utan frá. Verksummerki á staðnum, til að mynda skóför, dugi lítið til nema þau megi bera saman við hinn grunaða.

Í síðustu viku voru unnin skemmdarverk á einum sjö vinnuvélum verktakafyrirtækisins Magna í Álafosskvos. Rúður voru brotnar og úðað var „X-D“ á vélarnar. Eigandi fyrirtækisins metur tjónið á nokkrar milljónir króna. Skemmdarverkin voru unnin eftir að íbúar í Kvosinni höfðu mótmælt framkvæmdum um tveggja daga skeið. Enginn þeirra liggur sérstaklega undir grun. - kóþ



**ÚR ÁLAFOSSKVOS** Lögreglan í Mosfellsbæ er vonlítil um að til skemmdarvarganna náist, nema fólk komið með ábendingar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Aldraður Svíi:

# Enn í haldi mannræningja

**SVÍÞJÓÐ Aldraði Svíinn, sem rænt var í Kólumbíu í síðustu viku, er enn í haldi mannræningjanna en kólumbísk sambýliskona hans er laus úr haldi.**

**Henni tókst að flýja þegar átök brutust út milli mannræningjanna og lögreglu, að sögn vefútgáfu Dagens Nyheter.**

**Tveir mannræningjar létust í átökunum.**

**Lögregla og her leita nú að Svíanum, meðal annars með aðstoð þyrlusveita, og beinist leitin einkum að fjallasvæðinu Tierralta norðan við höfuðborgina Bogotá.** - ghs



**FORSETAR HVÍTA-RÚSSLANDS OG ÍRANS** Ahmadinejad sagði í gær að hann teldi Lúkasjenkó einn af sínum bestu vinum. NORDICPHOTOS/AFP

Bæta samband ríkjanna:

# Forseti Írans í Hvíta-Rússlandi

**HVÍTA-RÚSSLAND, AP** Samband Írans og Hvíta-Rússlands hefur náð stigi „hernaðarlega mikilvægrar samvinnu“ að sögn forseta Hvíta-Rússlands, Alexanders Lúkasjenkó.

Mahmoud Ahmadinejad, forseti Írans, kom til Hvíta-Rússlands í gær í tveggja daga heimsókn til að endurgjalda heimsókn Lúkasjenkós til Írans í nóvember. Ríkin tvö eiga það sameiginlegt að vera upp á kant við Evrópusambandið og Bandaríkin. Íran sætir viðskiptabanni Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna vegna kjarnorkuáætlunar landsins. - sdg

Kosið á Írlandi á fimmtudag:

# Gæfan að snúast Ahern í vil

**ÍRLAND, AP Íbúar tveggja lítilla eyja við norðvesturströnd Írlands, Arranmore og Tory, greiddu í gær atkvæði í þingkosningum á Írlandi, þremur dögum á undan öðrum íbúum landsins, sem ganga til atkvæðagreiðslu á fimmtudaginn. Þetta var gert til að tryggja að atkvæði eyjarskeggjanna, sem samtals eru um 700 talsins, kæmust örugglega í tæka tíð í talningu.**

**Samkvæmt nýjustu skoðanakönnunum virðist Fianna Fail, flokkur Bertie Ahern forsætisráðherra, ætla að hafa sigur þrátt fyrir að hafa stjórnað landinu í tíu ár. Allar fyrri skoðanakannanir bentu hins vegar til þess að bandalag vinstri- og miðjuflokka stjórnarandstöðunnar myndi hafa sigur á stjórninni.** - gb



**BERTIE AHERN** Hefur verið forsætisráðherra Írlands í tíu ár. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Hraðakstur í Staðardal

Fjórir ökumenn voru kærðir fyrir of hraðan akstur í nágrenni Hólmavíkur síðastliðinn laugardag. Sá sem hraðast ók var stöðvaður í Staðardal á 155 km hraða þar sem hámarkshraði er 90 km.


Orkuveita Reykjavíkur

Við viljum gera enn betur

Orkuveitan er fyrst íslenskra fyrirtækja með þá stefnu að fjölga vistvænum farartækjum í starfsemi sinni. Innan sex ára er stefnt að því að vera með að minnsta kosti 55% af bíla- og vinnuvélaflota fyrirtækisins knúin með vistvænum orkugjöfum og strax í ár mun hlutfallið verða að minnsta kosti 10%.

Orkuveita Reykjavíkur tengir heimilin við náttúruauðlindir landsins. Ábyrg stefna og umhyggja fyrir umhverfi og samfélagi er því grundvallarþáttur í starfsemi OR.

ÍSLENSKA/SIA.IS/ORK 37672 05/07



• Ökumenn OR eru sendir á vistakstursnámskeið til að stuðla að minni útblæstri frá bílaflota fyrirtækisins.

www.or.is



**ÁREYNSLUSVIPUR** Filippeyskur drengur grettir sig og fettir þegar hann reynir af öllum lífs og sálar kröftum að færa pening frá enni að munni. Keppnin var partur af götuhátíð í Manilla, höfuðborg Filippseyja. NORDICPHOTOS/AFP

Vilja 100 prósenta hækkun:

## Pólskir læknar farnir í verkfall

**PÓLLAND, AP** **Meira en 200 af 600 sjúkrahúsum Póllands veittu einungis bráðaþjónustu í gær eftir að pólskir læknar fóru í verkfall.**

**Hundrað sjúkrahús í viðbót hóta sömu aðgerðum.**

**Læknarnir krefjast rúmlega hundrað prósenta launahækkunar en mánaðarlaunin eru í dag tæplega þrjátíu þúsund krónur fyrir almenna lækna og tæp sjötíu þúsund fyrir sérfræðilækna.**

**Forsætisráðherra landsins, Jaroslaw Kaczynski, sagði að laun heilbrigðisstarfsmanna ættu að hækka en að Pólland hefði ekki ráð á að mæta kröfum læknanna.**

**Mikið er um að læknar flytjist burt frá Póllandi vegna lágra launa.** - sdg

# Fimm hundruð bíða eftir augnaðgerð

**Algeng bið eftir augnsteinaskiptum er sex til níu mánuðir. Um 39 milljónir króna þyrfti til að greiða úr biðlistum. Jens Þórisson augnlæknir segir biðina erfiða mörgum. Tæki og mannskapur séu til staðar fáist leyfi fyrir aðgerðum.**

**HEILBRIGÐISMÁL** „Afköstin hafa ekki haldið í við biðlistana og því halda þeir áfram að lengjast,“ segir Jens Þórisson augnlæknir um biðlista eftir augnsteinaskiptaaðgerð, sem gerð er þegar ský myndast á auga. Um fimm hundruð manns bíða eftir slíkri aðgerð.

Augnasteinaskipti eru gerð á þremur stöðum á landinu, St. Jósefspítala í Hafnarfirði, þar sem biðin er níu mánuðir, Landspítalanum, þar sem biðin er um hálft ár, og svo á Akureyri þar sem biðlistar eru í eðlilegu horfi, um þrír til fjórir mánuðir.

Jens segir ástæðu biðlistana vera þá að ekki fáist nægilega mörg leyfi hjá heilbrigðisráðuneytinu fyrir aðgerðum. Að sögn Jens þyrfti ekki að gera miklar breytingar til að bæta ástandið og seinagangurinn sé undarlegur.

Ský eru fjarlægð af um það bil 2.300 augum árlega. Hver aðgerð kostar um það bil 65 þúsund. Til þess að halda biðlistum í skefjum segir Jens að fjölga þyrfti leyfum fyrir augnaðgerðum um 600 á ári. Það þyrfti því um 39 milljónir til að koma hlutunum eðlilegt horf.

„Ég get ekki séð að það ætti að vera erfitt í framkvæmd, hins vegar er erfitt fyrir fólk að missa sjónina. Eldra fólk sem aðallega fær ský á auga á erfitt með að bíða mánuðum saman,“ segir Jens. Hann segir að nú sé svo komið að drjúgur tími starfsfólksins fari í að svara sjúklingum hvers vegna biðin sé svona löng. „Við vildum gera miklu betur og höfum bæði tæki og mannskap til þess,“ segir Jens.

Friðbert Jónasson, yfirlæknir á augndeild Landspítalans, tekur undir að bið eftir aðgerð sé löng en vonast til þess að hægt verði að greiða úr biðlistum eftir um það bil hálft ár. Jens Þórisson er ekki jafnbjartsýnn og bendir á að þjóðin sé að eldast og æ fleiri vilji gangast undir slíka aðgerð.

„Þetta er langur biðlisti. Það er þannig að langur listi kallar á að hann verði enn lengri því augnlæknarnir vita að það er þörf á að setja fólk snemma á listann. Ég vil alls ekki geri lítið úr bið fólks en bendi á að fólk á þessum lista er að jafnaði ekki þjáð og ekki í hættu.

Það þarf hins vegar ótrúlega lítið fjármagn til þess að hægt væri að hreinsa þessa biðlista upp og gott væri að eldri borgarar gætu notið þeirra lífsgæða að sjá,“ segir Matthías Halldórsson landlæknir.

karen@frettabladid.is



**ELDRI BORGARAR** Jens Þórisson augnlæknir segir eldra fólki reynast erfitt að missa sjónina. Auðvelt sé að fjarlægja ský af auga sem hrjáir oft eldra fólk. MYND/ÚR SAFNI



**MATTHÍAS HALLDÓRSSON LANDLÆKNIR**

Vörn gegn lyfjasvikum:

## Sjúklingar látnir sýna skilríki

**LYFJAMÁL** **Landlæknisembættið hefur ritað bréf til allra heilsugæslustöðva, þar sem læknar eru hvattir til að láta sjúklinga sem þeir þekkja ekki í sjón sýna skilríki. Brögð eru að því að fólk svíki út lyf með því að nota kennitölur annarra einstaklinga, eins og Fréttablaðið hefur greint frá. Framvísun skilríkja getur hamlað þessu.**

**Matthías Halldórsson landlæknir segir að jafnframt komi öðru hvoru upp tilvik þar sem reynt er að falsa lyfseðla með því að breyta þeim. Þá sé lögregla kvödd til og málið tilkynnt viðkomandi lækni. Nú sé verið að vinna að því að taka rafræna lyfseðla í notkun. Það verði að líkindum gert innan tveggja ára og þar með verði útilokað að breyta lyfseðlum.** - jss

Úrhellisrigning síðustu daga:

## Mikil flóð víða um Búlgaríu

**BÚLGARÍA, AP** Úrhellisrigning undanfarna þrjá daga hefur valdið gífurlegum flóðum víða um Búlgaríu. Engar fréttir hafa borist af meiðslum.

Ástandið hefur verið einna verst í höfuðborg landsins, Sofiu, og í nálægum þorpum að sögn yfirvalda.

Flætt hefur inn á tugi heimila eftir að ár hafa flætt yfir bakka sína. Nokkrir vegir eru ófærir sem hefur leitt til mikilla umferðartafa. Einhver þorp hafa einangrast eftir að brýr og vegir hafa eyðilagst í flóðum og aurskriðum.

Veðurfræðingar spá áframhaldandi rigningum næstu daga. - sdg



Vanfóðruð hross á Suðurlandi:

# Engin ákvörðun tekin um kæru

**DÝRAHALD** Enn hefur ekki verið tekin ákvörðun um hvort vanfóðrun hrossa á Suðurlandi verður kærð til lögreglu, að sögn Katrínar Andrésdóttur héraðsdýralæknis.

Um er að ræða tugi hrossa sem reyndust vera vanfóðruð og vanhirt, svo sum þeirra voru orðin grindhoruð. Lóga þurfti tveimur hrossum af þessum sökum. Aðbúnaður og fóðrun hinna sem eftir lifa hafa verið tryggð um sinn.

Níu hryssur voru fluttar í Þykkvabæ, þar sem þær eru undir ströngu eftirliti að sögn Katrínar.



**VANFÓÐRUÐ HROSS** Skjóttu og brúnu hryssunum hefur verið lógað.

Afgangurinn fór í Landeyjar, þar sem eigendur þeirra hafa aðsetur. Ekkert hross er nú á jörðinni þar sem þau voru haldin í vetur. - jss

Frakkar kjósa til þings í júní:

# Könnun Sarkozy í hag

**PARÍS, AP** UMP-flokkur Nicolas Sarkozy, forseta Frakklands, myndi hljóta fjörutíu prósenta fylgi yrði gengið til þingkosninga nú, meðan sósíalistar fengju aðeins 28 prósent samkvæmt könnun sem birt voru í gær. Kosið verður til franska þingsins í júní.

Yrði þetta niðurstaðan fengju Sarkozy og bandamenn hans 365 til 415 sæti af 577 sætum neðri deildarinnar. Sterkur þingmeirihluti er Sarkozy mikilvægur til að hrinda í framkvæmd áætlun sinni um efnahagslegar og félagslegar umbætur í Frakklandi.

Leiðtogi Sósíalistaflokksins, Francois Hollande, varaði kjósendur við því um helgina að mikill meirihluti Sarkozy og bandamanna hans myndi færa allt vald í hendur forsetanum. - sdg



**NICOLAS SARKOZY FRAKKLANDSFORSETI** Meirihluti á þingi veitir Sarkozy ótvírætt umboð til að hrinda áætlunum sínum í framkvæmd. NORDICPHOTOS/AFP

NÚTÍMALEGT LAGANÁM
SKILAR ÞÉR Í FREMSTU RÖÐ



**Við lagadeild Háskólans í Reykjavík er í boði metnaðarfullt og nútímalegt laganám sem miðar að því að útskrifaðir nemendur verði framúrskarandi lögfræðingar og í fremstu röð á sínu sviði.**
Lagadeild HR er brautryðjandi í nútímavæðingu laganáms hér á landi, hvort sem litið er til skipulags námsins eða kennsluaðferða. Vorið 2007 útskrifar lagadeild fyrstu laganemana með fullnaðarpróf í lögfræði eftir fimm ára grunn- og meistaranám.

Sérstaða lagadeildar HR:
- Lögð er áhersla á hefðbundnar greinar lögfræðinnar en einnig á nýjar kjarnagreinar s.s. skattarétt, samkeppnisrétt, fjármálaþjónusturétt, hugverkarétt o. fl.
- Stöðugt og fjölbreytt námsmat fer fram, m.a. í formi miðannarprófa og raunhæfra verkefna.
- Námið er krefjandi, hagnýtt og framsækið og fer fram undir leiðsögn afburða kennara.
- Áhersla er lögð á nútímalegt laganám sem er sniðið að þörfum atvinnulífsins og þátttöku íslenskra lögfræðinga í þeirri þróun.
- Vinnuaðstaða nemenda er til fyrirmyndar. Nemendur fá aðgangskort að skólanum. Skólinn og bókasafnið eru opin allan sólarhringinn, allan ársins hring.

**Opið fyrir umsóknir núna.**

Kynntu þér námið á heimasíðu Háskólans í Reykjavík, www.hr.is

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

OFANLEITI 2 • HÖFÐABAKKI 9 • KRINGLAN 1 • SÍMI: 599 6200 • www.hr.is



# ALVEG

## SÉRSTAKIR SUMARSÖLUDAGAR

**OPEL ZAFIRA COMFORT 1.8**



Nýskráður 06/02 - Sjálfskiptur - Ekinn 68 þús.

Verð: ~~1.380.000~~ Tilboð: 990.000

**PEUGEOT EXPERT 1.9**



Nýskráður 03/03 - Beinskiptur - Ekinn 64 þús.

Verð: ~~890.000~~ Tilboð: 640.000

**FIAT STILO**



Nýskráður 03/03 - Beinskiptur - Ekinn 35 þús.

Verð: ~~890.000~~ Tilboð: 690.000

**NISSAN ALMERA COMFORT 1.5**



Nýskráður 07/01 - Beinskiptur - Ekinn 111 þús.

Verð: ~~690.000~~ Tilboð: 440.000

**MITSUBISHI PAJERO SPORT**



Nýskráður 10/99 - Sjálfskiptur - Ekinn 131 þús.

Verð: ~~1.360.000~~ Tilboð: 980.000

**NISSAN PATROL LUXURY**



Nýskráður 10/04 - Sjálfskiptur - Ekinn 78 þús.

Verð: ~~3.570.000~~ Tilboð: 3.270.000

**OPEL ZAFIRA 1.9CDTI**



Nýskráður 08/06 - Sjálfskiptur - Ekinn 5 þús.

Verð: ~~2.990.000~~ Tilboð: 2.590.000

**OPEL ASTRA 1.6GL ENJOY**



Nýskráður 08/05 - Beinskiptur - Ekinn 17 þús.

Verð: ~~1.580.000~~ Tilboð: 1.390.000

**HYUNDAI TUCSON**



Nýskráður 08/05 - Sjálfskiptur - Ekinn 18 þús.

Verð: ~~2.880.000~~ Tilboð: 2.590.000

**NISSAN PATHFINDER LE**



Nýskráður 11/05 - Sjálfskiptur - Ekinn 22 þús.

Verð: ~~4.680.000~~ Tilboð: 4.380.000

Allt að 100% lán

# MILLJÓN!

## FERÐUMST ÓDÝRT INNANLANDS!

RÉTT Í KRINGUM

| NISSAN MURANO | CADILLAC ESCALADE 6.0 | MITSUBISHI PAJERO GLS 32” | FORD ESCAPE | SUBARU LEGACY WAGON |
|---|---|---|---|---|
|  |  |  |  |  |
| Nýskráður 01/06 - Sjálfskiptur - Ekinn 7 þús. | Nýskráður 11/02 - Sjálfskiptur - Ekinn 64 þús. | Nýskráður 12/05 -Sjálfskiptur - Ekinn 11 þús. | Nýskráður 05/06 - Sjálfskiptur - Ekinn 13 þús. | Nýskráður 01/02 - Sjálfskiptur - Ekinn 104 þús. |
| Verð: ~~4.890.000~~ Tilboð: 4.390.000 | Verð: ~~3.980.000~~ Tilboð: 3.590.000 | Verð: ~~5.080.000~~ Tilboð: 4.690.000 | Verð: ~~2.720.000~~ Tilboð: 2.420.000 | Verð: ~~1.260.000~~ Tilboð: 1.070.000 |

Nú eru **sérstakir sumarsöludagar** á notuðum bílum í öllum stærðarflokkum. Glæsilegt úrval af gæðabílum með **risaafslætti** og möguleika á 100% fjármögnun. Komdu við hjá okkur og finndu bíl sem flytur alla fjölskylduna og allt sem henni fylgir á verði sem sést ekki aftur. **Það verður ódýrt að ferðast innanlands í sumar!**

**Ingvar Helgason** | **NOTAÐIR BÍLAR** | Opið: Mán. kl. 10:00 - 18:00, þrið. - fim. kl. 9:00 - 19:00, fös. kl. 09:00 - 18:00 og lau. kl. 12:00 - 16:00.

## Svona erum við

> Akstur á hverja bifreið í kílómetrum talið.




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** BINDING KOLTVÍOXÍÐS VEGNA ÚTBLÁSTURSMENGUNAR ÖKUTÆKJA

# *Gróðursetning trjáa bætir fyrir fólksbílinn*

Ökutæki menga mismikið frá sér og er ekki hefð fyrir því á Íslandi að leiða að því sérstaklega hugann. Yfirvöld eru þó farin að taka mark á heimsendaspám vísindamanna og kynnti meirihluti borgarstjórnar nýlega að sparneytnum bílum yrði gefið ókeypis í bílastæði borgarinnar.

Einnig er nýstofnaður sjóður Landverndar og Skógræktarfélags Íslands sem kallast Kolviður. Sjóðurinn miðar að því að binda kolefni í gróðri og jarðvegi til að draga úr koltvíoxíði í andrúmslofti.

**Hvernig er hægt að binda kolefni?**
Lofttegundin koltvíoxíð kemur til dæmis úr útblæstri bíla. Hún er talin helsta gróðurhúsalofttegundin, en aukning þeirra í andrúmslofti hækkar hita lofthjúpsins. Við ljóstillífun plantna er koltvíoxíð úr andrúmslofti notað til að mynda kolvetni eða sykur. Um leið er vatnssameind klofin í frumum og losnar þá súrefni. Með því að gróðursetja tré má þannig sporna við koltvíoxíðsmengun.

**Hvað þarf að gróðursetja mikið?**
Hugmynd Kolviðar er sú að hver og einn einstaklingur láti gróðursetja tré í samræmi við mengun sína. Til þessa er boðið upp á reiknivél á heimasíðu Kolviðar. Þar má meðal annars reikna út hversu mikið fjölskyldubíllinn mengar og hversu mörg tré þarf til að „jafna“ þá mengun. Mikilvægt er að hafa í huga að útblástur bíla er mismikill og getur munað talsverðu.

Fólksbíll sem keyrir um 30.000 kílómetra á ári gæti losað um 4,6 tonn af koltvíoxíði. Meðalbinding koltvíoxíðs á hvern hektara í íslenskum skógi er talin vera um 4,4 tonn. Um 2.500 tré þarf til að mynda einn hektara skógar. Sparneytnir bílar menga auðvitað minna og telja forsvarsmenn Kolviðar að margir geti sloppið með framlag sem samsvarar einni bensínáfyllingu eða svo til að jafna sig.



Heimild: visindavefur.is, kolvidur.is

**SPURT & SVARAÐ**
SAFT-VERKEFNIÐ

## *SAFT hefur borið árangur*



**MARÍA KRISTÍN GYLFADÓTTIR**
Formaður Heimilis og skóla

SAFT-verkefnið hjá Heimili og skóla hefur gert samstarfssamning við Póst- og fjarskiptastofnun um að vinna að vitund almennings um örugga netnotkun. María Kristín Gylfadóttir er formaður Heimilis og skóla.

**Hvað er SAFT?**
SAFT er vakningarátak um ábyrga og örugga notkun á netinu og öðrum nýjum miðlum og er ætlað til að efla vitund fólks á því hvernig hægt er að njóta nýrra miðla á öruggan, jákvæðan og skemmtilegan hátt.

**Á verkefnið sér erlenda fyrirmynd?**
Verkefnið er styrkt af aðgerðaráætlun innan ESB. Sams konar verkefni eru í gangi í 25 Evrópulöndum. Hvert land mótar áætlunina sjálft og hefur einn aðila sem hefur umsjón með því. Í tilviki Íslands erum það við.

**Hefur verkefnið borið árangur?**
Já, átakið hefur skilað árangri. Við létum gera þjóðarpúls fyrir okkur og í ljós kom að 50 prósent landsmanna þekkja SAFT-vörumerkið. Við sjáum vakningu meðal foreldra og innan skóla um að vilja fræða börnin sín.



xelenta
- gjafavörur
- steinljós
- kristalljós
- marmarastyttur
- bronsstyttur
- tréstyttur
Skeifan 7 - Reykjavík - Sími: 553 2882


# Mun fleiri nauðganir tilkynntar

**Nauðgunarmálum fjölgaði mjög milli áranna 2005 og 2006. Ekki hefur verið tilkynnt um fleiri ofbeldismenn til Stígamóta í áratug en á árinu 2006. Fleiri lyfjanauðganir voru einnig tilkynntar til samtakanna og færst hefur í auka að fólk leiti sér hjálpar vegna klámvæðingar og vændis. Þetta er meðal þess sem fram kemur í ársskýrslu Stígamóta sem gerð var opinber í gær.**

Eftirspurn eftir þjónustu Stígamóta jókst mjög á síðasta ári. Guðrún Jónsdóttir, talskona samtakanna, segir fleiri á höfuðborgarsvæðinu óska eftir aðstoð og upplýsingum um starfið.

Einnig hafi verið reynt að koma til móts við það fólk sem þarfnast þjónustunnar en er búsett á landsbyggðinni. Verkefnið „Stígamót á staðinn“ var útbúið til að anna þeirri þörf en það kemst formlega á laggirnar nú á næstunni. Stígamótakonur fóru fjölmargar ferðir út á land á síðasta ári til að veita fólki sem hefur orðið fyrir ofbeldi ráðgjöf. Guðrún segir augljóst að frekari aðstoðar hafi verið þörf.

**Sláandi fjölgun tilkynntra nauðgana**
Alls voru 180 nauðganir tilkynntar til Stígamóta í fyrra og eru það 65 nauðgunum fleiri en árinu áður. Það þýðir að ein nauðgun er að meðaltali tilkynnt annan hvern dag. „Þetta eru sláandi tölur. Við verðum að fara aftur til fyrstu ára Stígamóta til að finna álíka fjölda en þá var gríðarlegur uppsafnaður vandi sem beið úrlausnar,“ segir Guðrún. Hún segir að erfitt sé að meta á tölunum hvort nauðgunum fjölgi eða hvort skýringin sé sú að fleiri konur leiti nú hjálpar eftir að hafa orðið fyrir þeim. „Þetta er mikið áhyggjuefni,“ segir Guðrún.

Í 62 tilvikum af þessum 180 nauðgunum sem tilkynntar voru var vinur eða kunningi þolandans að verki, næst á eftir voru menn sem ókunnugir voru þolandanum en þeir voru 44 talsins.

Níu hópnauðganir voru svo tilkynntar og 15 konur töldu sig hafa orðið fyrir lyfjanauðgun.

**Fleiri kærur**
Fleira fólk leitaði hjálpar Stígamóta í fyrsta skipti í fyrra en árið á undan, alls 266 manns. Kærur voru einnig hlutfallslega fleiri en árið á undan. Alls voru þær 39 eða 10,7 prósent allra mála sem komu á borð Stígamóta. Ekki liggur enn nákvæmlega fyrir hve margar þeirra enduðu með ákæru hjá lögreglu.

**Vanlíðan eftir vændi**
Afleiðingar vændis eru þær sömu og hjá fólki sem hefur orðið fyrir misnotkun. Þetta var meðal þess sem fram kom á fundi Stígamóta. Á síðasta ári leituðu tuttugu konur hjálpar vegna vændis. Þar af voru níu ný mál. Telma Ásdísardóttir, starfskona samtakanna, segir erfitt að gera sér almennilega grein fyrir umfangi vandans því þeir sem hafi leiðst út í vændi skammist sín jafnvel enn meira vegna þess heldur en að hafa orðið fyrir misnotkun. „Meginumtalsefni ráðgjafarviðtala okkar eru, það sem ég vil kalla, órökrétt skömm og sektarkennd þeirra sem hafa orðið fyrir ofbeldi,“ segir Guðrún Jónsdóttir og minnir á að þær tilfinningar eigi með réttu að þjaka geranda ofbeldisins en ekki þolanda þess.

„Við finnum fyrir því að mjög margt fólk sem hingað kemur fyrst til okkar til að reyna að vinna úr misnotkun treystir sér ekki til þess að segja frá því að það hafi verið í vændi fyrr en eftir langan tíma. Það finnur fyrir skömm vegna misnotkunarinnar en það skammast sín enn meira fyrir að hafa leiðst út í vændi,“ segir Þórunn Þórarinsdóttir, starfskona Stígamóta.

Telma segir að þjóðfélagsumræðan um að vændi sé aðeins frjálst val einstaklinganna ýti enn frekar undir þessar tilfinningar fólks.



**STARF STÍGAMÓTA Í TÖLUM** Ársskýrsla Stígamóta var gerð opinber í gær. Niðurstöðurnar þykja sláandi.

**HLUTFALL KÆRA**
**Hlutfall tilkynninga um ofbeldi til Stígamóta sem kærðar eru til lögreglu**




**TILKYNNTUM NAUÐGUNUM OG SIFJASPELLUM FJÖLGAR**




**Hótanir um myndbirtingar**
Átta konur leituðu sér aðstoðar eftir að þær höfðu orðið fyrir því að myndir af þeim í kynferðislegum stellingum væru birtar eða þær fengið hótanir um að slíku efni yrði lekið á netið. Segja Stígamótakonur að slíkt sé alvarlegt ofbeldi. Engin kæra vegna slíks máls hefur þó borist. Björgvin Björgvinsson, lögregluþjónn hjá rannsóknardeild lögreglunnar, segir að verið sé að skoða ýmis atriði í tengslum við netið hjá lögreglu og dómsmálaráðuneytinu. Von sé á niðurstöðum úr því síðar á árinu.

**Árangur starfsins**
Stígamót hafa nú verið starfandi í sautján ár. Á þeim árum hefur margt breyst til batnaðar. Neyðarmóttaka hefur verið opnuð á spítölunum og mikið verk hefur verið unnið í Barnahúsi. Tölurnar sem koma fram í ársskýrslunum sýna þó að full þörf er á að samtökin haldi áfram að vaxa. Árangurinn birtist ef til vill einna best í orðum Lovísu Christiansen, framkvæmdastjóra Krýsuvíkursamtakanna, en þau veita vímuefnaneytendum langtímameðferð. „Fólk þarf oft að grafa dýpra þegar það vill komast að rótum vanda síns. Það besta sem við höfum gert í okkar meðferðarprógrammi var að fá Stígamótakonur til liðs við okkur,“ segir Lovísa.



FRÉTTASKÝRING
KAREN D. KJARTANSDÓTTIR
karen@frettabladid.is



30-50% AFSLÁTTUR!
BAÐ
INNRÉTTINGAR
HÁGLANS
Hvítt háglans innrétting 140 x 48 sm
Ölur á MDF 125 x 48 sm
A 7121 110 breidd x 42 dýpt
50% AFSLÁTTUR!
Hvít eik á MDF 120 x 48 sm
VERTU ÞINN EIGINN ARKITEKT!
FJÖLDI UPPSTILLINGA-MÖGULEIKA
Eplaviður á MDF 152x48 sm
Ölur á MDF 182x48 sm
50% AFSLÁTTUR!
A-827 85 x 50 sm
HÁGLANS
Hvítt háglans 120x48
Hlynur á MDF 102 x 48 sm
50% AFSLÁTTUR!
A-826 60 x 50 sm
Hnota á MDF 120 x 48 sm
HÁGLANS
Hvítt háglans 60x48 sm
Kirsuberjaviður á MDF 162 x 48 sm
50% AFSLÁTTUR!
Hvít fulningur 61 x 34 sm
Horninnrétting 60 x 60 sm
Allar innréttingar afgreiddar af lager
Borðplötur, handföng, blöndunartæki og handlaugar í flestum gerðum að eigin vali
INNRÉTTINGAR & TÆKI
www.i-t.is
- fyrir þitt heimili
Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is
Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Nauðgunum fer fjölgandi:

## Hvað veldur?

KRISTÍN EVA ÞÓRHALLSDÓTTIR SKRIFAR

Kynferðislegt ofbeldi gegn konum á Íslandi fer vaxandi, samkvæmt ársskýrslu Stígamóta sem greint er frá hér í Fréttablaðinu í dag. Stingur í stúf sú gífurlega aukning sem er á nauðgunum auk þess sem hópnauðgunum hefur fjölgað. Ofbeldismennirnir eru jafnframt fleiri. Staðreyndirnar eru óhugnanlegar auk þess sem ný tegund af kynferðisglæpum gegn konum er að koma fram. Er hún rakin til klámvæðingarinnar þar sem dæmi eru um að menn hafi undir höndum myndefni af konum í kynferðislegum athöfnum sem teknar eru með eða án þeirra samþykkis. Efninu er dreift í óþökk kvennanna eða þeim hótað slíku. Má rétt ímynda sér hversu hræðilegt er að vera á valdi einhvers sem hefur slíkt efni undir höndum.

Ekki þarf að tíunda hversu alvarlegur glæpur nauðgun er. Þess vegna sætir það undrum hversu margir telja nauðgun vera að einhverju leyti sök fórnarlambsins. Könnun sem gerð var á vegum Amnesty International í Danmörku og Englandi leiddi í ljós að meirihluti karlmanna telur fórnarlambið eiga einhverja sök að máli eða alla. Hvað þýðir það? Að konan kalli það yfir sig að láta nauðga sér? Að hún eigi það skilið að láta nauðga sér ef hún höfðar til kynhvatar karla með hegðun sinni? Hvað segir það þá um karlmenn? Að þeim sé ekki sjálfrátt? Að sjálfsögðu á fórnarlambið aldrei sök að máli. Í öðrum ofbeldisglæpum eru ekki slíkar sakir bornar upp á fórnarlömbin. Skoðanir sem þessar eru þó helsta ástæða þess að fórnarlömbin þora oft ekki að tilkynna um glæpinn þar sem þau upplifa skömmina og taka á sig ábyrgð á glæpnum. Skömmin og ábyrgðin á að sjálfsögðu að liggja hjá gerandanum.

Nauðgun felur í sér algera vanvirðingu á konum, vanvirðingu á sjálfræði þeirra og frelsi. Og að sumir karlmenn skuli taka sig saman í hópum til að nauðga konu er vægast sagt ógeðslegt. Jafnframt að menn leggi það á sig að byrla ólyfjan til þess að fremja brot. Ásetningurinn og einbeittur brotaviljinn er augljós.

Í mörg ár var forvarnastarfi beint að konum og þeim ráðlagt að passa sig. Síðustu ár hefur forvarnastarfinu verið beint að karlmönnum og þeim send þau skilaboð að það sé aldrei í lagi að nauðga. Vonandi bera þau skilaboð einhvern árangur. Skilaboðin væru ef til vill skýrari ef refsingin við slíkum glæpum væri þyngri. Hefur samfélagið kallað eftir því. Það er þó ekki lausn allra mála.

Þeir sem nauðga eru karlmenn. Flestir þeirra eru undir þrítugu og heyrir það til algerra undantekninga að eldri karlmenn nauðgi. Liggur því við að spyrja hvað það er í menningu ungra karla sem veldur. Klámhugmyndafræðin á að sjálfsögðu einhvern hlut að máli, enda byggist hún á ofbeldishugmyndafræði. Samt eru það karlmenn á öllum aldri sem horfa á klám en ekki bara menn undir þrítugu.

Hvað er það í menningu karla sem veldur því að þeir nauðga? Þeirri spurningu er afar brýnt að svara.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Enn minnt á Jóhönnu

Flestir þeir sem fylgjast með pólitík muna að Jóhanna Sigurðardóttir, starfsaldursforseti Alþingis, var félagsmálaráðherra frá 1987 til 1994, þótt ártölin geti verið á reiki hjá einhverjum. Þó var það svo að í viðtali Viðskiptablaðsins við Björn Bjarnason gleymdist hún í upptalningunni um þá þingmenn Samfylkingarinnar og Vinstri grænna sem hafa setið í ríkisstjórn og voru bara Össur Skarphéðinsson og Steingrímur J. Sigfússon taldir upp. Björn endurbirti viðtalið á heimasíðu sinni, þar sem hann bætir við smá innskoti; „Í samtalinu gleymdi ég Jóhönnu Sigurðardóttur, sem var á sínum tíma ráðherra Alþýðuflokksins og er enn þingmaður Samfylkingarinnar. Innsk. fyrir netútgáfu. Bj. Bj.“



### En bara venjulegt blogg?

Í sama viðtali rifjar Björn upp Bakþanka dr. Gunna, um að heilsíðuauglýsingar gætu endað sem eins konar blogg ríku karlanna, lúxusblogg. Eftir því hefur verið tekið hve Hreinn Loftsson er snöggur til svara fyrir umbjóðendur sína, í hvert sinn sem þurfa þykir. Nú þykir bara venjulegt blogg vera góð leið til að koma sínum skoðunum á framfæri og þarf ekki lúxusblogg til. Er því beðið eftir því að Hreinn bætist við flóru bloggara og getur hann þá birt allar sínar hugleiðingar um leið og nauðsyn krefur og haft þær jafnlangar og hann vill. Hugrenningar Hreins myndu vafalítið eignast sína föstu lesendur.



### Afsakið hlé

Þegar fregnir bárust af því í gær að formenn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar myndu svara spurningum um fjögurleytið áttu flestir von á öðru en tilkynningu um hlé án ástæðu. Nú getur verið að Ingibjörg og Össur hafi bara þurft að fara og gera sig klár fyrir kveðjuhóf sem átti að halda í gærkveldi fyrir fráfarandi þingmenn flokksins, en þetta minnti óneitanlega á fyrri tíma þegar „afsakið hlé“ virtist helst birtast á skjáum landsmanna þegar spennan í sjónvarpsþættinum var að ná hámæli.

svanborg@frettabladid.is

# Til framtíðar



GRÍMUR ATLASON

Í DAG | Byggðamál

Fiskveiðistjórnunarkerfið, sem komið var á fyrir rúmum 20 árum, átti að styrkja byggðirnar og vernda fiskinn. Við lögleiðingu þessa kerfis má segja að nútímavæðing sjávarútvegsins hafi hafist og bein afskipti ríkisins fóru minnkandi með hverju árinu sem leið. Í dag er það lögmál frelsisins sem ræður ríkjum með öllum þeim kostum og göllum sem slíku fylgir. Veruleg hagræðing hefur átt sér stað í sjávarútveginum og hefur það leitt af sér meiri verðmætasköpun og meiri hagnað fyrirtækjanna.

Gallar kerfisins eru hins vegar stórkostlegir. Samþjöppunin og hagræðingin hefur komið af stað vítahring þegar kemur að verðlagningu kvóta – og gildir það jafnt um kaup og leigu. Það er hagur kvótaeigandans að hlutabréf hans, sem í þessu tilfelli eru óveiddir fiskar, hækki jafnt og þétt. Þetta hvetur til brasks því enginn ætlar sér að missa af lestinni né detta af baki ef verðin skyldu lækka. Þegar slíkt umhverfi blandast saman við óstöðugleika í efnahagslífinu eins og við höfum gengið í gengum undanfarin ár er voðinn vís.

Í dag má segja að útgerðin sé á öldutoppi. Afurðaverð er gott og kvótaverð aldrei hærra. Það eru hins vegar blikur á lofti. Hugsanlegt þykir að Hafró skeri niður hámarksafla næsta ár og krónan fer hækkandi. Það er óheilbrigt að við slíkar aðstæður sitji eitt fyrirtæki í hverju þorpi með allt atvinnulífið á staðnum í höndunum.

Leiðarahöfundur Morgunblaðsins þann 20. maí sl. ber stöðuna á Flateyri í dag saman við stöðuna í Bolungarvík árið 1993 þegar stórveldi EG sigldi í þrot. Vissulega er staðan sambærileg að því leyti að stór hluti bæjarbúa starfaði þá hjá EG líkt og hjá Kambi á Flateyri. Munurinn liggur hins vegar í þeim verðmætum sem liggja í kvótaeigninni og þeirri breytingu sem orðið hefur á veðsetningu og viðskiptum með aflaheimildir. Þeir sem stóðu að EG höfðu ekki í hyggju að leggja upp laupana en neyddust til þess, þeir áttu ekki þá útgönguleið sem blasir við eigendum Kambs. Þeir aðilar eru reyndar enn að starfa við sjávarútveg í Bolungarvík. Málin eru því í raun gjörólík. Annað fyrirtækið varð gjaldþrota á meðan hitt leggur upp laupana og fer út úr greininni með gríðarlega fjármuni vegna sölu aflaheimilda.

Það er rétt athugað hjá leiðarahöfundi Morgunblaðsins þegar hann bendir á þá staðreynd að eins sé farið víða um land. Með óbreytt fiskveiðistjórnunarkerfi má búast við því að sagan frá Flateyri endurtaki sig. Kerfið býður upp á þessa útgönguleið sem þýðir að menn geta gengið út með milljarða úr greininni og eftir situr heilt byggðarlag með sárt ennið. Úti um allt land eru strangheiðarlegir útgerðarmenn sem ætla sér fyrst og fremst að gera það sem þeir gera best: að gera út. Þeir nýta aflaheimildir sínar til fulls og eru ábyrgir atvinnurekendur. En það er því miður ekki nóg. Fiskveiðistjórnunarkerfið hefur ekki styrkt byggðirnar heldur hefur algjörlega snúist upp í andhverfu sína. Við því verður að bregðast. Það hlýtur að teljast eðlileg krafa að hér sé um eitt brýnasta verkefni nýrrar ríkisstjórnar að ræða. Það þarf að endurvekja þá byggðahugsun sem var hluti af fiskveiðistjórnarkerfinu í upphafi og styrkja forgang fólksins í sjávarbyggðunum til þess að nýta auðlindina sem er hér rétt við bæjardyrnar.

Önnur verkefni nýrrar ríkisstjórnar, vegna stöðu Vestfjarða og annarra byggða landsins, snúast um grunnþjónustu. Uppbygging grunnþjónustunnar hefur gengið það hægt á Vestfjörðum að fábreytni í atvinnulífi er staðreynd og ný fyrirtæki þurfa að stíga yfir hærri þröskulda en í öðrum landshlutum vegna ástands fjarskiptamála, lélegs vegakerfis og lélegs raforkukerfis. Þetta er hið raunverulega ástand og það þýðir ekkert að malda í móinn með það – fiskveiðistjórnunarkerfið og seinagangur við uppbyggingu á grunnþjónustunni eru helstu orsakir stöðunnar.

Í þeirri stöðu sem nú blasir við á Vestfjörðum þurfa stjórnvöld, auk þess að endurreisa byggðahugsun í fiskveiðistjórnuninni, fyrst og fremst að endurskoða samgönguáætlun frá grunni og hraða þarf verkefnum eins og frekast er unnt. Við jarðgangagerð þarf að hugsa til framtíðar, ekki aðeins til dagsins í dag og því þarf að endurskoða framkvæmdir sem nú eru á teikniborðinu og taka djarfar ákvarðanir. Einnig þarf að huga strax að því að hringtengja rafmagn og setja línur í jörðu. Það er líka kominn tími til að standa við fyrirheit um að íbúar og atvinnulíf hér hafi sambærilegan aðgang að háhraðatengingum og öðrum Íslendingum þykir sjálfsagður. Þessi brýnu verkefni hafa beðið of lengi og ættu að vera efst á forgangslista nýrrar ríkisstjórnar.

*Höfundur er bæjarstjóri Bolungarvíkur.*

# Maggie and Tony

UMRÆÐAN

Stjórnarmyndun



ÖGMUNDUR JÓNASSON

Gætu menn ímyndað sér pólitískt hjónaband Margrétar Thatcher, fyrrum leiðtoga Íhaldsflokksins breska og forsætisráðherra Bretlands, og Tony Blair, leiðtoga breska Verkamannaflokksins og núverandi forsætisráðherra Bretlands? Við fyrstu sýn mundi slíkt ef til vill þykja fjarri lagi. Ég held þó að brúðarparinu hefði þótt þetta hinn besti ráðahagur. Hermt er að hin hægrisinnaða Thatcher hafi haft meira dálæti á Blair en flestum öðrum stjórnmálamönnum og langt umfram samherja sína í pólitíkinni, til dæmis eftirmann sinn á forsætisráðherrastóli, John Major. Enda varla að undra. Blair gekk að mörgu leyti harðar fram í „Thatcherisma“ en Íhaldsflokkurinn gerði eftir hennar dag í pólitíkinni. Þá vísa ég almennt til stefnu í samfélagsmálum.

Í stefnumótun um grunnþjónustu samfélagsins hefur Verkamannaflokkurinn í stjórnartíð Blairs gengið enn lengra en Íhaldsflokkurinn gerði með svokallaðri einkaframkvæmd (Private Finance Initiative). PFI gengur yfirleitt út á það að skattborgarinn borgar fyrir veitta velferðarþjónustu en einkaaðilar framkvæma – og maka krókinn.

Skrif formanns Samfylkingarinnar um heilbrigðisþjónustuna í aðdraganda kosninganna og annarra Samfylkingarmanna áður, t.d. varaformanns þess flokks, ganga meira og minna út á þetta og falla því sem flís við rass að stefnu Sjálfstæðisflokksins um einkaframkvæmd í heilbrigðiskerfinu. Sú stefna var ítrekuð á landsfundi Sjálfstæðisflokksins í vor. Góð tíðindi fyrir starfsfólk heilbrigðisþjónustunnar? Eflaust hugsa einhverjir bisnissmenn á hvítum sloppum sér gott til glóðarinnar. Öðru gegnir um hinn almenna starfsmann, hvort sem um er að ræða lækni eða ræstitækni. Hinir síðarnefndu hafa reynsluna af „úthýsingu“ með tilheyrandi réttindamissi! Fyrir notandann, sjúklinginn og fyrir velferðarsamfélagið bendir því miður allt til þess að fyrirkomulag af þessu tagi leiði ekki einvörðungu til mismununar heldur sé það einnig dýrara fyrir greiðandann. Þetta sýnir reynslan frá Bretlandi og víðar.

En Thatcher og Blair höfðu engan áhuga á reynslunni – þau létu stjórnast af blindri hugmyndafræði. Því miður óttast ég að það geri þau líka, Geir Hilmar og Ingibjörg Sólrún.

*Höfundur er þingmaður Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs.*

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
8.056 **+0,77%**

**Fjöldi viðskipta:** 486
**Velta:** 8.563 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **ATLANTIC PETROL.** | 12,50% | **ACTAVIS** | 0,92% |
| **TEYMI** | 3,54% | | |
| **MAREL** | 1,95% | | |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** 365 3,73 +0,81% ... Actavis 86,00 -0,92% ... Alfesca 4,99 +1,63% ... Atlantic Petroleum 945,00 +12,50% ... Atorka 7,99 +0,50% ... Bakkavör 70,50 +0,71% ... Eimskipafélagið 38,60 +0,26% ... FL Group 29,20 +1,39% ... Glitnir 26,95 +0,19% ... Kaupþing 1.098 +0,83% ... Landsbankinn 36,90 +1,37% ... Marel 83,60 +1,95% ... Mosaic Fashions 17,00 +0,59% ... Straumur-Burðarás 21,10 +0,96% ... Össur 111,50 +0,00%

# Fjárfesta í neytendageiranum

Eignarhaldsfélagið Arev og Icebank hafa stofnað nýjan einkafjármagnssjóð, Arev N1. Sjóðurinn hefur allt að þrjá milljarða króna til fjárfestinga í íslenskum neytendavörufyrirtækjum á sviði heildsölu, smásölu og þjónustu. Þetta mun vera eini sjóðurinn með þessu sniði hérlendis sem fjárfestir í neytendavörufyrirtækjum.

Elín Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Arev, segir mikla fjárfestingarmöguleika í geiranum enda hafi fáir sjóðir komið að honum með sama hætti og Arev N1.

Einkafjármagnssjóðurinn mun fjárfesta fyrir 50 til 200 milljónir króna að jafnaði í hverju því fyrirtæki sem uppfyllir skilyrði hans en jafnan er um að ræða fyrirtæki sem hyggja á breytingar eða sjá fram á mikinn vöxt og þurfa því á fjármagni að halda. Kaupin nema um þrjátíu til fimmtíu prósentum af hlutafé fyrirtækja og er stefnt að því að eiga hann í nokkur ár. Með fjárfestingunni kemur einstaklingur frá sjóðnum í stjórn fyrirtækjanna og mun hann vinna náið með stjórnendum fyrirtækja sem sjóðurinn fjárfestir í.

Arev N1 er byggður á grunni eignasafns sem Eignarhaldsfélagið Arev hefur byggt upp í gegnum árin en í því eru fyrirtæki á borð við Áltak, Sól, Vínkaup, Yggdrasil og Lífsins tré. **- jab**



**SJÓÐURINN STOFNAÐUR** Gunnar Svavarsson, framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs Icebank, og Elín Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Arev.



**KAUPIN HANDSÖLUÐ** Snorri Sigurðsson, framkvæmdastjóri Sólar, og Guðbrandur Sigurðsson, forstjóri Auðhumlu.

# Sól kaupir Emmessís

Gengið hefur verið frá samkomulagi milli Auðhumlu svf., móðurfélags Mjólkursamsölunnar, og Sólar ehf. um kaup þess síðarnefnda á Emmessís hf. Fram kemur í tilkynningu að samkomulag hafi verið undirritað með fyrirvara um áreiðanleikakönnun. Kaupverð er sagt trúnaðarmál.

Snorri Sigurðsson, framkvæmdastjóri Sólar, fagnar kaupunum á Emmessís, einu þekktasta vörumerki landsins. „Vörurnar eru framleiddar úr hreinum íslenskum landbúnaðarafurðum sem eiga góða samleið með þeirri vöru sem Sól framleiðir í dag,“ er eftir honum haft. Rekstur ísgerðarinnar verður áfram að Bitruhálsi 1, en stefnt er að sameiningu félaganna í lok ársins. Fyrirtækjaráðgjöf SPRON sá um sölu félagsins og verðbréfafyrirtækið Arev fjármagnaði kaupin. **- óká**

# Risasamruni á Ítalíu

Stjórn ítalska bankans Unicredit greindi frá því um helgina að samningar hefðu náðst um kaup á ítalska bankanum Capitalia. Kaupverð, sem greiðist að öllu leyti með hlutafé, nemur 22 milljörðum evra, jafnvirði 1.882 milljarða íslenskra króna. Hluthafar beggja banka eiga þó eftir að samþykkja viðskiptin.

Með kaupunum verður til stærsti banki á evrusvæðinu að markaðsvirði, sem nemur rúmum 100 milljörðum evra, jafnvirði 8.554 milljarða íslenskra króna. Þá verður hann næststærsti banki Evrópu á eftir HBSC.

Unicredit og Capitali reka 9.200 útibú víða um heim og hafa fjörutíu milljónir viðskiptavina. **- jab**

# Actavis kemur að lyfi í BNA

Actavis hefur hafið sölu á þvagfæralyfinu Finasteride í Bandaríkjunum eftir að hafa fengið samþykki bandarísku matvæla- og lyfjastofnunarinnar, FDA. Finasteride er notað við góðkynja stækkun í blöðruhálskirtli.

Í tilkynningu Actavis kemur fram að Finasteride sé sjötta samheitalyfið sem félagið markaðssetji í Bandaríkjunum á þessu ári, en ætlunin sé að koma með átján til tuttugu lyf á markaðinn í ár.

Actavis er í hópi fimm samheitalyfjafyrirtækja sem hafa markaðssett lyfið en einkaleyfið rann út í júní í fyrra. **- óká**

Veistu hvert þú átt að leita?

Þjónustuveitan www.island.is er leiðarvísir að opinberri þjónustu. Þar er hægt að finna hagnýtar upplýsingar um þá málaflokka sem vefurinn nær til.

Á þjónustuveitunni er aðgengi að nánast öllum eyðublöðum ríkisins á einum stað og fjöldi tilvísana í efni og þjónustu sem finna má á vefjum hins opinbera.



island.is
Hvar, hvernig, hvert?

Himinn og haf / SÍA



*Hjartkær eiginmaður minn,*

**Helgi Hallsson**

frá Siglufirði, Víðilundi 24, Akureyri,

lést á Hjúkrunarheimilinu Seli laugardaginn 19. maí.

Útförin verður auglýst síðar.

**Edda Indriðadóttir.**

---



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Þórmundur Hjálmtýsson**

Gullsmára 7,

lést á Líknardeild LHS í Kópavogi þann 19. maí síðastliðinn. Jarðsungið verður frá Digraneskirkju fimmtudaginn 24. maí kl. 11.00.

**Hólmfríður Jóna Arndal Jónsdóttir**
**Óskar Herbert Þórmundsson** **Helga Ragnarsdóttir**
**Sigurjón Þórmundsson** **Ragnheiður Lilja Georgsdóttir**
**Þórður Rúnar Þórmundsson** **Ingibjörg Harðardóttir**
**Jóhanna S. Hannesdóttir**
**Sjöfn Sóley Þórmundsdóttir** **Gunnar Þór Magnússon**
**Fanney Þórmundsdóttir** **Hilmar Jóhannesson**
**Sigurbjörn Jakob Þórmundsson** **Anna Guðný Friðleifsdóttir**
**Bjarni Gaukur Þórmundsson** **Sóley Ægisdóttir**
**Barnabörn, barnabarnabörn og aðrir aðstandendur.**

---



*Eiginmaður minn, faðir og tengdafaðir,*

**Karl Magnússon**

Tröð, Fróðárhreppi,

lést laugardaginn 19. maí á St. Franciskusspítalanum í Stykkishólmi. Útförin fer fram frá Ólafsvíkurkirkju föstudaginn 25. maí kl. 13.30.

**Hallfríður Eiðsdóttir**
**Hrafnhildur Karlsdóttir**
**Hörður Karlsson** **Sigurborg Leifsdóttir**

---



*Ástkær faðir okkar, sonur, tengdafaðir og afi,*

**Róbert Kárason**

Frostafold 6, Reykjavík, áður til heimilis að Ásgarði á Svalbarðsströnd,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans við Hringbraut þriðjudaginn 15. maí sl. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 24. maí kl. 13:00. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hans er bent á Hjartavernd.

**Hlíf Harpa Róbertsdóttir**
**Arna Vala Róbertsdóttir** **Elías Már Hallgrímsson**
**Páll Róbertsson** **Auður Sólmundsdóttir**
**Heiðdís Ellen Róbertsdóttir**
**Arnfríður Róbertsdóttir**
**og barnabörn.**

---


**Það sem hafa ber í huga varðandi andlát og útför**


Sverrir Einarsson


Hermann Jónasson


Geir Harðarson


Bryndís Valbjarnardóttir

**ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS**
Suðurhlíð 35 Fossvogi • www.utforin.is
Vaktsími: **581 3300 & 896 8242 • Sólarhringsvakt**
**Komum heim til aðstandenda ef óskað er**
Kistur • Krossar • Sálmaskrár • Duftker • Blóm • Fáni • Gestabók • Erfidrykkja • Prestur
Kirkja • Legstaður • Tónlist • Tilkynningar í fjölmiðla • Landsbyggðarþjónusta • Líkflutningar


---



*„Það er aðeins einn afkimi alheimsins sem þú getur verið viss um að geta bætt – og sá afkimi er þitt eigið sjálf.“ Aldous Huxley*

***Aldous Huxley, enskur rithöfundur og gagnrýnandi (1894-1963)***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST 22.MAÍ 1992**

## *Johnny Carson lætur af störfum*



**JOHNNY CARSON**

Að kvöldi þessa dags árið 1992 steig Johnny nokkur Carson í síðasta sinn á stokk til að stjórna sjónvarpsþættinum The Tonight Show í Bandaríkjunum. Um þrjátíu ára skeið, frá árunum 1962-1992, stjórnaði Carson þættinum og öðlaðist gríðarlegar vinsældir.

Carson, sem fæddist hinn 23. október árið 1925, hóf skemmtanaferil sinn sem töframaður en hann byrjaði aðeins fjórtán ára gamall að koma fram opinberlega þar sem hann sýndi margvísleg töfrabrögð. Eftir herþjónustu í seinni heimsstyrjöld og að háskólamenntun lokinni hóf hann störf við fjölmiðla og naut fljótlega töluverðra vinsælda sem útvarpsmaður, sérstaklega fyrir grínþættina Carson's Cellar.

Í október árið 1962 gerðist hann stjórnandi The Tonight Show og ásamt aðstoðarmanni sínum, Ed McMahon, hélt hann uppi fjörinu næstu þrjá áratugina.

Á hverju kvöldi settust milljónir Bandaríkjamanna fyrir framan skjáinn og fylgdust með því sem Carson bauð upp á; Viðtöl, grínþættir, tónlist og margt fleira ásamt persónutöfrum hans gerðu þáttinn með vinsælasta skemmtiefni sem gert hefur verið.

Þegar Johnny Carson lét af störfum hinn 22. maí árið 1992 tók Jay Leno við stjórninni, en Johnny Carson lést hinn 23. janúar árið 2005.

HJÚKRUNARHEIMILIÐ SUNNUHLÍÐ: Á 25 ÁRA STARFSAFMÆLI

# Boðið verður upp á gott kaffi



**AFMÆLI UNDIRBÚIÐ** Guðjón Magnússon, formaður Sunnuhlíðarsamtakanna, Jóhann Árnason framkvæmdastjóri og Dagmar Matthíasdóttir hjúkrunarforstjóri. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hjúkrunarheimilið Sunnuhlíð í Kópavogi á 25 ára starfsafmæli um þessar mundir. Það var í lok maí árið 1982 sem fyrsti íbúinn, Þórður Þorsteinsson á Sæbóli, fyrrverandi hreppstjóri Kópavogshrepps, var innritaður. Þar með var fyrsta sérhannaða hjúkrunarheimili landsins komið í notkun. Núverandi formaður Sunnuhlíðarsamtakanna er Guðjón Magnússon og hann lýsir upphafinu svo:

„Það voru níu félagasamtök í Kópavogi sem stofnuðu Sunnuhlíðarsamtökin því þörfin á hjúkrunarheimili fyrir aldraða Kópavogsbúa var orðin knýjandi. Sunnuhlíð var fyrsta heimilið sem hannað var með þarfir aldraðra sjúklinga í huga. Með því var lögð sú lína að einbeita sér að uppbyggingu og rekstri slíkra heimila í landinu í stað þess að teppa sjúkrarúm spítala fyrir langlegusjúklinga.“

Sunnuhlíð stendur nærri voginum í túni gamla Kópavogsbæjarins. „Já, við erum á frábærum stað,“ segir Guðjón og horfir fram á stækkun heimilisins en nú eru rúmin á hjúkrunarheimilinu 72, þar af 39 í fjölbýli. „Krafa nútímafólks er einbýli fyrir hvern og einn og hana viljum við uppfylla en um leið fækkar rúmum. Þess vegna er brýnt að stækka heimilið og við höfum óskað eftir að bæjaryfirvöld í Kópavogi styðji okkur í þeim umbótum,“ segir hann.

Í Sunnuhlíð er sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfun og í þjónustukjarna er hársnyrtistofa og fótaaðgerðastofa. Sjúkravinir á vegum Rauðakrossdeildar Kópavogs hafa í fjölda ára heimsótt íbúa Sunnuhlíðar og séð um upplestur og samveru. Inn af setustofu er svo lítil kapella og þangað koma sóknarprestar Kópavogs vikulega að sjá um helgistund með íbúum.

Guðjón segir Sunnuhlíðarsamtökin snúast um rekstur hjúkrunarheimilisins, dagvistar og 102 íbúða fyrir aldraða. „Við fengum úthlutað lóð undir 70 þjónustuíbúðir og ætlum að hefja byggingu þeirra seinna á þessu ári,“ lýsir hann. „Eftirspurn eftir íbúðum er mikil og biðlistar langir því öldruðum Kópavogsbúum fjölgar hratt.“ En munu samtökin ekki gera sér dagamun í tilefni 25 ára afmælis hjúkrunarheimilisins?

„Jú, við ætlum að bjóða heimilisfólki, aðstandendum og fulltrúum Kópavogsbæjar í kaffi hinn 31. maí. Það verður ekkert stærra enda er fjárhagurinn mjög þröngur. Heimilið er rekið með framlagi ríkisins sem greiðir með hverjum vistmanni og eins og staðan er í dag þá nægir það ekki fyrir þeirri þjónustu sem við veitum.“

**gun@frettabladid.is**

---



*Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug við útför*

**Kristjáns Benediktssonar**

Hólmavaði.

Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga fyrir alúð og góða umönnun.

**Helga Baldursdóttir**
**og fjölskylda.**

---

*Elskulegur eiginmaður minn,*

**Gunnar Hjálmarsson**

Víðihvammi 24, Kópavogi,

lést þ. 18. maí á gjörgæslu Landspítalans við Hringbraut. Útförin verður auglýst síðar.

F. h. aðstandenda,

**Þórey Þórðardóttir**

---



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Jensína Þóra Guðmundsdóttir**

Reynihvammi 29, Kópavogi,

lést að heimili sínu aðfaranótt 20. maí.

**Katrín A. Magnúsdóttir** **Jack D. Sublett**
**Unnur Magnúsdóttir** **Sævar Þór Sigurgeirsson**
**Þórhildur Magnúsdóttir** **Einar Finnbogason**
**Andrés Magnússon** **Guðrún Brynjólfsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Ástkær sonur minn, bróðir okkar og mágur,*

**Ásþór Sigurðsson**

verkstjóri, Garðarsbraut 77, Húsavík,

verður jarðsunginn frá Húsavíkurkirkju laugardaginn 26. maí kl. 14.

**Jóhanna Sigfúsdóttir**
**Ólafur Ármann Sigurðsson** **Þórunn Ástrós Sigurðardóttir**
**Guðrún Sigurðardóttir**
**Óðinn Sigurðsson**
**Edda Sigurðardóttir** **Jón Pétursson**
**Margrét Sigurðardóttir** **Árni Grétar Gunnarsson**
**Klara Valgerður Sigurðardóttir** **Hafliði Jónsson**
**Þorsteinunn Rut Sigurðardóttir**



**Meðferðarheimilið** Laugarásvegi 71 fékk góða gjöf frá Olís á dögunum. Voru það fánastöng og íslenski fáninn sem dreginn var að húni í tilefni dagsins. Meðferðarheimilið er ein af starfseiningum geðsviðs Landspítala – háskólasjúkrahúss en Kleppur heldur upp á 100 ára afmæli um helgina.

**Hildur Kristjánsdóttir** ljósmóðir var nýlega valin formaður Norðurlandasamtaka ljósmæðra. Þetta er í fyrsta sinn í 57 ára sögu samtakanna sem Íslendingur skipar það sæti.



**Diskpör** sem mynda eina heild með skemmtilegum myndum eru eitt af því sem finna má á vefsíðunni www.mattjsmith.com. Hægt er að fá diskana með ýmsum myndum og getur borðbúnaðurinn þannig orðið að prýðisumræðuefni í matarboðinu.

Hvað er að frétta?
Beint í farsímann eða í vefpósti_
www.visir.is
vísir
Fyrstur með fréttirnar!



Unnur dansar nú í sýningunni Gretti í Borgarleikhúsinu og tók þátt í uppfærslu á Cats eftir Andrew Lloyd Webber í Danmörku í ársbyrjun. Hér sést hún til hægri ásamt Riinu Turunen, sem kennir með henni í sumar. Hægt er að afla sér frekari upplýsinga um námskeiðin og skrá sig á þau með því að senda tölvupóst á unnsadans@hotmail.com. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Öll orkan í kennsluna

*Unnur Elísabet Gunnarsdóttir hefur æft dans í nítján ár og miðlar af reynslu sinni á námskeiðum fyrir krakka í sumar.*

„Ég verð með dansnámskeið í sumar í Ballettskóla Guðbjargar Björgvinsdóttur ásamt Riinu Turunen, fyrir krakka á aldrinum tíu til tólf ára og þrettán til sextán ára," segir Unnur Elísabet Gunnarsdóttir dansari. „Boðið verður upp á tvö námskeið fyrir hvorn hóp: ballett, nútímadans og djassballett á báðum námskeiðum fyrri hópsins en námskeið þess síðari skiptist í ballett annars vegar og nútímadans og djassballett hins vegar."

Unnur hlakkar til sumarsins og kvíðir ekki fyrir að kenna ólíkar dansgreinar, enda er hún búin að lifa og hrærast í dansi frá unga aldri. „Ég er búin að æfa klassískan ballett síðan ég var fjögurra ára. Svo komst ég inn í Konunglega sænska ballettskólann fimmtán ára eftir nám í Listdansskóla Íslands og dansaði þar allan liðlangan daginn næstu þrjú árin: klassískan ballett, djassballett og nútímadans. Ég bætti síðan í reynslusarpinn þegar ég dansaði með Íslenska dansflokknum, þar til ég meiddist illa á hné. Ég er smám saman að skríða saman eftir meiðslin og set bara alla orkuna í kennsluna."

Unnur kveður starfið afar gjöfult, þótt það geti stundum verið krefjandi. „Ég hef mjög gaman af því að kenna krökkum. Við Riina, sem útskrifaðist með mér úr Konunglega sænska ballettskólanum, vorum með sams konar námskeið í fyrra og þau heppnuðust vel. Það kemur fyrir að einhverjir séu feimnir í byrjun, en þeir losna oftast fljótt við feimnina. Í lok hvers námskeiðs höldum við síðan danssýningu, svona hálfgerða uppskeruhátíð, fyrir foreldra og aðra aðstandendur."

*roald@frettabladid.is*



Í verslun okkar í Ármúla 18 finnur þú fjölbreytt úrval vandraðra gólfefna. Að auki veitum við faglega rágjöf við val þeirra og lagningu.
GÓLFEFNI
TEPPALAND
ÁRMÚLA 18,108 REYKJAVÍK, SÍMI 515 9800
OPIÐ VIRKA DAGA FRÁ 8-18

MAÍ
Kafbátur mánaðarins
BMT
...með öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða
SUBWAY
6 tommu bátur
kr. 299
Gildir í maí 2007
Gildir ekki með öðrum tilboðum
Gildir ekki í Stjörnumáli

Faxafeni • Kringlunni • Smáralind • Austurstræti • Hamraborg Kópav. • Hringbraut 121 • Spönginni Grafarvogi
Kaupvangsstræti Akureyri • Hafnargötu Keflavík • Eyrarvegi 2 Selfossi • Dalbraut 1 Akranesi
N1 Ártúnshöfða • N1 Borgartúni • N1 Hringbraut • N1 Reykjavíkurv. Hafnarfirði • N1 Mosfellsbæ

**Tóbaksvarnarlögin** breytast hinn 1. júní. Þá verða reykingar bannaðar í þjónusturými veitinga- og skemmtistaða á Íslandi. Nánar má fræðast um reykingabannið á www.lydheilsustod.is



# Sjúkranudd er fyrirbyggjandi meðferð

***Sjúkranudd getur linað verki og spennu tengda hversdags- og atvinnulífinu. Ekki er allt nudd sjúkranudd.***

Sjúkranudd á sér langa sögu og er meðal elstu meðferðarforma sem vitað er með vissu að maðurinn hafi beitt í lækningaskyni. Öfugt við margar lækningameðferðir er það algjörlega einstaklingsmiðað og byggir á skoðun á hverju tilfelli fyrir sig. „Sjúkranudd byggist mikið á fyrirbyggjandi aðgerðum sem stuðla að minni þörf á lyfjum og að halda líkamanum góðum,“ segir Elsa Lára Arnardóttir, sjúkranuddari og formaður Sjúkranuddarafélags Íslands. „Við fáumst við ýmis vandamál. Stoðvandamál eru algeng, sömuleiðis gigt, mígreni og vöðvabólgur.“

Sænskt nudd er grunnurinn í sjúkranuddi en sjúkranuddarar beita ýmsum öðrum aðferðum samhliða því, þar á meðal bandvefsnuddi, triggerpunkta-meðferð, notkun á heitum og köldum bökstrum, vatnsmeðferð, vaxmeðferð, hreyfingarfræði, bjúgmeðferð, teygjum og styrkjandi æfingum, fræðslu og mörgu fleiru. „Sjúkranudd er góður kostur til að lina verki og óþægindi í mjúkvefjum líkamans og spennu tengda hversdags- og atvinnulífi,“ segir Elsa. „Sjúkranudd getur komið í veg fyrir til dæmis verki sem stafa af misbeitingu, einnig álagseinkenni vegna streitu, meiðsla, sjúkdóma, íþróttaiðkunar eða áverka.“

Sjúkranuddari er lögverndað starfsheiti en nokkuð hefur borið á að fólk sem ekki hefur tilskilin leyfi bjóði upp á sjúkranudd. „Fólk ætti að vera meðvitað um hvert það er að fara og hvernig meðferð það er að sækjast eftir. Margar stofur auglýsa að þær hafi sjúkranuddara innanborðs, sem reynist svo ekki þegar betur er að gáð,“ segir Elsa. „Það er ekki sama nudd og sjúkranudd og fólk á rétt á að fá bestu mögulegu meðferð.“

tryggvi@frettabladid.is



Elsa Lára segir eitt af markmiðum sjúkranudds sé að losa fólk undan því að taka óþarfa lyf. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Fólk með minnissjúkdóm upplifir sig smám saman missa tengsl við umhverfið.

## Hlustun mikilvæg

LÍÐAN SJÚKLINGA MEÐ ALZHEIMER ER EFNI OPINS FYRIRLESTURS SEM HEFST KL. 15 Í DAG Á 1. HÆÐ AÐ EIRÍKSGÖTU 34.

„Hlustað á rödd einstaklings með minnissjúkdóm“ er yfirskrift fyrirlesturs fræðimannanna Ann Bossen og Janet Specht frá Iowa-háskóla. Þær Ann og Janet fjalla meðal annars um niðurstöður úr nýlegum rannsóknum sem gerðar hafa verið á sjúklingum á fyrri stigum Alzheimersjúkdómsins. Þar eru skoðuð atriði eins og frumkvæði, skilningur, líkamsþjálfun og lífsstíll, félagslegt umhverfi, endurhæfing minnis og þekkingaröflun. Einnig munu þær skýra frá aðferðum sem hvetja til aukinnar virkni og þátttöku einstaklinga með Alzheimer í daglegu lífi og tengja umræðuna við menntun og rannsóknir á fræðasviðinu. Fyrirlesturinn verður í dag í stofu 101 á 1. hæð í Eirbergi, Eiríksgötu 34, milli kl. 15 og 16.30. Hann er á ensku og allir eru velkomnir.


STAFGANGA Í LAUGARDAL
Stafgöngunámskeið hefst 29. maí n.k.
TÍMAR FYRIR BYRJENDUR: þriðjud- og fimmtudaga kl 17:30
TÍMAR FYRIR LENGRA KOMNA: þriðjud- og fimmtudaga kl 17:30
SKRÁNING OG NÁNARI UPPLÝSINGAR Á: www.stafganga.is
GUÐNÝ ARADÓTTIR * stafgönguþjálfi * sími 616 8595
JÓNA H. BJARNADÓTTIR * stafgönguþjálfi * sími 694 3571
STAFGANGA – áhrifarík leið til líkamsræktar

Flott í sumar
Ný tæki - Léttari greiðslur
LÉTTARI GREIÐSLUR
SLENDERTONE FLEX 4.995.- kr. á mán í 3 mán. - Verð kr. 14.985.-
SLENDERTONE MAX 6.665.- kr. á mán í 3 mán. - Verð kr. 19.995.-
allt fyrir kroppinn
HREYSTI Skeifunni 19 - S. 568 1717

Ómissandi í sumar!
Með hverri keyptri Sólarsælu eða Nærandi morgunfrúarolíu fylgir frír varasalvi frá Purity Herbs!
KAUPAUKI
www.purityherbs.is

ertu óvinsæll í rúminu?
snoreeze
auðveld leið til að hætta að hrjóta

Gaman saman
- mæðgur saman í leik!
-Þetta námskeið er falleg gjöf frá mömmu til dóttur.
Námskeið fyrir mæðgur á öllum aldri til þess að leika sér saman, efla tengsl og auka gleðileg samskipti.
Námskeið
laugardaginn 2. júní klukkan 13-17
Gerðubergi Reykjavík
Skráning í síma 848 5366 - www.pulsinn.is
Púlsinn námskeið

ÓTRÚLEG ÚTSALA Á SKÓM
:OUTLET FISKISLÓÐ 75
ALVÖRU SKÓMARKAÐUR
STÆRÐIR 36-41 1.900,-
STÆRÐIR 36-41 3.900,-
STÆRÐIR 27-35 2.900,-
STÆRÐIR 31-47,7 4.000,-
OPNUNARTÍMI:
Mán.-Fös. 13:00-18:00
Lau. 12:00-16:00
Fiskislóð 75 (út á Granda), 101 Reykjavík, s:514-4407
X18 SKECHERS every

Embla
Fyrir konur á breytingaskeiði
JURTA APOTEK KOLBRÚN GRASALÆKNIR
Laugavegi 2 • 101 Reykjavík
Sími 552 1103 • www.jurtaapotek.is

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

B Stress
fyrir fólk undir álagi
Heilsuhornið
Póstsendum um land allt
s: 462 1889 • heilsuhorn@simnet.is • www.simnet/heilsuhorn

**Garðurinn,** svalirnar og garðskálinn gefa heimilinu skemmtilegan blæ á sumrin. Fallegar luktir, kerti og garðhúsgögn gefa tóninn fyrir velheppnað sumar.






**Bjóðum efni í vönduð íbúðarhús og sumarhús úr finnskri furu (Lapplandsfura).**

Hagstætt verð og mikil gæði.

Upplýsingar um verð og tegundir hjá

**G.Pálsson ehf.**

**Símar : 462 2272 og 896 0423.**



allt auglýsingasími 550 5880




## Pizza Pizza

FLATBÖKUSKURÐUR VERÐUR LEIKUR EINN.

Pepe pizzugerðarmaður heldur á pizzaskurðarhníf sem ætti að gera flatbökuáhugamanninum lífið auðveldara. Í stað þess að hakka með venjulegum hníf í gegnum álegg og botn, rennur pizzahnífurinn auðveldlega í gegnum bökuna. Þessi skemmtilegi hnífur fæst í Debenhams á 999 krónur.

# Græddur er geymdur eyrir

***Hver króna telur.***

Í hverju barnaherbergi leynist líklega í það minnsta einn baukur. Við viljum kenna hinum verðandi launþegum að peningar vaxa ekki á trjánum. Yfirdráttur er á þessum tímapunkti ekki inni í myndinni heldur telur hver króna sem spöruð er.





Bangsimon og félagar prýða þennan bauk sem tekur töluvert magn af klinki. Söstrene Grene, 236 krónur.

Peningabíllinn lætur ekki auðveldlega ræna sig. Söstrene Grene, 177 krónur.

Súrrealískur beljubaukur sem varðveitir krónur og aura. Tiger, 400 krónur.



Tvífættu grísirnir eru agalega sætir en inni í bauknum leynist glaðningur í formi grísabolla. Tveir grísir í einu höggi. Söstrene Grene, 459 krónur.


nettoline
AUÐVELT · FLJÓTLEGT · ÓDÝRT



**Þitt er valið!**
Þú velur um að kaupa innréttinguna í ósamsettum einingum, eða lætur okkur um samsetninguna. Að sjálfsögðu önnumst við líka uppsetningu og endanlegan frágang fyrir þá sem þess óska - fullkomin þjónusta, eigið verkstæði

**Við hönnum og teiknum fyrir þig!**
Komdu með málin af eldhúsinu, baðinu, þvottahúsinu, anddyrinu eða svefnherbergjunum - og við hönnum, teiknum og gerum þér hagstætt tilboð í glæsilega danska innréttingu í hæsta gæðaflokki.

20%
Allar **Nettoline** innréttingar með 20% afslætti í 3 vikur
(Tilboðið stendur 10. - 31. maí)
Á tilboðsdögum veitum við einnig 20% afslátt af raftækjum, þegar þau eru keypt með innréttingu



ELBA
Eldavélar · Ofnar · Helluborð · Viftur & háfar · Uppþvottavélar · Snaigė · Westinghouse · Kæli- og frystiskápar

20% það munar um minna!

Virka daga kl. 9-18
Laugard. kl. 10-16

Friform
Askalind 3 · 201 Kópavogur · Sími: 562 1500



KitchenAid
matvinnsluvélin

Stórkostlegt tæki
fyrir heilsu- og matgæðinga nútímans!



**Vél úr stáli - sterk og stöndug**
Tveggja hólfa ílagshólf • 3 misstórar skálar (0.9 - 2.4 og 2.8 lítra)
Snertirofar • Eggjaþeytari • Sítrónupressa • 3 hnífar • Rifjárn
Stálhnífur og deigblað

Fæst í burstuðu stáli, hvítu og rauðu

Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 · Símar: 520 7901 & 520 7900 · ef@ef.is · www.ef.is

HAFÐU BÁÐAR HENDUR Á STÝRI

www.rs.is

*Nú getur þú hringt og svarað símtölum með GPS tækinu!*




**Garmin nüvi 660**

Það er vit í Garmin nüvi sem ferðafélaga. Garmin nüvi er GPS leiðsögutæki með korti af allri Evrópu, með stórum skjá en fer vel í vasa. Tækið inniheldur m.a. MP3 spilara, ljósmyndarýni, reiknivél, gengisreikni, heimsklukku, orðabók, ferðahandbók og einingabreyti. Tækið er einnig með Bluetooth þannig að það nýtist sem handfrjáls búnaður við GSM í bílnum.

GARMIN. Bluetooth VÉLASALAN radiomidun R. SIGMUNDSSON

**Umboðsmenn** **Akureyri:** Haftækni · **Blönduós:** Krákur · **Egilsstaðir:** Bílanaust · **Grundarfjörður:** Mareind · **Ísafjörður:** Bensínstöðin · **Reyðarfjörður:** Veiðiflugan · **Selfoss:** Hársnyrtistofa Leifs **Vestmannaeyjar:** Geisli · **Reykjavík:** Arctic Trucks, Bílanaust, Elko, Everest, Gísli Jónsson, Hlað, Intersport, Stormur, Toyota aukahlutir, Útilíf, Vesturröst, Yamaha · **Fríhöfnin**

ÁNANAUSTUM 1 | 101 REYKJAVÍK | SÍMI 520 0000 | www.garmin.is


# Endurfundir í Aþenu

**ÞRIÐJUDAGUR 22. MAÍ 2007**






# Leiðin í úrslitaleikinn

Leiðin í úrslitaleikinn er löng og torfarin. Bæði Liverpool og AC Milan hafa fundið fyrir því og þurftu bæði lið að fara gegnum forkeppni til að komast í Meistaradeildina. Reyndar var lengi vel útlit fyrir að Milan fengi ekki að keppa vegna dómarahneykslisins á Ítalíu en eftir nokkurt stapp fékk félagið grænt ljós.

Liverpool lenti í miklu basli í forkeppninni og vann Maccabi Haifa samanlagt 3-2 á ósannfærandi hátt. Annað var uppi á teningnum í riðlakeppninni og vann Liverpool sinn riðil nokkuð örugglega.

AC Milan sigraði serbneska liðið Crvena Zvezda 3-1 samanlagt í undankeppni og líkt og Liverpool vann liðið riðil sinn nokkuð örugglega. Milan-menn gátu leyft sér að slappa af í seinni umferð riðilsins og töpuðu þeir tveimur síðustu leikjunum. Næsti tapleikur kom hinsvegar ekki fyrr en í undanúrslitum á Old Trafford, 2-3.





## AC Milan





## Liverpool

### AC Milan

**RIÐLAKEPPNI**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Milan - Lille | 0-2 | AEK - Milan | 1-0 |
| Milan - Anderlecht | 4-1 | Anderlecht - Milan | 0-1 |
| Lille - Milan | 0-0 | AEK - Milan | 3-0 |

**16 LIÐA ÚRSLIT**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Celtic - Milan | 0-0 | Milan - Celtic | 1-0 |

**8 LIÐA ÚRSLIT**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Milan - Bayern | 2-2 | Bayern - Milan | 0-2 |

**UNDANÚRSLIT**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Man United - Milan | 3-2 | Milan - Man United | 3-0 |

### Liverpool

**RIÐLAKEPPNI**

| | | | |
|---|---|---|---|
| PSV - Liverpool | 0-0 | Liverpool - Galatasaray | 3-2 |
| Bordeaux - Liverpool | 0-1 | Liverpool - Bordeaux | 3-0 |
| Liverpool - PSV | 2-0 | Galatasaray - Liverpool | 3-2 |

**16 LIÐA ÚRSLIT:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Barcelona - Liverpool | 1-2 | Liverpool - Barcelona | 0-1 |

**8 LIÐA ÚRSLIT:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| PSV - Liverpool | 0-3 | Liverpool - PSV | 1-0 |

**UNDANÚRSLIT:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Chelsea - Liverpool | 1-0 | Liverpool - Chelsea | 1-0 (4-1) |

**●BETRA FÓTBOLTALIÐIÐ VINNUR**

Fáir fylgjast betur með boltanum en þeir sem sitja yfir öllum leikjum og lýsa því sem fyrir augu ber. Þetta eru mennirnir sem vita hvað þeir eru að tala um, eða öllu heldur vinna við það að þykjast vita hvað þeir eru að tala um.

Hörður Magnússon og Valtýr Björn Valtýsson voru beðnir um að spá fyrir um úrslit leiksins og láta hjartað frekar en heilann ráða spánni.

**HÖRÐUR MAGNÚSSON:**

Við töpum aldrei úrslitaleikjum og það verður engin undantekning á því. Þetta fer 2-0 fyrir Liverpool, Gerrard og Riise skora.

**VALTÝR BJÖRN:**

Þetta leggst illa í mig og ég er mjög smeykur fyrir hönd minna manna. Ég trúi því samt að betra fótboltaliðið vinni og þetta fari 3-1 fyrir Milan og að Kaká skori tvö.



# Meira en bikar að veði

Það er draumur hvers knattspyrnumanns að vinna Meistaradeildina. Sumir hafa þó meira að sanna en aðrir, sumir eiga harma að hefna og aðrir vilja veita sínum nánustu innblástur.

Craig Bellamy er afar skrautlegur leikmaður. Hann var seldur frá Newcastle vegna þess hve óvinsæll hann var, hann hefur átt misjöfnu gengi að fagna hjá Liverpool og svo keyrði allt um þverbak er hann lamdi liðsfélaga sinn John Arne Riise með golfkylfu vegna þess að hann neitaði að syngja í karókí. „Þetta er augnablikið mitt. Ef þetta gengur eftir verður allt sem ég hef gert, allt ruglið sem ég hef gengið í gegnum, þess virði,“ sagði Bellamy.

Paolo Maldini á harma að hefna á móti Liverpool og þó svo að fáir hafi meiri reynslu en hann verður enginn hungraðri í sigur. „Ég hef tapað ýmsum úrslitaleikjum en engum eins og leiknum við Liverpool fyrir tveimur árum. Ég geri hvað sem er til að bæta upp fyrir það,“ sagði Maldini við blaðamenn á dögunum.

Faðir Dirk Kuyt berst nú við krabbamein og segist Kuyt yngri vilja vinna leikinn fyrir pabba gamla. Barátta föðurins veiti innblástur og þennan innblástur vilji hann gefa til baka. „Pabbi er of veikur til að ferðast en hann mun horfa á leikinn í sjónvarpi hjá mér í Liverpool og ég vil koma með bikarinn heim fyrir hann svo hann geti fagnað með okkur öllum,“ sagði Kuyt. *- tg*



Craig Bellamy



Paolo Maldini

**● MILAN GETUR UNNIÐ BIKARINN Í ÞRIÐJA SINN** Árið 1992 var fyrirkomulagi Evrópukeppni meistaraliða breytt og Meistaradeildin varð til. Fyrstu keppnina vann Marseille og urðu Frakkar því fyrstir til að hampa Meistaradeildarbikarnum. Með sanni má segja að bikarinn hafi farið heim því það voru Frakkar sem voru upphafsmenn Evrópukeppninnar árið 1955.

Fyrsta Evrópukeppnin var 16 liða mót. Í keppninni voru ekki einungis meistaralið heldur var liðum sem talin voru höfða mest til áhorfenda boðið að taka þátt.

Real Madrid vann fyrstu keppnina. Liðið vann reyndar Evrópukeppnina fyrstu fimm árin sem hún var haldin og hefur ekkert lið náð slíkum árangri síðar. Real Madrid er því sigursælasta félag Evrópukeppninnar og reyndar einnig Meistaradeildarinnar því það hefur unnið hana þrisvar. Milan getur með sigri á morgun jafnað þann árangur og fengið dolluna í þriðja sinn.






# Fyrirliði



Við hjá TVG-Zimsen höfum verið leiðandi í flutningsmiðlun frá árinu 1894. Það er því vel við hæfi að knattspyrnufyrirliðinn kunni úr KR, Gunnlaugur Jónsson, sé í okkar liði, en hann er starfsmaður í þjónustudeild. Metnaðarfullt fólk sækir í að vera í vinningsliði hvar sem það kemur – og þegar skoðuð er reynsla í flutningsmiðlun, þá berum við hjá TVG tvímælalaust fyrirliðabandið.

Hafðu samband! Við finnum réttu lausnina, hvort sem hún snýr að flugfrakt, sjófrakt, tollafgreiðslu eða útflutningi.

TVG-Zimsen Korngörðum 2, 104 Reykjavík • Sími 5 600 700 • www.tvg.is

**TVG-ZIMSEN**
SÍÐAN 1894



Minnistöflur
Umboðs- og söluaðili
Birkiaska ehf.
sími: 551 9239
www.birkiaska.is
FOSFOSER MEMORY
Valið fæðubótarefni ársins 2002 í Finnlandi



Birkiaska
Umboðs- og söluaðili
Birkiaska ehf.
sími: 551 9239
www.birkiaska.is
BETUSAN

HPI Savage X 4,1 RTR
Fjarstýrður bensín-torfærutrukkur
Nú á lækkuðu verði 48.900,-
SAVAGE X

TÓMSTUNDAHÚSIÐ
Tómstundahúsið
Nethyl 2
Sími 5870600
www.tomstundahusid.is

STÝRISENDAR, SPINDILKÚLUR OG FÓÐRINGAR
í jeppa í miklu úrvali
Japan/U.S.A.

FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.
Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000




●**FJÓRÐI ÚRSLITALEIKUR EVRÓPUKEPPNI Í AÞENU** Úrslitaleikur Meistaradeildarinnar í ár fer fram á Ólympíuleikvanginum í Aþenu, höfuðborg Grikklands. Völlurinn tekur tæplega 70.000 manns í sæti og löngu er uppselt á leikinn.

Þetta er fjórði úrslitaleikur Evrópukeppni sem fram fer á vellinum. Árið 1982 bar Hamburger SV sigurorð af Juventus 1-0 í Evrópukeppni meistaraliða, Ajax sigraði Lokomotiv Leipzig í úrslitum Evrópukeppni bikarhafa árið 1987 og árið 1994 vann AC Milan yfirburðasigur á Barcelona 4-0 í Evrópukeppni meistaraliða. Völlurinn er heimavöllur bæði AEK og Panathinaikos en Milan spilaði einmitt við AEK á vellinum í riðlakeppninni í ár og tapaði 0-1.

Leikurinn hefst klukkan 19.45 og er að sjálfsögðu í beinni á Sýn.



●**HVERJIR LEGGJA UPP MÖRKIN?**
Tölfræðin segir okkur að líklegast sé að þeir Finnan og Seedorf leggi upp mörk liðsfélaga sinna í úrslitaleiknum. Þeir hafa lagt upp fjögur mörk hvor, en sá sem flestar stoðsendingar á í keppninni þetta árið er hinn síungi Ryan Giggs, sjö stykki.

**Flestar stoðsendingar:**

| | | |
|---|---|---|
| 7 | **Ryan Giggs** | Man. United |
| 5 | **Juninho Pernambucano** | Lyon |
| 5 | **Cristiano Ronaldo** | Man. United |
| 4 | **Steve Finnan** | Liverpool |
| 4 | **Clarence Seedorf** | Milan |

●**LIVERPOOL OG MILAN SKORA JAFN MIKIÐ**
Bæði Liverpool og Milan hafa skorað átján mörk í keppninni. Þetta þýðir að liðin hafa skorað að jafnaði 1,5 mörk í leik. Það lið sem skoraði flest mörk í leik er gamli risinn Real Madrid, 2,2 mörk í leik, en lestina rekur Levski með eitt mark í allri kepninni, sem er 0,17 mörk í leik.



**Markahæstu liðin:**

| Lið | Mörk í leik | Mörk í keppni |
|---|---|---|
| **Real Madrid** | 2,2 | 18 |
| **Man. United** | 1,9 | 23 |
| **Barcelona** | 1,8 | 14 |
| **Bayern** | 1,6 | 16 |
| **Valencia** | 1,6 | 16 |
| **Liverpool** | 1,5 | 18 |
| **Lyon** | 1,5 | 12 |
| **Milan** | 1,5 | 18 |

●**MARKASKORARAR**
Kaká er sá leikmaður sem skorað hefur flest mörk í Meistaradeildinni, tíu talsins. Næstur á eftir honum kemur Peter Crouch með sex mörk. Kaká hefur einnig átt flest skot á mark en hann hefur reynt fyrir sér 27 sinnum.



Sá Liverpool-maður sem oftast hefur skotið á mark er Steven Gerrard með 13 skot.

**Markahæstu menn:**

| | | |
|---|---|---|
| 10 | **Kaká** | Milan |
| 6 | **Crouch** | Liverpool |
| 6 | **v. Nistelrooy** | Real Madrid |
| 6 | **Morientes** | Valencia |
| 6 | **Drogba** | Chelsea |



●**TÆKLINGAR OG BROT**
Bæði Milan og Liverpool eru frekar prúð lið ef marka má fjölda brota í leik. Sér í lagi Liverpool, sem er í fjórða sæti yfir prúðustu liðin með einungis 13 aukaspyrnur dæmdar á sig í leik.

Prúðasta liðið í keppninni er PSV með 10,7 brot í leik en grófastir eru liðsmenn Shaktar Donetsk.

**Grófustu liðin:**

| Lið | Brot í leik | Heildarbrot |
|---|---|---|
| **Shakhtar** | 23 | 138 |
| **Steaua** | 22,3 | 134 |
| **Hamburg** | 18,8 | 113 |
| **Sporting** | 18,7 | 112 |
| **Bremen** | 18,5 | 111 |



Grillveisla Sægreifans
Hin fullkomna humarsúpa
samkvæmt New York Times
Opið 7-21 alla daga vikunnar
Humarsúpa
Fiskur á grillið
Sægreifinn
Sérverslun með sjávarfang
Verbúð 8 við Geirsgötu, 101 Reykjavík, Sími 553 1500




Heilbrigði og almenn hreysti
getur haft stór áhrif á lífsgæði og hamingju.
Grunninn leggur þú í nýrri og glæsilegri
líkamsræktarstöð, **Silfur Sporti**, þar sem
boðið er upp á einkaþjálfun, ráðgjöf, fullkominn tækjasal,
upphitun og þol, lyftingasal og próteinbar,
svo eitthvað sé nefnt.

Í **Silfur Sporti** er lögð sérstök áhersla
á persónulega þjónustu og stresslaust umhverfi.

Leggðu grunninn
að heilbrigðri sál í hraustum líkama.

Silfur Sport

Hátún 12 • 105 Reykjavík • Sími 551 0011
www.silfursport.is • silfursport@silfursport.is

# Stjörnurnar sem geta skipt öllu máli

**Í stórleikjum, líkt og úrslitaleikur Meistaradeildar Evrópu er, eiga stóru nöfnin það oftar en ekki til að sanna ágæti sitt. Í leik Liverpool og AC Milan í Aþenu eru flestir á því að baráttan á milli Steven Gerrard og Kaká sé lykilatriði sem gæti ráðið úrslitum leiksins, og það ekki að ósekju.**

Gerrard er leiðtogi Liverpool innan vallar sem utan og liðið horfir til þess að hann leiði það til sögulegs sigurs í Aþenu. Hinn 26 ára gamli fyrirliði leiddi liðið einmitt til ótrúlegustu endurkomu í sögu knattspyrnunnar í úrslitaleiknum í Istanbúl fyrir tveimur árum og ef dramatíkin í Aþenu verður í hálfkvisti á við dramatíkina í Istanbúl eiga knattspyrnuáhugamenn von á góðu. Leikmenn Milan hafa svo sannarlega ekki gleymt hinum örlagaríka maídegi á Atatürkvellinum og leita nú hefnda í Grikklandi.

Gerrard verður að öllum líkindum á hægri kantinum í leiknum, staða sem hann þrífst ágætlega í en hans uppáhaldsstaða er inni á miðri miðjunni. Drifkrafturinn í honum er þó slíkur að hann er stanslaust að úti um allan völl og yfirferðin á honum er með ólíkindum. Hann er því síður en svo bundinn við kantstöðuna og búast má við því að hann hrelli Kaká, sem er mun sóknarsinnaðri en Gerrard.

Brasilíumaðurinn Kaká kann best við sig fyrir aftan fremstu menn en hefur reyndar spilað frammi undanfarið. Líklegt er að svo verði áfram enda hefur Kaká verið duglegur að skora í keppninni. Hæfileikar hans eru ótvíræðir og skottæknin og yfirsjónin eru hans helstu vopn.

Kaká ólst upp í meðal efnafólks í Brasilíu en hinn 25 ára gamli Ricardo Izecson dos Santos Leite, eins og hann heitir réttu nafni, gekk í raðir AC Milan árið 2003. Flestir eru á því að hann sé einn af allra bestu leikmönnum heimsins í dag. Kaká og Gerrard bera mikla virðingu hvor fyrir öðrum og nýverið hafði Brasilíumaðurinn þetta að segja um Englendinginn:

„Ég hrífst mjög af Gerrard, bæði sem leikmanni og sem persónu. Hann er leikmaður sem getur ráðið úrslitum. Hann er með nútímalegan stíl í því hvernig hlaup hann tekur, verst, hvernig hann sendir boltann og gefur fyrirgjafir. Hann skorar mörk og er leiðtogi innan vallar sem utan hjá Liverpool. Hann er leikmaður sem ég vildi gjarnan hafa í mínu liði.“

Gerrard hefur áður hrósað Kaká en hann kýs frekar að einblína ekki á einn leikmann heldur liðsheildina sjálfa. „Ég er búinn að horfa mikið á Milan-liðið á þessu tímabili. Það er öðruvísi en árið 2005 en er enn mjög sterkt. Leikmenn Milan sýndu það gegn Manchester United að þeir eru enn með frábært lið og eiga mikla virðingu skilið. Hana fá þeir í leiknum en við óttumst þá svo sannarlega ekki. Við erum líka með gott lið og allir eru sannfærðir um að við getum klárað verkefnið. Það sem skiptir öllu máli er að undirbúa sig rétt og að við sýnum sömu takta í þessum leik og við höfum gert í öðrum leikjum í Meistaradeildinni á tímabilinu. Ef við gerum það í Aþenu verður leikurinn erfiður fyrir Milan og við erum sannfærðir um að við getum hampað bikarnum aftur,“ sagði Gerrard.

Hvorugt liðið treystir á einhvern einn einstakling til að ráða úrslitum í Aþenu en þessir tveir frábæru leikmenn geta svo sannarlega skipt sköpum í leiknum. *- hþh*



**Baráttan var í algleymingi í Istanbul árið 2005. Hér sækir Gerrard hart að Kaká í leiknum margfræga en þessir tveir frábæru leikmenn munu eigast aftur við á Ólympíuleikvanginum í Aþenu á miðvikudag þar sem búast má við svipaðri baráttu.**



**Alonso skorar hér þriðja mark Liverpool og gerir eina ótrúlegustu endurkomu knattspyrnusögunnar að veruleika.** NORDICPHOTO/GETTY IMAGES

# Ógleymanlegt kvöld

Þeir gerast ekki dramatískari úrslitaleikirnir en leikur Milan og Liverpool í Istanbúl 2005. Milan hafði algjöra yfirburði í fyrri hálfleik eftir að fyrirliðinn Paolo Maldini kom liðinu yfir á fyrstu mínútu leiksins.

Miðjumenn Liverpool voru álíka líflegir og smjörstykki og Kaká fékk að leika lausum hala. Áður en dómarinn flautaði til hálfleiks var Hernan Crespo búinn að skora tvö mörk til viðbótar og staðan var orðin 3-0 og ekkert benti til annars en öruggs stórsigurs Milan.

En Liverpool hafði sýnt það í viðureignum sínum við Juventus og Chelsea að liðið er ekki auðunnið. Á einhvern ótrúlegan hátt náði liðið að komast aftur inn í leikinn með mörkum frá Gerrard og Smicer. Liverpool fékk svo vítaspyrnu og til að kóróna ótrúlega endurkomu skoraði Alonso úr frákastinu eftir að Dida hafði varið vítaspyrnu hans.

Milan sótti án afláts í framlengingu og varði Dudek nokkrum sinnum á ótrúlegan hátt. Það kom reyndar í ljós að hann tók út markvörslukvótann fyrir næstu ár í þessum leik en það er önnur saga.

Í vítaspyrnukeppninni byrjuðu Milan-menn illa og klúðruðu Serginho og Pirlo fyrstu tveimur spyrnunum. Liverpool-menn létu pressuna ekki fara með sig og skoruðu Hamann og Cisse úr sínum spyrnum. Svo var komið að norræna framlaginu í vítaspyrnukeppninni og skoraði Jon Dahl Tomasson fyrir Milan á meðan Riise missti marks fyrir Liverpool.

Bæði Kaká og Smicer skoruðu úr sínum spyrnum en svo var komið að hetju kvöldsins, Dudek, að verja vítaspyrnu Shevchenko og tryggja Liverpool sigurinn.

Frammistaða beggja liða gerði þetta kvöld í Istanbúl að einu af ógleymanlegustu kvöldum knattspyrnusögunnar. *- tg*


Pace Á ÍSLANDI
Endurnýjunar- og viðhaldskerfi fyrir þök



**Svo einföld getur lausnin á þakleka þínum verið**



**Eins og regnhlíf ver Pace® þakvarnarkerfið þakið fyrir raka og ryði.** Hin teygjanlega, samskeytalausa gúmmíhúð er mikið hagkvæmari kostur en að skipta um þak. Sparaðu með Pace®.



Fáðu þakið metið strax í dag þér að kostnaðalausu
696 7282
pace@coat.is

Pace umboðið: Sími: 696 7282 · Fax: 517 9277 · pace@coat.is


adidas
Behind a perfect performance is a thousand mistakes
Martine Muncaster, professional dancer.
Impossible is nothing.
© 2006 adidas AG. adidas, the 3-Bars logo and the 3-Stripes mark are registered trademarks of the adidas Group.
adidas.com/women
SMÁRALIND SÍMI 545 1550 GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 KRINGLUNNI SÍMI 545 1580
ÚTILÍF




Himinn og haf / SÍA



Heimurinn er lítill þegar hugsað er stórt. Það gerum við!

Eimskip er með 184 skrifstofur í 31 landi, rekur 45 skip, 25 flugvélar og 1350 flutningabíla og tengivagna. Hjá félaginu starfa um 9500 manns. Starfsemi okkar snertir því, beint eða óbeint, daglegt líf fólks í öllum heimshlutum.

. . . hugsum stórt

EIMSKIP

Korngörðum 2   104 Reykjavík   Sími 525 7000   Fax 525 7709   www.eimskip.is

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Dýrahald

**Hundasýning Hundaræktarfélags Íslands**
**Sýningin fer fram í Reiðhöllinni Víðidal 23. - 24. júní 2007. Hundar með ættbók frá HRFÍ eða félögum viðurkenndum af HRFÍ hafa þátttökurétt. Skráning og nánari uppl. á www.hrfi.is Skráningarfrestur rennur út 25. maí**

Chihuahua hvolpar til sölu. Upplýsingar gefur Anna síma 868 6058 eða á gessi@simnet.is

Kolsvört kettlingafull læða með hálfa rófu saknar eiganda síns. Uppl í s. 6987349

Til sölu 9.mán hundur Popilon, örmerkur, bólusettur, hreinræktaður með ættarbók. Uppl. í s. 555 1495 eftir kl. 18.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

Gisting á Menorca Mahon, Costa Brava - Playja de Aro og Valladolid. Barcelona laus í haust. Uppl. í s. 899 5863 www.helenjonsson.ws

**Orlofshús á Akureyri**
Til leigu orlofshús, 4 km frá Akureyri. leo79@internet.is - S. 897 5300, Leó.

## Ýmislegt

Til sölu: CDP-100 Casio Hljómborð. Fæst á góðu verði s: 867-8719.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Herbergi til leigu fyrir kvk í vesturbænum. Með aðgang að öllu. Laus frá 1 júni. Uppl. í s. 824 2732 & 517 2732.

Íbúð til leigu í Breiðholti. Við höfum 3 herbergja íbúð til leiguíbúðin er fullbúinn húsgögnum og heimilistækjum. 2 herbergi 2 rúm í hverju herbergi stór stofa, eldhús, þvottahús og baðherbergi.leiguverð 130,000 pr mánuð. og trgging 130,000. Innifalið rafmagn, hiti, og hússjóður. Leigutími eftir samkomulagi laus 1 júní upplísingar á e-mail maggiv@internet.is

Falleg 3. herb. ris íbúð í Mávahlíð til leigu. Langtímaleiga og leigist frá 1 júní. Trygging er skilirði. Uppl. í síma 669 9836 & 693 1742.

3ja herb. 80 fm íbúð í 107 R. Til leigu frá 1 júní. V. 120 þús. á mán. Uppl. í s. 551 4981 & 692 8226.

Til leigu 2.herb íbúð á Akureyri frá 1 júni til 1 sept. Garður, sér inng., gott útsýni og húsgögn geta fylgt. S. 867 3910.

## Húsnæði óskast

Ungt para leitar að stúdíó eða 2 herb. íbúð. Erum með kisu. Skilvísum greiðslum heitið. Uppl. gefur Kristín 845 3511 eða Hörður 847 7520.

Kona óskar eftir bjartri fallegri 2ja-3ja herb. íbúd i Rvk. strax eda frá 1/6 Greidslug. 80-90.000 á mán. Reglus. og skilv. gr. S. 6151039

Par óskar eftir að taka á leigu 2-3 herbergja íbúð í miðbænum eða nágrenni til a.m.k. eins árs. Greiðslugeta 90.000kr. Skilvísum greiðslum og reglusemi heitið. Uppl. í s. 699 6457 eða bjarnibass@t-online.de

## Sumarbústaðir



Til leigu glæsilegir vel búnir 2-4 manna sumarbústaðir 55 km frá Reykjavík. Fjölbreytt afþreying í nágrenninu, m.a. sund, golf og veiði. Uppl. í síma 663 2712

## Geymsluhúsnæði




Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**AVM Starfsmannalausnir geta fundið fyrir ykkur frábæra starfskrafta frá Englandi**
**-bæði karla og konur, svo sem byggingariðnaði, matreiðslufólk, þjónustufólk, fólk úr tölvugeiranum. Öll hafa mikla reynslu á sínu sviði. AVM Starfsmannalausnir geta boðið upp á lausráðna starfsmenn til skamms tíma, þegar um veikindi, frí eða skamman fyrirvara er að ræða. Við komum vel fram við starfsfólk okkar & afköstin eru eftir því.**
**Sjáið síðuna okkar www.avm.is eða hringið í Alan 897 8978 email avm@avm.is**

**Vantar þig vinnu?**
Okkur vantar hresst fólk í sal, eldhús og uppvask. Kvöld- og helgarvinna. Umsóknir liggja frammi í Skipholti 19. Upplýsingar gefur Haukur í s. 660 1143 & 552 2211.

**Matreiðslumaður.**
**Óskum eftir matreiðslumanni til sumarafleysinga í 6 vikur í sumar.**
**Uppl. veita Valur Sveinbjörnsson og Guðbjörg Vignisdóttir sími 4112500.**
**Netf. gudbjorg.vignisdottir@reykjavik.is**

**Aðhlynning vaktavinna.**
**Óskum eftir starfsfólki við aðhlynningu í Þjónustuíbúðum Dalbraut 27,**
**bæði fastar stöður og sumarafleysingar. Um er að ræða 80% stöður dag og kvöldvaktir, unnið aðra hvora helgi.**
**Uppl. veita Guðbjörg Vignisdóttir og Guðný Pálsdóttir sími 4112500.**
**Netf. gudbjorg.vignisdottir@reykjavik.is**

**Foldaskálinn Grafarvogi**
**Óskar eftir starfsfólki í sumarstarf.**
**Áhugasamir hafi samband við Óskar í síma 897 7466.**

**Englakroppar Heilsustúdíó Snyrtistofa**
**Vantar hrest starfsfólk í hlutastarf frá 16-20 virka daga. Ekki yngri en 20 ára.**
**Uppl. í s. 663 3053.**

**Meiraprófsbílstjóri**
**Vanan meiraprófsbílstjóra vantar á trailer. Þarf helst að vera með vinnuvélaréttindi.**
**Uppl. í s. 822 2660.**

**Meiraprófsbílstjórar**
**Vífilfell hf óskar eftir að ráða meiraprófsbílstjóra í sumarstörf. Hægt er að sækja um á heimasíðunni vifilfell.is auk þess liggja umsóknareyðublöð frammi í afgreiðslu Vífilfells Stuðlahálsi, Nánari upplýsigar gefnar í síma 5252500.**

**Bakaríið hjá Jóa Fel**
**CHCEMY ZATRUDNIC LUDZI DO PRACY W NASZEJ PIEKARNI. MILE WIDZIANI SA MEZCZYZNI, A TAKZE KOBIETY. DOBRE WYNAGRODZENIE ZA DOBRA PRACE,ORAZ MILA ATMOSFERA PRACY PROSIMY DZWONIC JOA FEL 897 94 93 LUB PROSIC LINDE 863 75 79**
**LINDE 863 75 79**

**Símadömur óskast**
Rauða Torgið leitar samstarfs við glaðlyndar símadömur. Nánari upplýsingar á www.raudatorgid.is

**Djarfar upptökur óskast**
Rauða Torgið vill kaupa djarfar upptökur kvenna. Nánari uppl. á www.raudatorgid.is og í s. 535-9969.

**Vantar aðstoðarmann**
í vélsmiðju. Upplýsingar í síma 897 2206.

Óska eftir trésmið eða vönum manni í vinnu sem fyrst. 8990724

Vantar mann með meirapróf eftir kl 17. Í útkeyrslu. Uppl. í s. 894 7271.

**Vilt þú tryggja þér sumarvinnu?**
Skalli Hraunbæ óskar eftir starfsfólki í kvöld- helgar og dagvinnu nú þegar og í sumar. Upplýsingar í s. 567 2880.

**Góð aukavinna !**
Óska eftir fólki í símasölu á mjög góðri vöru 2-3 kvöld í viku, unnið frá kl. 18-22. Uppl. í s. 553 9600 frá kl. 12-22.

Veitingahús óskar eftir starfsfóllki í sal. Hlutastörf. Upplýsingar á staðnum. Kína Húsið, Lækjargötu 8. S. 551 1014.

**Bakarar bakarar !**
Óska eftir að ráða bakara, bakaranema eða aðstoðar mann í bakarí. Uppl. Gefur Guðmundur í síma 892 1031.

**Hellulagnir**
Óskum eftir manni vönum hellulögnum. Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Uppl. í s. 897 4583.

**Verslunin Tiger**
óskar eftir starfskrafti í verslun okkar á laugavegi frá 1. júlí. Einnig lausar stöður í helgarstörf. Uppl. veitir Sandra í s. 660 8211.

## Atvinna óskast




## Viðskiptatækifæri

Vantar vélstjóra á Litlaberg ÁR-155 sem gerir út frá Þorlákshöfn. Vélastærð 368 kW (500 hö). Uppl. í s. 898 3285.

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið

Síðastliðið föstudagskvöld týndist svört snyrtibudda í miðbænum. Vinsamlega hringið í síma 661-1108 ef einhver hefur fundið hana.

## Einkamál






## Bílstjórar og gröfumenn

Vegna aukinna verkefna vantar bílstjóra á krókheysis- og dráttabíla til starfa strax. Einnig vantar okkur vana gröfumenn. Góð laun í boði fyrir rétta menn.

Upplýsingar gefnar í síma 896 3801 eða 896 3806. Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu félagsins **www.gtverktakar.is**

## Múrarar

Erum með vana múrara sem óska eftir mikilli vinnu.

Upplýsingar í síma 840 1616.
**Kraftafl ehf**

## PÍPARAR

Erum með vana pípara sem óska eftir mikilli vinnu

**Upplýsingar í síma 840 1616 Kraftafl ehf**

## Smiðir og verkamenn óskast.

Í gluggaísetningar og klæðningar.
Mikil vinna framundan.

Upplýsingar í síma: 899-4406

## Hotelstörf - Jobs in Hotel

Óskum að ráða starfskrafta í sumarstörf :

**Gestamóttöku / Reception :**
• Góð tölvu og ensku kunnátta áskilin
• Sjálfstæð vinnubrögð og studvísi
• Vaktavinna
• 21 ára og eldri, reyklaus

**Ræstingar / Cleaning :**
• Reynsla æskileg
• Stundvísi og reyklaus

Upplýsingar í síma 664-5902 eða sendið umsókn á hotelsmari@hotelsmari.is

## Súfistinn Hafnarfirði

Laust er til umsóknar 100% starf afgreiðslu og þjónustu

Vinnutími er tvisvar í viku,frá 9-24 og önnur hver helgi, laugardaga frá 9-17 og sunnudaga 11-17.

Upplýsingar um starfið veitir Anna í s. 699 3742.

Umsóknareyðublöð liggja frammi á Súfistanum, Hafnarfirði og á **www.sufistinn.is**

## HVASSALEITISSKÓLI

VELLÍÐAN - AGI - ÁRANGUR



### Hvassaleitisskóli 40 ára

Föstudaginn 25. maí n.k. stendur Foreldra- og kennarafélag Hvassaleitisskóla fyrir vor- og afmælishátíð skólans.

Hátíðarhöldin munu standa yfir frá kl. 17:00-19:00 í Hvassaleitisskóla v/Stóragerði.

Á hátíðinni verða sýndar svipmyndir af sögu skólans, leiktæki verða fyrir börnin auk þess sem landsþekktir skemmtikraftar skemmta gestum.

Fyrrum nemendur skólans og fjölskyldur þeirra, eru boðnir sérstaklega velkomnir.

Vonumst til að sjá mörg „gömul" og ný andlit á föstudaginn!

**Foreldra- og kennarafélag Hvassaleitisskóla**

## FASTEIGNIR




## Eldshöfði
110 Reykjavík

**Verð: Tilboð**
Stærð: 300fm
Byggingarár: 1990
Brunabótamat: 23,7

RE/MAX BÆR Kynnir: 300m2 iðnaðarhúsnæði með tveimur innkeyrslu hurðum, þar af 2 sinnum 50m2 milliloft. Einnig 200m2 kjallari með malargólfi sem ekki er skráður. Bílaplan er malbikað. Í húsinu er móttaka, salerni, skrifstofu herbergi og vinnslusalur. Á efri hæð er kaffistofa, skrifstofa og tvö auka herbergi. Einnig er gluggalaus kjallari með malargólfi en loftræstur. Húsnæðið er skráð 247,5m2 hjá FMR en að auki er ca. 50m2 milliloft og 200m2 kjallari. ÓSKAÐ ER EFTIR TILBOÐI Í EIGNINA. Allar nánari upplýsingar veita Guðbergur s.893-6001 beggi@remax.is og Brynjólfur s.820-8080 binni@remax.is


Ágústa Friðfinnsdóttir
lögg. fasteignasali


Guðbergur
Sölufulltrúi
**893 6001**
beggi@remax.is


Brynjólfur
Sölufulltrúi
**820 8080**
binni@remax.is

vísir

FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR
www.visir.is



Gefðu dýrmætasta efni í heimi

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Reykjavíkurborg
Íþrótta- og tómstundasvið
ÍTR



## Spennandi laus staða hjá Frístundamiðstöðinni Miðbergi í Breiðholti

### Deildarstjóri barnastarfs

Um er að ræða starf sem felur í sér mótun faglegs uppeldisstarfs í frítímanum fyrir börn í Breiðholti. Helsta starfssvið deildarstjórans er yfirumsjón með fimm frístundaheimilum fyrir börn á aldrinum sex til níu ára og útibúum frá þeim. Deildarstjórinn ber jafnframt ábyrgð á frístundastarfi fyrir 10-12 ára börn og sumarstarfsemi fyrir börn á aldrinum 6-12 ára. Undir deildarstjóra barnastarfs heyra umsjónamenn frístundaheimila og hlutastarfsfólk. Að meðaltali nota daglega um 350 börn þjónustu heimilanna.

**Ábyrgðarsvið**
Yfirumsjón með starfi fyrir 6-12 ára börn á vegum Miðbergs í Breiðholti.

**Menntunar og/eða hæfniskröfur:**
• Uppeldismenntun eða önnur sambærileg háskólamenntun
• Stjórnunarreynsla
• Mikil reynsla af starfi með börnum
• Hæfni í mannlegum samskiptum
• Skipulögð og fagleg vinnubrögð
• Frumkvæði og sjálfstæði
• Góð almenn tölvukunnátta

Frístundamiðstöðin Miðberg er byggð á grunni Fellahellis og hefur hún þjónað Breiðholtsbúum frá 1974. Miðberg er rekið af Íþrótta- og tómstundasviði Reykjavíkurborgar. Miðberg rekur tvær félagsmiðstöðvar, fimm frístundaheimili og félags- og tómstundastarf í fimm skólum. Þar að auki stýrir Miðberg leikjanámskeiðum, hjólabrettagarði, leikvelli auk fjölda verkefna og viðburða.

Nánari upplýsingar veitir Helgi Eiríksson forstöðumaður Miðbergs í síma: 411 5750 eða á netfangið: helgi.eiriksson@reykjavik.is

**Umsóknarfrestur er til 2. júní 2007**

Umsóknum skal skilað til Frístundamiðstöðvarinnar Miðbergs, Gerðubergi 1 - 111 Reykjavík.
Laun eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.

Íþrótta- og tómstundasvið Reykjavíkurborgar, Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík, sími: 411-5000, fax: 411-5009, netfang: itr@itr.is

**Starfsmenn ÍTR vinna á sviði íþrótta- og tómstunda og eru lykillinn að því að ÍTR geti veitt fyrsta flokks þjónustu við viðskiptavini sína. ÍTR leggur mikla áherslu á fræðslu og símenntun fyrir sitt starfsfólk, jafnrétti og starfsmannastefnu. Allir starfsmenn taka þátt í fræðslustarfi ÍTR og eru upplýstir um jafnréttisáætlun og starfsmannastefnu fyrirtækisins og Reykjavíkurborgar.**

## FUNDIR / MANNFAGNAÐIR

Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

### Opinn fundur fyrir íbúa á Njálsgötu

og nágrenni vegna heimilis fyrir heimilislausa í sal Austurbæjarskóla 22. maí kl. 17:00-18:30

Fundarstjóri: Geir Jón Þórisson yfirlögregluþjónn

Dagskrá:
**17:00-17:05** Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, borgarstjóri setur fundinn
**17:05-17:15** Jórunn Frímannsdóttir formaður velferðarráðs
**17:15-17:30** Ellý A. Þorsteinsdóttir skrifstofustjóri á Velferðarsviði. Heimilið á Njálsgötu, reynsla af sambærilegu heimili.
**17:30-17:35** Björk Vilhelmsdóttir velferðarráði Reykjavíkurborgar
**17:35-17:40** Þorleifur Gunnlaugsson velferðarráði Reykjavíkurborgar
**17:40-17:45** Helga B. Laxdal lögfræðingur skipulags- og byggingarsviði Reykjavíkurborgar
**17:45-17:50** Geir Jón Þórisson yfirlögregluþjónn lögreglu höfuðborgarsvæðisins
**17:50-18:20** Fyrirspurnir - umræður
**18:20-18:30** Stella K. Víðisdóttir sviðsstjóri Velferðarsviðs - samantekt


RAFVÖRU MARKAÐURINN
VIÐ FELLSMÚLA
GARÐVÖRUR
7995
HÁÞRÝSTIDÆLA 60 BAR
8995
HÁÞRÝSTIDÆLA 100 BAR
BLACK& DECKER
2995
SLÁTTUORF 250W
BLACK& DECKER
8995
SLÁTTUORF 400W
19.990
SLÁTTUORF, BENSÍN
9990
LAUFSUGA
1995
ÚÐABRÚSI 5L
3895
ÚÐABRÚSI 16L
UPPSELT Í BILI
4990
HJÓLBÖRUR - VANDAÐAR
2995
STUNGUSKÓFLA
995
GARÐHRÍFA
1999
GAFFALL
695
STRÁKÚSTUR
12.990
KEÐJUSÖG, RAFMAGNS
TILBOÐ!
BLACK& DECKER
10.995
SLÁTTURVÉL, RAFMAGNS
199
GARÐHANSKAR
159
VINNUHANSKAR
5995
HEKKKLIPPUR, RAFMAGNS
199
GARÐKLÓRA
199
GARÐSKÓFLA
19.990
KEÐJUSÖG, BENSÍN
690
GREINAKLIPPUR - 2 STK.
390
GREINAKLIPPUR
490
GRASKLIPPUR
1523
FJÖLTENGI, VATNSÞÉTT M/ 4 TENGLUM
SNÚRUKEFLI, RAKAÞOLIN ÝMSAR GERÐIR
790
SLÖNGUTENGJASETT - 4 HLUTIR
159
SLÖNGUTENGI
999
GARÐÚÐARI
9995
SLÖNGUKEFLI
1390
GARÐSLANGA MEÐ STÚT OG TENGJUM
OPIÐ ALLA DAGA
laugard. 10:00-17:00
sunnud. 12:00-16:00
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888
RAFVÖRU MARKAÐURINN
Lágvöruverslun með rafmagnsvörur
Birt með fyrirvara um prentvillur. Vörur geta verið uppseldar.




Tómatar eru hollir og ljúffengir, litfagrir og ómissandi á matborðið. Íslenskir grænmetisbændur bjóða neytendum upp á margar tegundir sem auka fjölbreytnina og möguleikana. Nú er rétti tíminn til að prófa þær allar.

www.islenskt.is
ljúffengar uppskriftir og fróðleikur


# STUÐ MILLI STRÍÐA: Frúin í Hamborg

**FREYR GÍGJA GUNNARSSON** FER Í LEIK MEÐ STJÓRNMÁLAMÖNNUM



Einhver vinsælasti leikur barnæsku minnar – fyrir utan Svarta Pétur og gula Pacman tölvuspilið – var frúin í Hamborg. Þetta var auðvitað fyrir daga PSP, PS2, X-Box og Nintendo. Leikurinn gat stundum staðið yfir tímunum saman þar til þolinmæðin þraut og gefist var upp eða andstæðingurinn gleymdi sér eitt augnablik yfir Andrésblaði og svaraði: „Hann var svartur."

Ég hafði alltaf talið þennan leik vera gleymdan og grafinn í flóru tölvuleikja. Fullorðna fólkið virðist hins vegar síður en svo hafa gleymt þessum ágæta leik og sumir notast meira að segja við hann í starfi. Og þar fara pólítíkusarnir fremstir í flokki. Þeir mega nefnilega hvorki segja „já" eða „nei" í sínu starfi. Nema yfir kosningarnar, þá segja þeir já við öllu.

Á köflum má jafnvel leiða líkur að því að haldin séu sérstök námskeið fyrir unga stjórnmálamenn í leynilega stjórnmálaskólanum þar sem ungviðinu er kennt að fara með hálfkveðnar vísur, að þeir séu óánægðir með hitt og þetta án þess að segja það hreint út. Nánast pottþétt eru haldin málþófsnámskeið með áherslu á útúrsnúninga og blaður.

Eftirsóttasta námskeiðið er hins vegar hjá meistara Frúarinnar í Hamborg en þar fá menn einstakt tækifæri til að kynna sér herbrögð sem eru sérhönnuð fyrir hina útvöldu. Afrakstur þessa námskeiðs sést kannski hvað best þegar kosningar eru nýafstaðnar og svörin blasa við almenningi eins og máfur á öskuhaug. Þá, líkt og áður, reyna stjórnmálamenn að fara í Frúna í Hamborg við fjölmiðlamenn þar sem hvorki má segja nei eða já og alls ekki nafn á öðrum stjórnmálaflokki. En alltaf liggur þetta jafnmikið uppi á borðinu hjá almenningi sem hefur yfirleitt gaman af veikburða tilraunum stjórnmálamanna til að slá ryki í augu þeirra. Enda hefur almúginn náð góðum tökum á Frúnni í Hamborg.

# myndasögur

## Pondus
Eftir Frode Øverli




## Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán
Eftir Kirkman/Scott




„Kljúfum loftið eins og Concord-þota...“
- Vængjalaus, Sálin hans jóns míns, Höf: Stefán Hilmarsson
Nýr vefur » Á hvað ert þú að hlusta?
Tónlist.is

! **Kl. 20.00**
*Goethe-Institut gengst fyrir kvikmyndasýningum í fyrirlestrarsal Þjóðarbókhlöðunnar. Í kvöld verður sýnd myndin Wallers letzter Gang (Síðasta ganga Wallers) eftir leikstjórann Christian Wagner. Myndin er sýnd með enskum texta. Aðgangur er ókeypis.*

# menning

menning@frettabladid.is

## *Ertu með Gertrude í eyrunum?*

Fara ætti varlega að fólki sem stendur eða situr í andakt með heyrnartól í hlustum sínum, viðkomandi gæti ekki aðeins verið að hlýða á nýjasta poppfroðuvellinginn heldur gæti meira en verið að það sem ómar úr tólunum sé rödd Gertrude Stein, William Carlos Williams eða Norman Mailer. Nú er nefnilega ekkert mál að sækja ljóðaflutning þeirra ókeypis á netinu. Heimasíðan PennSound er gnægtabrunnur ljóðaunnenda á sambærilegan hátt og iTunes er tónlistarsinnuðum. Verkefni þetta, sem byrjaði hjá hugsjónafólki við Fíladelfíuháskóla í Bandaríkjunum fyrir tveimur árum hefur vakið heimsathygli og síðan fær nú þúsundir heimsókna á dag. Ljóðskáld, fræðimenn og áhugafólk hefur sameinast um að senda hljóðritanir með upplestri skálda til síðunnar þar sem hægt er að spila þær eða hlaða þeim niður á mp3-formi til síðari nota. Margir þessara upplestra voru afar fáheyrðir og innihalda jafnvel óútgefið efni. Fjöldi skránna slagar nú upp í tíu þúsund og eru skáldin orðin rúmlega tvö hundruð, bæði þekkt og splunkuný. Meðal vinsælla hljóðskeiða eru magnaðir lestrar Ezra Pound og leikræn tilþrif Allens Ginsberg.



**LJÓÐAUNNENDUR KÆTAST** Nú er hægt að smella upplestrum Ezra Pound í tónhlöðurnar.

## > Dustaðu rykið af...



verkum enska rithöfundarins **Williams Somerset Maugham.** Á ferli sínum skrifaði hann fjölda skáld- og smásagna auk leikrita og ferðasagna. Meðal hans þekktustu verka eru **Fjötrar** og **Tunglið og tíeyringur**, sem báðar hafa komið út í íslenskum þýðingum og verið aðlagaðar fyrir hvíta tjaldið. Nýjasta kvikmyndaaðlögun á verkum Maughams er **The Painted Veil** sem nú má sjá í kvikmyndahúsum.

# Bach-sónötur og margfaldur frumflutningur

Tónleikaröð helguð ungum einleikurum er skipulögð í tengslum við Listahátíð í Reykjavík og í kvöld verða fyrstu tónleikarnir haldnir í tónlistarhúsinu Ými og norður í Eyjafirði. Í borginni leika Elfa Rún Kristinsdóttir fiðluleikari og Francesco Corti semballeikari, sem bæði hafa vakið töluverða athygli að undanförnu. Þau eru verðlaunahafar Bach-keppninnar í Leipzig frá því í fyrra og efnisskrá þeirra er að mestu helguð tónlist Bachs.

Tónskáldið samdi sex sónötur fyrir fiðlu og sembal og eru þær taldar meðal hornsteina fiðlubókmenntanna, og seinni tíma tónskáld líkt og Beethoven litu til þeirra við gerð sinna verka fyrir hljóðfærið, enda er tónlistin fjölbreytt og hugmyndarík svo sumir hafa talað um sónöturnar sem kennslubók í tónsköpunartækni. Sigurvegarar hinnar virtu tónlistarkeppni í Leipzig, sem kennd er við tónskáldið, munu flytja tvær af þessum sónötum og verður spennandi að heyra þau takast á við þessa tónlist sem er þeim báðum svo hjartfólgin. Þau munu flytja þessi sömu verk á sjálfri Bach-hátíðinni í Leipzig í júní næstkomandi.

Í Laugaborg í Eyjafjarðarsveit frumflytur Tinna Þorsteinsdóttir sex ný íslensk píanóverk sem samin hafa verið fyrir hana. Tinna hefur haft sérstakan áhuga á að flytja íslensk verk og kanna möguleika píanósins til hins ýtrasta og hefur leitast við að tileinka sér nýjar aðferðir til þess. Hér má heyra hefðbundinn píanóleik í bland við elektróník í ýmsum spennandi myndformum.

Tónskáldin sem eiga verk á tónleikunum eru Þuríður Jónsdóttir, Karólína Eiríksdóttir, Hilmar Þórðarson, Jónas Tómasson, Áki Ásgeirsson og Gunnar Andreas Kristinsson. Tinna mun síðan halda aðra tónleika í Ými næstkomandi fimmtudag.

Hvorir tveggja tónleikarnir hefjast kl. 20 í kvöld og skal athygli vakin á því að veittur er afsláttur fyrir tónleikagesti 25 ára og yngri.

Á öðrum tónleikunum flytja Ari Þór Vilhjálmsson fiðluleikari og Ástríður Alda Sigurðardóttir píanóleikari ýmsa þekkta konfektmola og virtúósóverk tónbókmenntanna, meðal annars eftir Bartok og Strauss. Nánari upplýsingar um dagskrána má finna á heimasíðu Listahátíðar.



**ELFA RÚN KRISTINSDÓTTIR FIÐLULEIKARI** Leikur ásamt semballeikaranum Francesco Corti á Listahátíð í kvöld.



# Af reynsluheimi rauðhærðra

**Myndlistarkonan Nína Gautadóttir gerir rauðhærðum konum skil á forvitnilegri sýningu sem var nýverið opnuð í vesturbæ Reykjavíkur. Myndum af tæplega þrjú þúsund rauðhærðum konum er varpað á vegg á Ásvallagötunni.**



**NÍNA GAUTADÓTTIR MYNDLISTARMAÐUR** „Margar höfðu upplifað eitthvað sérstakt tengt þessum háralit sínum í æsku, sumum hafði verið strítt en aðrar fengið mikið hrós fyrir litinn. Flestar höfðu í það minnsta upplifað að vera dálítið öðruvísi.“ FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Nína hefur haldið til haga myndum af rauðhærðum kynsystrum sínum síðan árið 1988 en hún deilir þessu fagra litbrigði með þeim. „Ég bjó lengi í París og það vildi svo til að þar var stofnað félag rauðhærðra kvenna. Við vorum þrjá íslenskar og rauðhærðar konur sem fórum á fund hjá því félagi að gamni. Okkur fannst þetta mjög merkilegt því rauðhært fólk er ekki áberandi úti á götum í Frakklandi og ótrúlega gaman að sjá svona marga saman,“ útskýrir Nína.

Í framhaldinu fór hún að gefa því auga hversu algengt mótíf rauðhærðar konur eru í myndlist. „Ég fer mikið á sýningar og söfn og fór að taka eftir því hvað það eru margar rauðhærðar konur í myndlist, ekki karlmenn – rauðhærðir karlmenn eru ekki áberandi nema stundum er Jesús hafður rauðhærður.“ Nína fór að víða að sér kortum og myndum af þessum konum og árin liðu en þegar hún stóð í flutningum í hitteðfyrra kom upp úr dúrnum að rauðkurnar fylltu stóran pappakassa. „Ég fór að skoða safnið og skanna það inn í tölvu en þetta eru á þriðja þúsund myndir, alls konar myndlist, teikningar, auglýsingar, málverk og frá öllum tímum. Meira að segja Egyptar og Grikkir voru með rauðhærðar konur á sínum myndverkum.“ Auk myndanna sem Nína varpar á vegginn hefur hún valið nokkrar myndir, látið prenta á mismunandi grunna og bróderað með örfínum koparvír í hár þeirra.

Minnugar félagsskaparins franska tóku Nína og fleiri drífandi konur sig til og stofnuðu Samtök rauðhærðra kvenna þegar sýningin var opnuð. „Það eru náttúrlega hlutfallslega fleiri rauðhærðir hér en í Frakklandi og okkur datt í hug að það væri gaman að hóa þeim saman. Þetta fréttist ágætlega og það komu um fimmtíu konur á opnunina sem ekki þekktust mikið sín á milli. Þetta var alveg ægilega gaman, það var mikið hlegið,“ segir Nína.

Þessar stallsystur höfðu margt að ræða um sameiginlegan reynsluheim rauðhærðra. „Margar höfðu upplifað eitthvað sérstakt tengt þessum háralit sínum í æsku, sumum hafði verið strítt en aðrar fengið mikið hrós fyrir litinn. Flestar höfðu í það minnsta upplifað að vera dálítið öðruvísi.“

Rauðhærðir hafa mátt sæta ýmsum fordómum og aðkasti í gegnum árin, rauðhærðar konur orðaðar við kukl og galdra og rauðhærðir strákar verið stimplaðir illkvittin hrekkjusvín.

Sjálf segist Nína einnig hafa fundið töluvert fyrir sínum háralit. „Já, maður fann alltaf að maður er ekki alveg eins og hinir,“ segir hún og áréttar að nú sé rauði liturinn ef til vill í útrýmingarhættu. „Ég hef heyrt að rauðhærðum og ljóshærðum sé að fækka vegna aukinna fólksflutninga og blöndunar því að genin sem ráða þeim háralit eru víkjandi. Við erum því minnihlutahópur í útrýmingarhættu,“ segir hún sposk.

Þrátt fyrir kjörið tækifæri létu fáir rauðhærðir karlar sjá sig á stofnfundi félagsins en þeir eru þó velkomnir að sögn Nínu. Stefnt er að því að félagsskapurinn hittist að nýju með haustinu og taki sér sitthvað fleira skemmtilegt fyrir hendur. Þangað til geta rauðhærðir og aðrir áhugasamir litið við á Ásvallagötu 59. Sýning Nínu er opin þriðjudaga til sunnudaga milli kl. 14-18 og stendur til 27. maí.

kristrun@frettabladid.is



**MYNDLIST ELÍASAR B. HALLDÓRSSONAR** Sýningin geymir verk úr safni Hafnarborgar.

## Hrátóna verk

Nú stendur yfir sýning á tréristum eftir Elías B. Halldórsson í Kaffistofu Hafnarborgar. Tréristurnar eru úr myndröðinni Hrátónar frá 1990 og eru úr safni Hafnarborgar.

Elías fæddist 1930 og nam við Myndlista- og handíðaskólann. Eftir að námi lauk hér heima fór hann utan til frekari náms, fyrst til Stuttgart í Þýskalandi og síðan til Kaupmannahafnar þar sem hann lærði við Listaháskólann.

Elías vann jöfnum höndum í olíu og grafík auk þess sem hann myndskreytti bækur. Fyrstu einkasýningu sína hélt hann í Bogasal Þjóðminjasafnsins árið 1960. Eftir 1974 helgaði Elías sig myndlistinni eingöngu. Árið 1993 gaf Elías Hafnarborg veglega listaverkagjöf, en þar var um að ræða eintak af öllum grafíkverkum sem hann hafði unnið fram til þess tíma og hefur hann bætt við þá gjöf síðar. Elías sýndi nokkrum sinnum í Hafnarborg en síðast sýndi hann óhlutbundin olíumálverk í Sverrissal og í Apóteki 2002.

Elías B. Halldórsson lést í maí 2007.



# Vortónar af Digranesinu



FJÖLBREYTT ALÞÝÐU- OG ÞJÓÐLAGADAGSKRÁ Samkór Kópavogs hitar upp fyrir tónleikaferð með tvennum vortónleikum á heimaslóð.

Samkór Kópavogs heldur vortónleika sína í Digraneskirkju í kvöld og annað kvöld. Þar flytur kórinn fjölbreytt úrval íslenskra og erlendra alþýðu- og þjóðlaga, þar á meðal verk eftir Sigvalda Kaldalóns og Sigfús Halldórsson.

Einsöngvari á tónleikunum er Hallveig Rúnarsdóttir sópransöngkona en meðleikari á píanó er Antonía Hevesi. Stjórnandi er Björn Thorarensen.

Samkór Kópavogs var stofnaður árið 1966 af nokkrum áhugasömum félögum í Kópavogi en fyrsti stjórnandi hans var Jan Moraveg

Kórinn fagnaði fjörutíu ára afmælinu með þrennum veglegum tónleikum í Salnum á síðasta ári. Í vetur hafa kórfélagar æft af kappi og halda nú tvenna tónleika í maí og síðan verður haldið í tólf daga ferð til Eystrasaltslandanna 9.-20. júní. Í ferðinni mun kórinn syngja lag á máli heimamanna í hverju landi og verður hitað upp fyrir þann alþjóðleik á vortónleikunum hér heima.

Tónleikarnir í kvöld hefjast kl. 20 og verða þeir endurteknir á sama tíma næstkomandi fimmtudagskvöld.


ÁST
SÖNGLEIKUR EFTIR GÍSLA ÖRN GARÐARSSON OG VÍKING KRISTJÁNSSON
Í samstarfi við Vesturport
25. maí kl. 20 Uppselt
26. maí kl. 20 Uppselt
31. maí kl. 20 Uppselt
1. júní kl. 20
Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is





„ÞAÐ ELSKA ALLAR KONUR HEIMSFRÆGA MENN“
GRETTIR

**VILTU FINNA MILLJÓN?**
Lau 26/5 AUKASÝNING
Síðasta sýning

**LADDI 6-TUGUR**
Þri 29/5 kl. 20 UPPS. Mið 30/5 kl. 20 UPPS.
Fös 1/6 kl. 20 UPPS. Lau 2/6 kl. 20 UPPS.
Lau 2/6 kl. 22:30 UPPS. Sun 3/6 kl. 14 UPPS.
Sun 3/6 kl. 20 Mán 4/6 kl. 20 UPPS.
Mið 20/6 kl. 20 Fim 21/6 kl. 20

**SÖNGLEIKURINN ÁST**
Í samstarfi við Vesturport
Fös 25/5 kl. 20 UPPS. Lau 26/5 kl. 20 UPPS.
Fim 31/5 kl. 20 UPPS. Fös 1/6 kl. 20 UPPS.
Sun 3/6 kl. 20 Fim 7/6 kl. 20
Lau 9/6 kl. 20 Fös 15/6 kl. 20

**BELGÍSKA KONGÓ**
Mið 30/5 kl. 20
Mið 6/6 kl. 20
Sun 10/6 kl. 20
Fim 14/6 kl. 20
Aðeins þessar 4 sýningar

**DAGUR VONAR**
Fim 24/5 kl. 20
Lau 2/6 kl. 20
Fös 8/6 kl. 20
Ekki er hleypt inní salinn eftir að sýning er hafin

**SÖNGLEIKURINN GRETTIR**
Fös 25/5 kl. 20.
Fim 31/5 kl. 20
Sýningar hefjast að nýju í september

**LÍK Í ÓSKILUM**
Þri 5/6 kl. 20 FORS.
Fim 7/6 kl. 20 FORS.
Fös 8/6 kl. 20 FORS.
Lau 9/6 kl. 20 FORS.
Miðaverð 1.500

**DANSLEIKHÚSSAMKEPPNIN 25 TÍMAR**
Fim 7/6 FORS. Miðaverð 1.500
Fös 8/6 kl. 20

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhús.is
grettir.blog.is
BORGARLEIKHÚSIÐ



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ






**Stóra sviðið kl. 20:00**

**LEG** - söngleikur eftir Hugleik Dagsson. Tónlist hljómsveitin Flís.
Fös. 25/5 **örfá sæti laus.** Síðustu sýningar í vor!
Námufélagar fá 35% afslátt ef greitt er með Námukorti. Námsmannafslættir!

**PARTÍLAND** - eftir Jón Atla Jónasson. Alþýðuskemmtun með söng, leik og dansi.
Leikfélagið Gilligogg í samstarfi við Þjóðleikhúsið og Listahátíð í Reykjavík.
Lau. 26/5.

**Smíðaverkstæðið kl. 20:00**

**HÁLSFESTI HELENU** eftir Carole Fréchette.
Fös. 25/5 **nokkur sæti laus.** Síðasta sýning í vor! Umræður eftir sýninguna 25/5 með Viðari Þorsteinssyni heimspekingi.

**Kassinn**

**HJÓNABANDSGLÆPIR** eftir Eric-Emmanuel Schmitt.
Fim. 24/5 uppselt, fös. 1/6 **nokkur sæti laus**, sun. 3/6 **nokkur sæti laus**. Síðustu sýningar í vor!
ATHUGIÐ AÐ EKKI ER HÆGT AÐ HLEYPA INN Í SALINN EFTIR AÐ SÝNING ER HAFIN!

**Kúlan**

**LISTIN AÐ LIFA** - Eftir Sigríði Láru Sigurjónsdóttur. Athyglisverðasta áhugaleiksýning ársins.
Fim. 7/6 örfá sæti laus

Miðasala: sími: 551-1200, Tölvupóstur: midasala@leikhusid.is
Afgreiðsla miða verður út leikárið á Lindargötu 7 vegna framkvæmda.
Miðar afgreiddir í miðasölu aðalbyggingar kl. 19.00 - 20.00 fyrir sýningar á Stóra sviðinu!
Miðasala á Netinu allan sólarhringinn www.leikhusid.is
Leikhúsbloggið er á www.leikhusid.blog.is Fylgist með!


# Sjanghæaðir

Kvartett Sigurðar Flosasonar og Jóels Pálssonar heldur útgáfutónleika á Domo við Þingholtsstræti annað kvöld kl. 21. Tónleikarnir er haldnir til að fagna útkomu geisladisksins „Shanghai, China“ á Íslandi, en diskurinn kom út í Kína í febrúar. Forsaga málsins er sú að kvartettinn kom fram á áttundu Listahátíðinni í Sjanghæ í október síðastliðnum. Um 1.800 manns sóttu tónleika kvartettsins í aðaltónleikahöll borgarinnar og tóku tónlistinni firnavel.



KVARTETT SIGURÐAR FLOSASONAR Diskurinn „Shanghai, China“ er kominn út á Íslandi.

Í sömu ferð var geisladiskurinn hljóðritaður á einum degi í hljóðveri Shanghai Audio Video Publishing Company, en þetta er fyrsti íslenski geisladiskurinn sem tekinn er upp og gefinn út í Kína. Íslensk útgáfa disksins er í höndum Zonet, sem einnig skipulagði Kínaferðina.

Kvartettinn skipa Sigurður Flosason á altsaxófón, Jóel Pálsson á tenórsaxófón, Valdimar K. Sigurjónsson á kontrabassa og Einar Scheving á trommur. Tónlistin er eftir Jóel og Sigurð.

## LEIÐRÉTTING

Rangt var farið með upplýsingar í frétt um Útvarpsleikhúsið hér á menningarsíðum blaðsins í síðustu viku. Kom þar fram að leikrit Jóns Halls Stefánssonar „Mótleikur“ hefði unnið önnur verðlaun í leikritakeppni Borgarleikhússins „Sakamál á svið“; hið rétta er að þau hlaut Guðmundur Brynjólfsson fyrir verk sitt „Net“. Beðist er velvirðingar á mistökunum.


**ATVINNULEIKHÚS Í BORGARNESI**

**MR. SKALLAGRIMSSON** - höf. og leikari Benedikt Erlingsson
mi 16/5 aukasýning kl 16 laus sæti, kl 20 uppselt, fö 25/5 kl. 20 laus sæti, fö. 1/6 uppselt, lau. 2/6 uppselt, lau 9/6. kl. 15 uppselt, lau 9/6 kl. 20 Örfá sæti, fö 15/6 kl. 20, mi 20/6 kl 20, fö 29/6 kl. 20
**MÝRAMAÐURINN** - höf. og leikari Gísli Einarsson
Fö 18/5 örfá sæti, fi. 7/6, fö 8/6 örfá sæti, fi 14/6, - síðasta sýning
**SVONA ERU MENN** - höf. og flytjendur KK og Einar Kárason
su 20/5 kl. 20, lau 26/5, su 3/6 kl. 20, su 10/6 kl. 20, lau 16/6 kl. 20, fö 22/6 kl. 20, lau 23/6 kl. 20 síðasta sýning
**Leikhústilboð í mat:**
Súpa, fiskréttur og kaffi kr. 2600
Súpa, kjötréttur og kaffi kr. 3200
Miða- og borðapantanir í síma 437 1600
Nánari upplýsinar www.landnamssetur.is
LANDNÁMSSETUR ÍSLANDS


## NÝJAR BÆKUR

Ný ljóðabók er komin út frá JPV útgáfu, Á mörkum eftir Valgarð Egilsson. Í henni eru rúmlega þrjátíu ljóð. Valgarður Egilsson læknir er fæddur á Grenivík við Eyjafjörð árið 1940. Hann hefur lengi iðkað skáldskap og gefið út ljóð, leikrit og skáldsögu. Ljóðin í þessari bók bera merki æviferils höfundar sem ólst upp í nánu samneyti við náttúruna en lagði síðar fyrir sig rannsóknir á frumeigindum lífvera – á mörkum.




Allir þekkja Biblíuna, bók bókanna. En allt of fáir hafa lesið í henni, hvað þá lesið hana spjaldanna á milli. Biblían á 100 mínútum geymir frásagnir Biblíunnar í hnotskurn — frá Mósebókunum til Opinberunarbókarinnar. Í formála kemst biskup Íslands, herra Karl Sigurbjörnsson m.a. svo að orði: „Ég fagna útkomu Biblíunnar á 100 mínútum. [Hún] er skemmtilegt og handhægt yfirlit . . . [og] gefur glögga innsýn í meginstef Biblíunnar og handhægan leiðarþráð til að rata gegnum hana.“ Bókafélagið Ugla gefur út hljóðbókina Biblían á 100 mínútum. Bók þessi ber nafn sitt með rentu en þar er að finna upplestur á samnefndri bók sem forlagið gaf út í fyrra. Efnið er á tveimur diskum sem taka hvor um sig tæpar áttatíu mínútur í flutningi. Rit þetta er í endursögn Michael Hinton og þýðingu Jakobs F. Ásgeirssonar en höfð var hliðsjón af útgáfu Hins íslenska Biblíufélags á Biblíunni frá 1981. Lesari er Sigurður Skúlason en upptökustjórn annaðist Georg Magnússon.




Metsölubókin Stjörnubjartar nætur er einnig komin út hjá Bókafélaginu Uglu. Á grískri eyju kynnast nokkrir ferðalangar og eyjarskeggjar þegar þeir verða vitni að óvæntum harmleik. Fíóna er írsk hjúkrunarkona sem stakk af með manninum sem enginn vildi að hún giftist. Tómas syrgir misheppnað hjónaband og saknar stráksins síns. Elsa yfirgaf glæstan sjónvarpsferil í Þýskalandi þegar hún uppgötvaði leyndarmál sem maðurinn sem hún elskaði hafði haldið frá henni. Davíð hljópst á brott því hann gat ekki hugsað sér að vinna hjá fjölskyldufyrirtækinu. Andreas þráir að hitta son sinn sem fór að heiman fyrir níu árum. Undir stjörnubjörtum himni og töfrum grísku eyjanna fléttast saga þessara einstaklinga saman. Með hjálp Vonnícar, sem býr á eyjunni, takast þau á við fortíðina og augu þeirra opnast fyrir því sem raunverulega skiptir máli í lífinu. Höfundur bókarinnar, sem nú kemur út í kilju, er Maeve Binchy en þýðandi er Margrét Gunnarsdóttir.




Spennusögur Jacks Higgins hafa fengið hárin til að rísa á lesendum áratugum saman. Ugla endurútgefur nú í kilju bókina Vondur félagsskapur þar sem hörkutólið Sean Dillon og félagar hans koma talsvert við sögu. Þegar fall Berlínar vofði yfir fól Adolf Hitler ungum aðstoðarmanni sínum að varðveita dagbókina sína. Í dagbókinni eru ítarlegar lýsingar á fundum sendimanna Hitlers og Roosevelts Bandaríkjaforseta um að semja vopnahlé og taka höndum saman gegn Sovétríkjunum. Fulltrúi Bandaríkjanna í þessum viðræðum var faðir núverandi forseta, Jacks Cazalet en voldugir andstæðingar hans beita öllum brögðum til að komast yfir dagbókina. Markmið Dillons er að afstýra því. Við sögu koma skrautlegar persónur, þar á meðal gamall nasistaforingi, ríkasta kona arabalandanna, hryðjuverkamenn IRA og sjálfur Saddam Hussein. Þýðandi er Atli Magnússon.




## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MAÍ
19 20 21 **22** 23 24 25
**Þriðjudagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 20.00 **Samkór Reykjavíkur** heldur vortónleika í **Seltjarnarneskirkju**. Á efnisskrá eru íslensk og erlend lög. Einnig mun Samkórinn syngja þýska messu eftir **Schubert** ásamt **Landsvirkjunarkórnum**. Stjórnandi er **Keith Reed** en meðleikari er **Ásta B. Schram**.

☐ 20.30 Þrefaldir vortónleikar í **Seljakirkju**. **Álftaneskórinn**, kór **Akraneskirkju** og kór **Seljakirkju** koma fram. Stjórnendur: **Bjartur Logi Guðnason**, **Sveinn Arnar Sæmundsson** og **Jón Bjarnason**. Meðleik á píanó annast Viðar Guðmundsson.

### FYRIRLESTRAR

☐ 12.15 **Margaret Clunies Ross** prófessor við **Sydney-háskóla** heldur opinberan fyrirlestur á vegum hugvísindadeildar **Háskóla Íslands** í Odda sem nefnist **Trúarkveðskapur miðalda**. Ross mun í fyrirlestrinum ræða íslenskan trúarlegan kveðskap frá miðöldum. Mjög mikið er varðveitt af kristilegum dróttkvæðum frá 12., 13. og 14. öld, en lítið hefur verið um þau fjallað í samanburði við varðveittan veraldlegan kveðskap frá sama tíma og vísur elstu skálda. Á þessu ári er væntanleg ný útgáfa á öllum varðveittum trúarlegum kveðskap frá miðöldum, sem birtast mun sem 7. bindið í nýrri alþjóðlegri útgáfu dróttkvæðanna. Ross er ritstjóri þess bindis og mun í fyrirlestrinum draga fram spennandi rannsóknarleiðir sem hafa nú opnast við að taka til endurmats þau fjölbreyttu íslensku trúarkvæði sem varðveist hafa frá miðöldum.

### SÝNINGAR

☐ 12.00 **Ágúst Bjarnason** sýnir í í galleríinu **Art-Iceland** á **Skólavörðustíg 1a.** Art-Iceland er opið frá kl. 12-18 virka daga og 12-16 á laugardögum.

☐ 13.00 Nú stendur yfir sýningin **Vordagar** í **Listasafni Reykjanesbæjar**. Þar sýnir **Hafsteinn Austmann** ný og gömul verk, olíu, akríl og vatnsliti Sýningin er opin alla daga frá 13-17.30 og stendur til 10. júní. Aðgangur að safninu er ókeypis.

☐ 14.00 Sýning **Nínu Gautadóttir** **Óður til rauðhærðra kvenna** í **myndlist** stendur yfir á **Ásvallagötu 59** er opin þriðjudaga til sunnudaga milli kl. 14-18.

### MÁLÞING

☐ 15.00 Málstofa í fundasal **Seðlabanka Íslands** á **Sölvhóli**. Frummælendur eru **Daníel Svavarsson**, hagfræðingur á hagfræðisviði Seðlabankans, og **Pétur Örn Sigurðsson**, rekstrarhagfræðingur á upplýsingasviði Seðlabankans, erindi þeirra ber heitið **Erlend staða þjóðarbúsins og þáttatekjur.**

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.



**ÞARF AÐ BEITA ÞEIM Á BÆKUR FREKAR** Rithöfundar hafa ekki allir smekk fyrir löngum bókum, jafnvel ekki sínum eigin.

# Upp með söxin

Líklega kannast flestir lesendur við þá tilfinningu að leggja frá sér doðrant, hálfskömmustulega og dæsa svo yfir eigin vanmætti eða leti sem verður til þess að þeir gefast upp fyrir bók.

Á dögunum efndi dagblaðið New York Times til býsna skemmtilegs samkvæmisleiks í tilefni þess að breska Orion-útgáfan gefur í þessum mánuði út styttar útgáfur af nokkrum klassískum verkum en samkvæmt fyrrgreindum fjölmiðli er búið að skera um fjörutíu prósent af „bólstruninni“ í skáldverkum á borð við David Copperfield, Moby Dick og Önnu Kareninu. Af þessu tilefni hafði blaðið samband við nokkra rithöfunda og spurðist fyrir um hvaða bækur þeir mundu bregða sínum hnífi á og stytta, ef svo bæri undir.



**HINN ORÐMARGI KING**

Meðal þeirra sem svöruðu kalli New York Times var hinn orðmargi og afkastamikli spennukóngur Stephen King. Hann tók fram að Biblíunni veitt ekki af smá niðurskurði (hann ætti kannski að ná sér í eintak af 100 mínútna útgáfunni) og hefur blaðið eftir honum að „allt þetta leiðinda hugarflæði“ mætti missa sig í Ódysseifi eftir Joyce.



**MAILER NEFNIR SJÁLFAN SIG**

Rithöfundurinn Norman Mailer er nú ekki þekktur fyrir skeytastíl heldur en hann sendi blaðinu lista yfir bækur sem mætti stytta, þar á meðal nefnir hann þrjár eftir sjálfan sig. Meðal hinna nefnir hann Þrúgur reiðinnar eftir Steinbeck, Ástkær eftir Toni Morrison og Hverjum klukkan glymur eftir Hemingway.

Skáldkonan Joyce Carol Oates deilir skoðun Mailers á verkum Hemingways og segir of mikið af reykingum, drykkju og veiðum í verkum hans og þá iðju megi auðveldlega strika út, það sé um sjötíu prósent af verkunum. Svo nefnir hún einnig verk Jane Austen þar sem of miklu púðri sé eytt í lýsingar á húsgögnum og ballkjólum.

Nýstirnið Jonathan Franzen fékk einnig að leggja sitt í púkk en hann vildi ekki nefna nein stórvirki sem fara ættu undir hnífinn. Franzen er þekktastur fyrir bók sína The Corrections og því viðeigandi að hann sendi inn leiðrétta titla á nokkrar bækur í staðinn, hann mælir með „Lite in August“ og „The Pretty Good Gatsby“.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

# Dýrtíð heimilda- og stuttmynda

Nú rennur upp tími stutt- og heimildamynda því fyrir dyrum standa þrjár hátíðir nú í vikunni. Á morgun hefjast Stuttmyndadagar í Reykjavík en þeir fara fram í Tjarnarbíói. Að þeim loknum tekur Heimilda- og stuttmyndhátíðin í Reykjavík, Shorts & Docs, við á sama stað en heimildamyndum verða einnig gerð skil á Patreksfirði þar sem hátíð fer fram í Skjaldborgarbíóinu um helgina.

Á Stuttmyndadögum verða sýndar myndir er bárust í stuttmyndasamkeppnina en metþátttaka var nú þegar hátíðin var endurvakin. Fimmtíu og fimm myndir bárust í keppnina, sem verður haldin í ellefta sinn.

Á Shorts & Docs verða sýndar tíu heimildamyndir og jafn margar stuttmyndir frá all fjórtán löndum. Norræn kvikmyndagerð skipar stóran sess í dagskránni þetta árið en opunarmyndin ber titilinn The Price of the Pole og er eftir Svíann Staffan Julén.



**ÚR MYNDINNI LOKAHNYKKUR** Í mynd Sigtryggs Baldurssonar kynnast áhorfendur eldri manni sem óttast dauðann. Myndin verður sýnd á Heimilda- og stuttmyndahátíðinni í Reykjavík síðar í vikunni.

Meðal annarra mynda á hátíðinni eru stuttmyndin Góðir gestir eftir Ísold Uggadóttur, verðlaunamyndin Anna eftir Helenu Stefánsdóttur og ný mynd eftir Benedikt Erlingsson, Takk fyrir hjálpið.

Á Skjaldborgarhátíðinni verða frumsýndar tuttugu- og sjö heimildamyndir en hátíðinni er einnig ætlað að vera vettvangur fyrir kvikmyndagerðarfólk og áhugamenn um heimildamyndir til að hittast og skiptast á skoðunum.



fjörið ... Fólk
folk@frettabladid.is

# Boðskapurinn mikilvægur fyrir Pitt og Jolie

Óvenjumargir ljósmyndarar voru mættir á svæðið þar sem blaðamannafundur Mighty Heart fór fram. Brad Pitt er framleiðandi myndarinnar og Angelina Jolie fer með hlutverk Mariane Pearl, en þeirra hefur verið beðið með mikilli eftirvæntingu í Cannes. Myndin er sannsöguleg og er byggð á bók Mariane Pearl, eiginkonu Daniels Pearl, blaðamanns á Wall Street Journal, sem var rænt og tekinn af lífi í Pakistan árið 2002. Þau voru bæði starfandi blaðamenn í Afganistan og síðan Pakistan þar sem Danny var rænt. Þá var Mariane ófrísk af fyrsta barni þeirra.

Mariane sjálf mætti á fundinn í dag með Angelinu og Brad, Michael Winterbottom og leikurunum Archie Panjabi og Irfan Khan. Myndin féll mjög vel í kramið hjá blaðamönnum og gagnrýnendum. Alvarleiki myndarinnar setti svip sinn á fundinn en Angelina sagðist hafa dáðst að Mariane Pearl frá upphafi. „Við eigum margt sameiginlegt og ég hef trú á hennar rödd og því sem hún hefur fram að færa. En ég var mjög stressuð um að ná þessu rétt.“ Það var samt greinilegt að mikið traust ríkti milli þeirra Angelinu og Mariane.

Mariane var spurð hvernig henni liði núna þegar myndin væri frumsýnd í Cannes og hún svaraði að hún saknaði mannsins síns og hugurinn væri hjá syni þeirra. „En ástæðan fyrir því að ég ákvað að segja sögu Danny er að það ríkir ákveðið ástand í heiminum sem fólk þarf að vera meðvitað um.“

Athyglin sem myndin hlýtur hefur verið gríðarleg, ekki bara vegna sögu Mariane Pearl heldur líka vegna fyrsta samstarfs Angelinu og Brad. „Við erum vön að hafa myndavélarnar á okkur allan sólarhringinn þannig að þetta er ekkert öðruvísi. En fyrir okkur var boðskapur myndarinnar mjög mikilvægur og það er ástæðan fyrir því að við fórum í þetta verkefni saman,“ sagði Brad.



**STJÖRNUPARIÐ** Brad Pitt framleiðir Mighty Heart en Angelina Jolie leikur aðalhlutverkið. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

# Britney vildi leðursæti og neitaði að fljúga

Britney Spears heldur áfram að koma sér í fréttirnar fyrir eitthvað allt annað en tónlist sína. Í gær greindi News of the World frá því að söngkonan hefði gengið út úr flugvél skömmu fyrir flugtak en hún var á leið frá Los Angeles til Florida. Ástæðan fyrir óánægju Britney var að sæti vélarinnar voru ekki klædd leðri.

„Þetta var með ólíkindum. Dyrunum hafði verið lokað og allt var reiðubúið fyrir flugtak. Skyndilega stökk Britney á fætur og heimtaði að fara út úr vélinni. Hún sagðist ekki vilja fljúga þar sem engin leðursæti voru í flugvélinni,“ er haft eftir einum farþega flugsins í News of the World.

Flugstjórinn neyddist til að biðja aðra farþega afsökunar á uppákomunni en tæplega hálftíma seinkun varð á fluginu á meðan Britney og hennar fylgdarlið strunsuðu út úr flugvélinni.



**BRITNEY SPEARS** Ekkert minna en leðursæti er henni bjóðandi. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES





Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

Skólaslit

Fjölbrautaskólans í Breiðholti verða í Íþróttahúsi FB við Austurberg miðvikudaginn 23. maí kl. 14:00.

Allir nemendur dag- og kvöldskóla, er lokið hafa eftirtöldum prófum, eiga að koma og taka á móti prófskírteinum:

Handíðabraut
Sjúkraliðanámi
Snyrtifræðinganámi
Burtfararprófi af húsasmíðabraut
Burtfararprófi af rafvirkjabraut
Starfsbraut
Stúdentsprófi
Skiptinemar

Skólameistari

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti
Austurbergi 5 111 Reykjavík Sími 570 5600
Símbréf 567 0389 Tölvupóstur: fb@fb.is
www.fb.is

# Coen-bræður eru einn maður með tvö höfuð

**Mikil spenna var í salnum þegar nýjasta mynd Coen-bræðranna, No Country for Old Men var frumsýnd í Cannes en hún tekur þátt í keppninni um Gullpálmann eftirsótta.**



**SNILLINGAR** Coen-bræðurnir Ethan og Joel með mexíkanska leikstjóranum Alejandro González Iñárritu en nýjasta mynd þeirra gerist einmitt á landamærum Texas og Mexíkó. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Stórstjörnurnar berjast um að fá hlutverk í myndum Coen-bræðranna og No Country for Old Men eða „Ekkert land fyrir gamla menn“ er engin undantekning á því. Josh Brolin leikur aðalpersónuna Llewellyn sem óvart finnur skjalatösku fulla af peningum við landamæri Texas og Mexíkó, nokkur kíló af heróíni og slatta af líkum. Spánverjinn Javier Bardem leikur náungann sem sendur er eftir peningunum og þar með hefst eltingarleikur í gegnum Texas. Tommy Lee Jones fer með hlutverk lögreglustjórans, að sjálfsögðu, og leikkonan skoska Kelly MacDonald leikur eiginkonuna. Woody Harrelson kemur einnig við sögu í aukahlutverki.

### Geðveikisleg hárgreiðsla

Á blaðamannafund eftir frumsýninguna mættu Joel og Ethan Coen, Josh Brolin, Kelly MacDonald og Javier Bardem sem stelur senunni í myndinni og fer algjörlega á kostum.

Stemningin á fundinum var mjög góð. Javier og Josh voru ofur töffaralegir og sögðu brandara til skiptis. Coen-bræðurnir svöruðu spurningum blaðamanna með sínum einstaka húmor. Þeir voru mikið spurðir út í það hvað þeir hefðu gert öðruvísi núna en svöruðu að ekkert hefði breyst. Margir hafa líkt myndinni við Óskarsverðlaunamynd þeirra Fargo sem vann einnig Gullpálmann í Cannes.

Bræðurnir vinna sem einn maður; skrifa, leikstýra og framleiða í sameiningu. „Það getur verið mjög ruglingslegt að vinna með einum manni með tvö höfuð,“ sagði Josh þegar hann spurður hvernig væri að vinna með bræðrunum og Javier bætti við: „Ég var mjög svekktur þegar ég komst að því að þeir sofa ekki í sama rúminu.“ Javier var spurður hvernig hefði verið að leika í myndinni og svaraði: „Það var alveg frábært. Fyrir utan hárgreiðsluna sem ég þurfti að vera með, hún var mjög erfið,“ en hárgreiðslan passar vel við mann sem er gjörsamlega geðveikur og gerir hann ennþá fyndnari enda Coen-bræður þekktir fyrir mjög svartan húmor. „Ástæðan fyrir því að ég er með þennan geðveikislega svip á mér alla myndina er af því að ég skil ekki ensku og veit ekkert hvað er að gerast eða hvað ég er að segja,“ grínaðist Javier með þegar hann viðurkenndi að hafa hvorki lesið bókina né handritið þegar hann tók hlutverkið að sér.



**FARA Á KOSTUM** Diane Lane með þá Javier Bardem og Josh Brolin sín á milli en þeir þykja fara á kostum í nýjustu Coen-myndinni. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

### Besta Coen-myndin?

Josh Brolin átti erfiðara með að sannfæra bræðurna um að hann væri rétti maðurinn fyrir hlutverkið og voru tökur hafnar á myndinni áður en hann var ráðinn. „Ég var að klára að leika í Grindhouse og Quentin Tarantino tók upp videóbrotið sem ég sendi Ethan og Joel. En þeir tóku varla eftir mér og það eina sem þeir vildu vita var hver hefði séð um lýsinguna í vídeóinu.” En honum tókst að sannfæra þá að lokum.

No Country for Old Men er talin mjög sigurstrangleg í keppninni um Gullpálmann og margir gagnrýnendur eru sammála um að þetta sé besta mynd bræðranna. „Það er erfitt fyrir okkur að meta það hvort þetta sé besta myndin okkar,“ svaraði Joel og þeir voru sammála um að þeir fyndu ekki fyrir neinni pressu þó að eftirvæntingin eftir myndinni hefði verið gríðarleg. „Það er pressa á okkur meðan við erum að vinna myndina, þá getum við ennþá lagað hana. Núna er myndin tilbúin og ekkert sem við getum gert þannig að það er engin pressa,“ svöruðu þeir sallarólegir.

hannabjork@frettabladid.is

# Cortes syngur fyrir heimilislausa

Garðar Thor Cortes mun á næstu vikum standa fyrir heldur óhefðbundnum tónleikum víðsvegar um London. Garðar hyggst syngja á götum úti, í bókstaflegri merkingu, og mun hann koma fram í verslunarmiðstöðvum, við járnbrautarstöðvar og á fleiri opinberum stöðum í London.

Markmiðið með uppátæki Garðars Thors er að vekja athygli á aðstæðum heimilislausra íbúa London, en yfirvöld í London standa fyrir miklu átaki í þeim efnum þessa dagana, auk þess sem hann reynir að breiða út boðskap klassískrar tónlistar. Enska blaðið Independent greinir frá þessu fyrirhugaða „tónleikaferðalagi“ Garðars Thors.

„Það verður algjörlega ný reynsla fyrir mig að syngja á götunni í svo mikilli nálægð við hlustendur. Ég trúi því hins vegar að ópera sé tónlist sem snertir hjörtu fólks. Ég vonast til að almenningur muni njóta flutningsins hjá mér,“ segir Garðar Thor við Independent. Enn fremur segir að Garðar Thor muni ekki þiggja laun fyrir þátttöku sína í átakinu.

Fyrstu tónleikar Garðars munu fara fram á Leicester Square hinn 1. júní næstkomandi en staður og stund annarra útitónleika Garðars Thors hafa ekki verið tilkynntir opinberlega, enda mun eitt aðalmarkmið skipuleggjanda vera að koma almenningi á óvart með flutningi íslenska tenórsins. - vig



**Í FÓTSPOR BETLARANNA** Garðar Thor Cortes mun syngja við hlið allra hinna götulistamannanna á strætum Lundúnaborgar næstu vikur. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI




Róbert Bjarni Bjarnason er 19 ára. Hann varð stúdent 2005 og lauk flugmannsprófi frá Oxford Aviation Training nýlega. Hann hefur nú hafið störf sem flugmaður hjá einu stærsta flugfélagi Evrópu, Ryanair.



Margrét Kara Sturludóttir er 17 ára. Hún er að ljúka stúdentsprófi og er á sérstökum heiðurslista yfir úrvalsnemendur Hraðbrautar. Hún er í landsliðinu í körfubolta og var nýlega valin í 5 manna lið ársins ásamt því að vera valin efnilegasti ungi leikmaðurinn.

## Hefur þú það sem til þarf ?

MENNTASKÓLINN HRAÐBRAUT

TVEIMUR ÁRUM Á UNDAN

Faxafen 10
108 Reykjavík
Sími: 517-5040
Fax: 517-5041
Netfang: postur@hradbraut.is
Veffang: www.hradbraut.is




| SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 | | |
|---|---|---|
| FRACTURE | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | B.I. 14 ÁRA |
| IT'S A BOY GIRL THING | kl. 3.45 - 5.50 - 8 - 10.10 | |
| SPIDERMAN 3 | kl. 5 - 8 - 10.50 | B.I. 10 ÁRA |
| SPIDERMAN 3 SÝND Í LÚXUS | kl. 5 - 8 - 10.50 | |
| PATHFINDER | kl. 8 - 10.15 | B.I. 16 ÁRA |
| TMNT | kl. 4 - 6 | B.I. 7 ÁRA |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI ÍSLENSKT TAL | kl. 3.45 | |

| REGNBOGINN SÍMI 551 9000 | | |
|---|---|---|
| THE PAINTED VEIL | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | |
| IT'S A BOY GIRL THING | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | |
| SPIDERMAN 3 | kl. 6 - 9 | B.I. 10 ÁRA |
| INLAND EMPIRE | kl. 5.45 - 9 | B.I. 16 ÁRA |

| Borgarbíó SÍMI 462 3500 | | |
|---|---|---|
| FRACTURE | kl. 8 - 10.10 | B.I. 14 ÁRA |
| IT'S A BOY GIRL THING | kl. 6 | |
| SPIDERMAN 3 | kl. 6 - 9 | B.I. 10 ÁRA |

MIÐASALA Á midi.is

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

midi.is BÍÓ.IS – allt á einum stað




# Spila á Mini-Airwaves



Hljómsveitirnar GusGus og FM Belfast troða upp á sérstöku Iceland Airwaves-kvöldi í Kaupmannahöfn föstudaginn 1. júní undir yfirskriftinni Mini-Airwaves. Einnig koma fram frönsku raftónlistarmennirnir Spitzer, DJ Nil + Paral-lel og plötusnúðarnir Kasper Björke, Jack Schidt, Teki & Orgasmx.

Tónleikarnir verða haldnir á skemmtistaðnum Vega í miðborg Kaupmannahafnar. Tilgangurinn með þeim er að færa hluta af Airwaves-stemningunni út fyrir landsteinana og kynna hátíðina fyrir Kaupmannahafnarbúum. Icelandair býður upp á pakkaferðir á tónleikana frá Íslandi á 29.900 krónur.

**GUSGUS** Hljómsveitin GusGus spilar á Mini-Airwaves 1. júní.




HÁSKÓLABÍÓ

| | | |
|---|---|---|
| FRACTURE | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | B.I. 14 ÁRA |
| THE CONDEMNED | kl. 8 - 10.30 | B.I. 16 ÁRA |
| THE LIVES OF OTHERS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | B.I. 16 ÁRA |
| NEXT | kl. 8 - 10.30 | B.I. 14 ÁRA |
| MÝRIN 2 FYRIR 1 SÍÐUSTU SÝNINGAR | kl. 5.40 | B.I. 12 ÁRA |
| KÖLD SLÓÐ 2 FYRIR 1 SÍÐUSTU SÝNINGAR | kl. 5.50 | B.I. 12 ÁRA |

HAGATORG www.haskolabio.is SÍMI 530 1919









# Hinn óþekkti Zodiac

Í upphafi áttunda áratugarins leituðu lögregluyfirvöld í Norður-Kaliforníu að raðmorðingja sem hafði gefið sjálfum sér nafnið Zodiac. Hann skráði sig í sögubækurnar þegar hann sendi fjölmiðlum nokkur bréf á dulmáli þar sem nafn hans var að eigin sögn gefið upp. Myndasöguhöfundurinn Robert Graysmith komst næst því að ráða gátuna um hver Zodiac væri og byggir myndin á samnefndri metsölubók hans. Graysmith starfaði sem skopmyndahöfundur hjá San Francisco Chronicle en Zodiac sendi meðal annars bréfin sín þangað.

Zodiac-myndinni má skipta í tvennt. Fyrri hlutinn beinir sjónum að skrifum blaðamannsins drykkfellda Robert Avery um málið og flókinni rannsókn lögreglumannsins David Toschi þegar Zodiac-morðinginn var enn á kreiki en seinni hluti myndarinnar fjallar um grúsk Graysmith í alls kyns rykföllnum skjölum þegar Zodiac-morðinginn var flestum gleymdur og grafinn.

Leikstjóranum David Fincher bregst ekki bogalistin í Zodiac þótt honum virðist vera orðið tamt að teygja lopann um of. Fincher hefur hins vegar gott auga fyrir því hvernig á að byggja upp spennu og halda áhorfandanum við efnið án þess að notast við blóðugt ofbeldi eða eltingarleiki.

**KVIKMYNDIR**
**Zodiac**
Leikstjóri: David Fincher
Aðalhlutverk: Mark Ruffalo, Robert Downey Jr. og Jake Gyllenhaal
Zodiac er alveg í lengsta lagi en sleppur fyrir horn. Hennar helsti styrkur liggur fyrst og fremst í bitastæðu handriti James Vanderbilt og traustum leik Ruffalo, Downey og Gyllenhaal. Og þá þarf varla að spyrja að leikslokum.
★★★★

Styrkur Zodiac liggur þó fyrst og fremst í snilldarlega skrifuðu handriti James Vanderbilt og leik þeirra Mark Ruffalo, Robert Downey Jr. og Jake Gyllenhaal. Downey gæti hafa farið langt með að tryggja sér Óskarsverðlaunatilnefningu fyrir leik sinn sem hinn ofurdjúsaði og drykkfelldi Avery. Gyllenhaal fer létt með að vera skátinn Graysmith og Ruffalo kemur skemmtilega á óvart sem lögreglumaðurinn Toschi.

Zodiac stendur undir væntingum og er enn ein rósin í hnappagatið hjá Fincher. Hún er hins vegar í lengsta lagi og gætu óþolinmóðir því átt erfitt með sig undir rest þótt þeir lifi eflaust lokin af.

Freyr Gígja Gunnarsson










> **Heyrst hefur ...**

að bakvörðurinn Bjarni Ólafur Eiríksson sé á leið í Landsbankadeildina á nýjan leik. Bjarni gekk í raðir danska félagsins Silkeborg frá Val á sínum tíma en Silkeborg er fallið úr úrvalsdeildinni og þess vegna vill Bjarni róa á önnur mið. Unnusta hans, handboltamarkvörðurinn Berglind Íris Hansdóttir, hefur þegar haft vistaskipti yfir í Val og er talað um að Bjarni ætli sér einnig að spila með sínu gamla félagi fái hann viðunandi samning hjá félaginu. Vitað er að KR hefur einnig mikinn áhuga á bakverðinum og ætti Bjarni því að fá góðan samning sama hvernig fer. Liðið sem fær hann verður samt að borga fyrir hann þar sem hann er með samning við Silkeborg.



**sport**

sport@frettabladid.is

THEODÓR ELMAR BJARNASON: Í FYRSTA SINN Í BYRJUNARLIÐI CELTIC GEGN HIBERNIAN OG STÓÐ SIG VEL

# *Verð væntanlega áfram hjá Celtic*

KR-ingurinn Theodór Elmar Bjarnason lék sinn fyrsta leik í byrjunarliði Celtic í 2-1 tapi gegn Hibernian um síðustu helgi. Theodór Elmar þótti standa sig ákaflega vel í leiknum og fékk hrós frá þjálfaranum, Gordon Strachan, eftir leikinn.

„Þetta var langþráð tækifæri og frábært að fá loksins tækifæri. Það var mjög ljúf tilfinning að labba inn á völlinn. Það skemmdi ekki fyrir að mér gekk vel og ég fékk mikið hrós fyrir frammistöðuna. Það var gaman að heyra Strachan segja að ég hefði verið einn af ljósu punktunum í leiknum,“ sagði Theodór Elmar við Fréttablaðið í gær. „Ég byrjaði á vinstri kantinum en var svo færður á miðjuna þegar Thomas Gravesen fór af velli.“

Theodór gekk til liðs við Celtic á sínum tíma ásamt félaga sínum og vini, Kjartani Henry Finnbogasyni, sem hefur ákveðið að róa á önnur mið. Elmar gerir fastlega ráð fyrir því að vera áfram hjá Celtic enda vill félagið endilega halda honum.

„Það hjálpar til við ákvörðunina að fá loksins að spila en það er ekkert 100 prósent víst enda ekki alveg búið að ganga frá launapakka og annað. Fái ég aftur á móti samning sem ég sætti mig við verð ég hér áfram. Það er alveg ljóst. Málin munu skýrast endanlega í þessari viku,“ sagði Theodór en lið í Englandi, Hollandi og Belgíu hafa einnig borið víurnar í hann.

Theodór segir að það verði mjög sérstakt að vera áfram í Glasgow án Kjartans Henrys.

„Það er mjög mikill missir að honum. Það verður að gera gott úr því þó svo að ég hefði kosið að hafa hann hérna áfram. Það hefur verið frábært að hafa stuðning hvor af öðrum. Gátum peppað hvorn annan upp þegar á þurfti að halda og annað. Okkur samdi vel og við erum verulega góðir vinir,“ sagði Theodór, en var aldrei slegist? „Nei, það var lítið um það. Hann hefði heldur aldrei þorað í mig,“ sagði Theodór léttur.



## ÚRSLIT LEIKJA Í GÆR

### *Landsbankadeild karla*

| | |
|---|---|
| HK-ÍA | 1-0 |

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FH** | **2** | **2** | **0** | **0** | **5-3** | **6** |
| VÍKINGUR | 2 | 1 | 1 | 0 | 2-0 | 4 |
| **VALUR** | **2** | **1** | **1** | **0** | **3-2** | **4** |
| HK | 2 | 1 | 1 | 0 | 1-0 | 4 |
| **KEFLAVÍK** | **2** | **1** | **0** | **1** | **3-3** | **3** |
| FYLKIR | 2 | 1 | 0 | 1 | 2-2 | 3 |
| **KR** | **2** | **0** | **1** | **1** | **2-3** | **1** |
| BREIÐABLIK | 2 | 0 | 1 | 1 | 1-2 | 1 |
| **FRAM** | **2** | **0** | **1** | **1** | **1-3** | **1** |
| ÍA | 2 | 0 | 0 | 2 | 2-4 | 0 |

### *Landsbankadeild kvenna*

VALUR-STJARNAN 5-1

1-0 Margrét Lára Viðarsdóttir (14.), 2-0 Margrét Lára Viðarsdóttir (58.), 3-0 Nína Ósk Kristinsdóttir (63.), 4-0 Margrét Lára Viðarsdóttir, víti (67.), 4-1 Harpa Þorsteinsdóttir (70.), 5-1 Dóra María Lárusdóttir (77.).

KEFLAVÍK-ÞÓR/KA 7-0

1-0 Danka Podovac (2.), 2-0 Eva Kristinsdóttir (9.), 3-0 Guðný Petrína Þórðardóttir (11.), 4-0 Björg Magnea Ólafsdóttir (67.), 5-0 Vesna Smiljkovic (68.), 6-0 Danka Podovac (77.), 7-0 Guðný Petrína Þórðardóttir, víti (83.).

FJÖLNIR-FYLKIR 0-0

### *Sænska úrvalsdeildin*

GAIS-KALMAR 0-3

Jóhann B. Guðmundsson lék allan leikinn fyrir GAIS og Eyjólfur Héðinsson fyrri hálfleikinn.

TRELLEBORG-DJURGÅRDEN 0-3

Sölvi Geir Ottesen var ekki í leikmannahópi Djurgården. Sigurður Jónsson er þjálfari liðsins sem er í sjöunda sæti deildarinnar.



**FEDERER FAGNAR** Loksins vann hann Rafael Nadal á leir. NORDIC PHOTOS/GETTY

Roger Federer:

## Nadal loksins stöðvaður á leir

**TENNIS Roger Federer varð fyrsti tenniskappinn til að bera sigurorð af Spánverjanum Rafael Nadal á leirvelli í 82 leikjum. Þetta gerði hann í úrslitaviðureigninni á Masters-mótinu í Hamborg um helgina.**

**„Ég spilaði frábærlega og áttaði mig loksins á hvernig ég þarf að spila gegn honum,“ sagði Federer.**

**Nadal hefur einokað opna franska meistaramótið í tvö ár en það fer fram á leir. Federer hefur unnið öll stórmót nema það franska.** - esá

# Draumabyrjun hjá HK á heimavelli

**Nýliðar HK unnu góðan sigur á ÍA, 1-0, í sínum fyrsta heimaleik í efstu deild. Jón Þorgrímur Stefánsson skoraði markið. Guðjón Þórðarson þjálfari Skagamanna var gagnrýninn í garð dómaranna eftir leik.**

**FÓTBOLTI** Nýliðar HK byrja vel í Landsbankadeildinni en þeir lönduðu sínum fyrsta sigri í deildinni í gær þegar ÍA kom í heimsókn. Skagamönnum hefur gengið illa gegn HK í bikarnum síðustu ár og á því varð engin breyting í gær. Leikurinn var lítið fyrir augað en HK gerði það sem Skagamenn komust ekki nálægt því að gera í gær – að skora.

Hann var ekki beint fagur fótboltinn sem boðið var upp á framan af leik í gær. Báðum liðum gekk ákaflega illa að halda boltanum innan sinna raða og hver klaufasendingin rak aðra lengi framan af. Leikurinn minnti í raun á slakan neðrideildarleik.

Skagamenn voru skömminni skárri, sóttu meir og stýrðu umferðinni. Þeim gekk aftur á móti bölvanlega að opna vel skipulagða vörn HK. Heimamenn voru greinilega nokkuð taugaveiklaðir og sóknarleikur liðsins var mjög líflaus. Stungur upp miðjan völlinn og síðan sótt á fáum mönnum. Skagamenn voru að sama skapi mjög hugmyndasnauðir í sínum sóknaraðgerðum.

Það kom því eins og þruma úr heiðskíru lofti þegar Jón Þorgrímur kom boltanum í netið af stuttu færi eftir sendingu Finns Ólafssonar. Skagavörnin svaf illilega á verðinum og var refsað grimmilega. Þetta var fyrsta skot HK á markið og aðeins annað skotið í leiknum sem rataði á rammann.

Skagamenn héldu áfram að stýra umferðinni í síðari hálfleik en voru ákaflega bitlausir fram á við svo vægt sé tekið til orða. Föst leikatriði liðsins skiluðu nákvæmlega engu, þeir komu ekki skoti á markið og voru ekki nálægt því einu sinni.

Það var svo hálfgert rothögg fyrir gestina þegar þeirra langbesti maður, Bjarni Guðjónsson, fékk sitt annað gula spjald rúmum tuttugu mínútum fyrir leikslok og þar með það rauða. Þar með var ballið í raun búið.

HK-ingar undu vel við sitt. Gátu setið til baka og sótt hratt eins og þeim hentar hvað best. Þann munað gat liðið leyft sér allan leikinn og það breyttist ekkert þótt liðið væri með manni meira. Liðið er massíft, vel skipulagt í vörn og með skeinuhætta menn fram á við. HK mun bíta frá sér í sumar með álíka skynsömum og þéttum leik.

Skagamenn eru stigalausir og staða þeirra lofar ekki góðu, sérstaklega þar sem Bjarni er á leið í bann og Þórður er meiddur. Þeir þurfa klárlega að styrkja og það fyrr frekar en síðar ef ekki á illa að fara.

Guðjón Þórðarson sagði sína menn hafa verið óheppna, sér í lagi í fyrri hálfleik, í viðtali við Hörð Magnússon á Sýn eftir leik. Hann gagnrýndi dómara leiksins einnig mikið. „Fylgnin í dómgæslunni er athyglisverð. Það voru ákveðin atvik sem áttu sér stað í fyrri hálfleik sem fréttamenn þurfa að skoða. Þeir þurfa líka að velta fyrir sér hvers konar meðferð við erum að fá frá dómurum. Það er lagt út með ákveðin skilaboð og hópur HK-manna sem eltu dómarann og heimtuðu gult spjald. Ef það er farið af stað með þessi fyrirmæli er ljóst að það er einn maður sem fær falleinkunn hér í kvöld,“ sagði Guðjón. „Það er dapurlegt en ég vona að fréttamenn fjalli um þetta og fari faglega í gegnum það. Við þurfum á því að halda.“

**henry@frettabladid.is**



**FYRIRLIÐINN Í ELDLÍNUNNI** Gunnleifur Gunnleifsson, markvörður og fyrirliði HK, var væntanlega ánægður með sigur sinna manna í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**HK 1-0 ÍA**

Kópavogsv., áhorf.: 699 — Ólafur Ragnarsson (8)

*1-0 Jón Þorgrímur Stefánsson (38.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 7–12 (2–4) |
| Varin skot | Gunnleifur 3 – Páll Gísli 1 |
| Horn | 4–4 |
| Aukaspyrnur fengnar | 13–13 |
| Rangstöður | 7–2 |

| **HK** 4–5–1 | | **ÍA** 4–3–3 | |
|---|---|---|---|
| Gunnleifur Gunnl. | 7 | Páll Gísli Jónsson | 6 |
| Davíð Magnússon | 7 | Ellert Jón Björnsson | 5 |
| Ásgrímur Albertss. | 7 | Heimir Einarsson | 5 |
| Finnbogi Llorens | 7 | Helgi P. Magnússon | 6 |
| Stefán Eggertsson | 7 | Kári Steinn Reyniss. | 5 |
| Kristján Ari Halld. | 6 | (46. Gísli Freyr B. | 6) |
| Finnur Ólafsson | 6 | Bjarni Guðjónsson | 7 |
| Rúnar Páll Sigmunds | 6 | Jón Vilhelm Ákason | 6 |
| ***Jón Þ. Stefánss.** | **7** | Arnar M. Guðjónss. | 2 |
| (84. Calum Bett | -) | (72. Guðm. Guðjóns | -) |
| Þórður Birgisson | 3 | Dean Martin | 5 |
| Oliver Jäger | 5 | (22. Guðjón Sveinss. | 6) |
| (67. Almir Cosic | 4) | Andri Júlíusson | 4 |
| | | Björn Bergmann S. | 6 |

**Maður leiksins*

Landsbankadeild kvenna hófst með þremur leikjum í gær:

# Valur og Keflavík byrja vel

**FÓTBOLTI** Landsbankadeild kvenna hófst í gær með þremur leikjum og litu þrettán mörk dagsins ljós. Íslandsmeistarar Vals byrjuðu á góðum sigri á Stjörnunni, 5-1, á meðan Keflavík fór illa með Þór/KA, 7-0. Í Grafarvoginum skildu hins vegar Fjölnir og Fylkir jöfn í markalausum leik.

„Þetta var hörkuleikur,“ sagði Björn Kristinn Björnsson, þjálfari Fylkis, eftir leik. „Það var mikil stöðubarátta á vellinum og það sem var einkennandi fyrir hann var að fá sem engin færi litu dagsins ljós.“

Hann segir að lið Fjölnis sé sterkt og hann sé því feginn að hafa fengið eitt stig úr leiknum, úr því sem komið var.

„Fjölnir var að fá tvo sterka Kana sem passa afar vel í liðið. Ég hins vegar missti fljótan leikmann af velli snemma í leiknum vegna meiðsla og þá var Anna Björg Björnsdóttir í banni í þessum leik. Lið eins og Fylkir er svo brothætt að við megum við tiltölulega litlum skakkaföllum,“ sagði Björn Kristinn.

Hann sagði um leikmenn liðanna að þeir hefðu greinilega verið taugaóstyrkir og ragir. „Leikurinn byrjaði í raun ekki almennilega fyrr en í seinni hálfleik en það var mikið af mistökum hjá leikmönnum í þessum leik,“ sagði hann.

„En við hlökkum mikið til mótsins og ég held að það verði margir góðir og spennandi leikir á dagskrá,“ bætti hann við. - esá



**MARGRÉT LÁRA MEÐ ÞRENNU** Margrét Lara Viðarsdóttir skoraði þrjú mörk fyrir Val í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

STILLUM HITANN HÓFLEGA

Góð ráð og gagnlegar upplýsingar um heita vatnið

www.stillumhitann.is


515 6100 I SYN.IS I VERSLUNUM VODAFONE
PLAYSTATION 3
MasterCard
GOTT FÓLK McCANN
UEFA CHAMPIONS LEAGUE
Á MORGUN KL. 18:00
AC MILAN
LIVERPOOL
ÚRSLITALEIKURINN
STÆRSTI
LEIKUR
ÁRSINS
Guðni Bergs og Heimir Karls fjalla
um leiki kvöldsins fyrir og eftir leik.
sýn
besta sætið



**FYLKIR OG ÍR** Bæði félög hafa skráð lið til þátttöku fyrir næsta tímabil. Hér eigast liðin við á liðnu tímabili. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Handboltinn næsta vetur:

## Tólf lið skráð í fyrstu deildina

**HANDBOLTI** Nú er ljóst hvaða félög skráðu sig til þátttöku á næsta keppnistímabili í handbolta karla. Fimmtán félög senda samtals tuttugu lið til þátttöku, þar af leika átta lið í úrvalsdeild og tólf í 1. deild.

21 lið hefði þurft til að skipta í þrjár deildir en þó er alls ekki útilokað að einhver af þessum fimmtán félögum dragi lið sitt til baka áður en tímabilið hefst í haust.

Fylkir og ÍR, sem bæði féllu úr úrvalsdeildinni í vor, senda eitt lið til þátttöku. - esá

**ÚRVALSDEILD KARLA**

**Afturelding, Akureyri, Fram, Haukar, HK, ÍBV, Stjarnan og Valur.**

**1. DEILD KARLA**

**FH, Fram 2, Fylkir, Grótta, Haukar 2, HK 2, Höttur, ÍR, Selfoss, Stjarnan 2, Valur 2 og Víkingur.**

Sven-Göran Eriksson:

## England kemst áfram í EM

**FÓTBOLTI Sven-Göran Eriksson, fyrrverandi landsliðsþjálfari Englands, hefur trú á sínum gömlu lærisveinum. „Ég er viss um að þeir komist áfram í úrslitakeppnina þar sem þeir munu standa sig vel,“ sagði hann.**

**Spurður hvort Steve McClaren ætti að fá að halda starfi sínu sem landsliðsþjálfari sagði hann að sú umræða væri ómerk þar sem England myndi komast áfram. Þeim ensku hefur gengið fremur illa í upphafi undankeppninnar.** - esá

# Björgvin, Ragnar Már og Jón Heiðar í Stjörnuna

**Þrír af sterkustu leikmönnum ÍR hafa samþykkt að ganga til liðs við Stjörnuna og leika með liðinu næstu tvö árin. Þar með hafa Garðbæingar tekið til sín flesta stærstu bitana frá þeim tveimur liðum sem féllu úr úrvalsdeildinni í vor.**

**HANDBOLTI** ÍR-ingarnir Björgvin Hólmgeirsson, Ragnar Már Helgason og Jón Heiðar Gunnarsson hafa samþykkt að ganga til liðs við Stjörnuna samkvæmt afar áreiðanlegum heimildum Fréttablaðsins. Þetta mun verða tilkynnt á næstunni en í síðustu viku var staðfest að Fylkismennirnir Guðlaugur Arnarsson, Heimir Örn Árnason og Hlynur Morthens hefðu samið við Stjörnuna.

Bæði Fylkir og ÍR féllu úr úrvalsdeildinni í vor og munu því leika í 1. deildinni að ári. Því er viðbúið að bestu leikmenn félaganna leiti annað og svo virðist sem langflestir þeirra fari í Garðabæinn.

Enginn þeirra vildi þó staðfesta þetta í samtali við Fréttablaðið. Björgvin sagði þó að hann hefði gefið ÍR-ingum afsvar.

Um helgina greindi Fréttablaðið frá því að Patrekur Jóhannsson og Roland Valur Eradze hefðu samþykkt að leika áfram með félaginu og þá verður Kristján Halldórsson áfram þjálfari liðsins.

Nokkrir munu þó yfirgefa herbúðir Stjörnunnar. Björn Óli Guðmundsson og Tite Kalandadze verða ekki áfram og þá hefur Elías Már Halldórsson samið við lið í Þýskalandi.

Ljóst er að Stjörnumenn munu mæta gríðarlega sterkir til leiks næsta vetur og gera sterkt tilkall til Íslandsmeistaratitilsins. eirikur@frettabladid.is





**BJÖRGVIN OG RAGNAR MÁR** Báðir á leið til Stjörnunnar sem og Jón Heiðar Gunnarsson, félagi þeirra úr ÍR. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**LYKILMENN** Tim Duncan hjá San Antonio og Carlos Boozer, leikmaður Utah. NORDIC PHOTOS/GETTY

Úrslitakeppni NBA:

## San Antonio komið yfir

**NBA** San Antonio Spurs vann fyrsta leikinn í úrslitarimmu vesturdeildarinnar gegn Utah Jazz í fyrrinótt, 108-100. Tim Duncan skoraði 27 stig fyrir San Antonio en Deron Williams 34 fyrir Utah, þar af átján í fjórða leikhlutanum. Utah náði að minnka muninn í sjö stig þegar 22 sekúndur voru eftir og hleypti þar með smá spennu í leikinn. Nær komst liðið þó ekki.

„Mér fannst við spila vel í fyrri hálfleik,“ sagði Tony Parker, sem skoraði 21 stig í gær. „Við spiluðum góða vörn og pössuðum að Carlos Boozer fengi engar auðveldar körfur.“

Annar leikur liðanna verður sýndur í beinni útsendingu á Sýn klukkan eitt í nótt. - esá

Simun Samuelsen og Guðmundur Sævarsson sammála um að sá síðarnefndi hefði átt að fá rautt spjald:

# Hefði ekkert kvartað yfir rauðu spjaldi

**FÓTBOLTI** Mjög umdeilt atvik átti sér stað eftir um 40 sekúndur í leik Keflavíkur og FH á sunnudag. Þá braut FH-ingurinn Guðmundur Sævarsson á Keflvíkingnum Simuni Samuelsen þegar sá síðarnefndi var að sleppa í gegnum vörn FH-inga.

Vildu margir sjá rautt spjald á Guðmund þar sem hann virtist vera aftasti maður en annars fínn dómari leiksins, Erlendur Eiríksson, lét sér gult spjald.

„Það var kannski erfitt fyrir dómarann að meta þetta en hann rífur í mig og ég var að sleppa í gegn. Ég vil ekki vera að biðja um neitt en mér fannst að þetta hefði átt að vera rautt spjald. Dómarar gera samt mistök eins og aðrir en ég vil taka fram að mér hefur fundist dómgæslan hafa verið mjög góð,“ sagði Simun við Fréttablaðið í gær.

Guðmundur tók í svipaðan streng og Færeyingurinn. „Ég hefði ekki kvartað neitt ef dómarinn hefði gefið mér rautt. Simun var kominn í gegn og ég kippi í hendina á honum. Hann kryddar þetta reyndar aðeins en engu að síður þá kippti ég í hann. Þetta voru ósjálfráð viðbrögð og kannski ekki sérstaklega skynsamleg en í lagi fyrst ég fékk bara gult,“ sagði Guðmundur.

Erlendur Eiríksson dómari vildi ekki tjá sig um málið þegar eftir því var leitað. - hbg



**Á GRÁU SVÆÐI** Guðmundur mátti þakka fyrir að sjá ekki rautt gegn Keflavík og hér sést hann á eftir Simuni einu sinni sem oftar í leiknum. MYND/VÍKURFRÉTTIR



**VALUR INGIMUNDARSON** Það gengur illa að finna arftaka Vals hjá Skallagrími og ljóst að útlendingur mun taka hans stöðu.

Lítið gengur í þjálfaraleit Skallagríms:

# Vonlaust að fá Íslending til að þjálfa Skallagrím

**KÖRFUBOLTI** Skallagrímur er enn án þjálfara þótt nokkuð langt sé um liðið frá því deildinni lauk. Borgnesingar eru þó ekki þjálfaralausir að eigin vilja heldur gengur ekkert að fá mann í starfið.

„Það virðist vera vonlaust að fá Íslending í starfið. Ég held við höfum talað við eina átta Íslendinga um starfið en það skilaði okkur engu,“ sagði Hafsteinn Þórisson, sem er nýtekinn við sem formaður körfuknattleiksdeildarinnar og verður ekki sagt að hveitibrauðsdagarnir hafi verið eftirminnilegir.

Valur Ingimundarson hætti sem kunnugt er störfum sem þjálfari liðsins eftir síðustu leiktíð. Hann gæti þó þurft að halda áfram finnist enginn þjálfari þar sem hann á eitt ár eftir af samningi sínum.

„Við skulum vona að til þess komi ekki enda viljum við ekkert vera að pína mann til að þjálfa áfram sem er orðinn þreyttur og vill taka sér smá frí,“ sagði Hafsteinn. En hver eru næstu skref?

„Við erum að þreifa fyrir okkur utan landsteinanna og gengur ágætlega. Vonandi getum við tilkynnt um nýjan þjálfara fljótlega.“ - hbg







# Sérhannað múreinangrunarkerfi




**maxit**

## SERPO 261

**SERPO 261** Múreinangrunarkerfið hefur farið sigurför um Norðurlönd og hefur verið notað á Íslandi síðan 2003.
**Serpo 261** kerfið samanstendur af plast-einangrun eða steinull, með u.þ.b. 8-10 mm þykku lagi af **Serpo 261** trefjamúr sem styrktur er með glertrefjaneti.

**Serpo 261** múreinangrunarkerfið er einstaklega hagkvæmt, öruggt og auðvelt í uppsetningu.

Líttu við hjá okkur og kynntu þér fullþróað múreingrunarkerfi sem virkar og hefur sannað sig á Íslandi.

EOTA SAMÞYKKT

SITAC Prófað af SITAC

*Frábært múrkerfi á plast- eða steinullareinangrun*

***Hönnuðir, leitið nánari upplýsinga***




**MÚRBÚÐIN**

*Byggingavöruverslunin í Árbænum*

Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

*Akureyri og Húsavík*

## PATRICK DEMPSEY

Fyrra hjónaband Patricks vakti mikla athygli enda var hann 21 árs en leikkonan Rocky Parker 48 ára þegar þau gengu í hnapphelduna. Hjónabandið entist í sjö ár en árið 1999 giftist Patrick förðunarmeistaranum Jillian Fink og á með henni þrjú börn. Patrick leikur hinn myndarlega lækni dr. Shepherd í Grey´s Anatomy kl. 22.00.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ JARÞRÚÐUR KARLSDÓTTIR HORFIR Á SÁPU

# *Forboðin fegurð*

Ég komst að því nýlega að Stöð tvö er farin að sýna spænsku sápuóperuna Forboðna fegurð á morgnana.

Ég verð að viðurkenna að ég varð strax alveg heilluð.

Spænska hljómar í minum eyrum alltaf eins og fólk sé að segja eitthvað mjög mikilvægt og dramatískt og sé jafnvel orðið svolítið reitt. Þetta fellur fullkomlega að sápuóperuforminu, þær snúast einmitt um að það sé alltaf eitthvað mikilvægt og dramatískt að gerast og ef einhver einn er ekki á barmi taugaáfalls er hann að minnsta kosti mjög reiður.




Tónlistin í Forboðinni fegurð er svo alveg kapítuli út af fyrir sig. Í hvert sinn sem einhver opnar dyr eða lítur út um glugga heyrast jafnharðan tónar sem benda manni á að nú sé eitthvað rosalegt að fara að gerast. Þetta rosalega er svo oft eitthvað á borð við að stelpan kemur heim úr vinnunni og hittir mömmu sína í smá stund.

Það sem heillar mig samt mest við sápuóperur er að á einhvern óskiljanlegan hátt er alltaf alveg merkilega mikið og ótrúlega lítið að gerast á sama tíma. Það er alltaf eitthvað rosalegt í uppsiglingu, sonur dóttur ömmunnar er að fara að eignast barn með elskhuga föður frænkunnar sem enginn vissi að væri til, en einhvern veginn gerist samt ekki neitt. Maður getur horft einu sinni í viku og samt ekki misst af neinu.

Hvað sem öðru líður hef ég fulla trú á að þættirnir eigi eftir að fóstra mikinn áhuga á spænskri menningu og fólk eigi eftir að flykkjast í spænskunám í kjölfar þeirra. Já eða bara á Benidorm.

## EKKI MISSA AF



▶ **21.40** Las Vegas STÖÐ 2



▶ **22.00** Alfie STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **22.00** Grey´s Anatomy SIRKUS



▶ **22.25** Njósnadeildin SJÓNVARPIÐ



▶ **22.30** Close to Home - Lokaþáttur SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**17.05 Leiðarljós**

**17.50 Táknmálsfréttir**

**18.00 Franklín** (75:78)

**18.30 Ofurþjarkinn og apahersveitin**

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Kastljós**

**20.10 Everwood** (14:22) Bandarísk þáttaröð um heilaskurðlækni og ekkjumann sem býr ásamt tveimur börnum sínum í smábænum Everwood í Colorado. Aðalhlutverk leika Treat Williams, Gregory Smith, Emily Van Camp, Debra Mooney, John Beasley og Vivien Cardone.

**20.55 Ómur af Ibsen - Vandræði** (7:8) Norsk þáttaröð þar sem sagðar eru nútímasögur byggðar á verkum Henriks Ibsens. Upptökustjórinn María býður sænskri poppstjörnu heim með sér eftir sjónvarpsútsendingu. Þetta er mynd um lífslygi og sjálfsblekkingu og hvernig má þrauka þótt allt sé í upplausn. Höfundur og leikstjóri er Dag Johan Haugerud.

**21.25 Hljóðu börnin** (Seportager: De tysta barnen) Finnskur heimildaþáttur um heyrnarlausa stúlku sem er að byrja í skóla.

**22.00 Tíufréttir**

▶**22.25 Njósnadeildin** (5:10) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**23.20 Víkingasveitin** (2:4) (Ultimate Force) Breskur spennumyndaflokkur um sérsveit innan hersins sem fæst við erfið mál. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna. e.

**00.20 Kastljós**

**00.55 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Smiling Fish & Goat on Fire**

**08.00 Forrest Gump** (e)

**10.20 Finding Neverland**

**12.00 Bride & Prejudice**

**14.00 Forrest Gump** (e)

**16.20 Finding Neverland**

**18.00 Bride & Prejudice**

**20.00 Smiling Fish & Goat on Fire**

▶**22.00 Alfie** Rómantísk gamanmynd með hjartaknúsaranum Jude Law í aðalhlutverki. Endurgerð samnefndrar sögufrægrar gamanmyndar frá 7. áratug síðustu aldar.

**00.00 Man on Fire**

**02.25 Van Wilder**

**04.00 Alfie**

## STÖÐ 2

**07.20 Myrkfælnu draugarnir**

**07.30 Taz-Mania 1**

**07.50 Myrkfælnu draugarnir**

**08.05 Oprah**

**08.50 Í fínu formi 2005**

**09.05 Bold and the Beautiful**

**09.25 Forboðin fegurð** (53:114)

**10.10 Numbers** (15:24)

**11.05 Fresh Prince of Bel Air 4**

**11.30 Man´s Work** (13:15)

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.45 Nágrannar**

**13.10 Homefront**

**13.55 Las Vegas** (17:23)

**14.40 Whose Line Is it Anyway? 4**

**15.05 Veggfóður** (18:20)

**15.50 Shin Chan**

**16.10 Batman**

**16.33 Horance og Tína**

**16.58 Myrkfælnu draugarnir** (62:90)

**17.13 Véla Villi**

**17.28 Bold and the Beautiful**

**17.53 Nágrannar**

**18.18 Ísland í dag og veður**

**18.30 Fréttir**

**18.55 Ísland í dag, íþróttir og veður**

**19.40 Simpsons** (4:21)

**20.05 The Apprentice** (14:16) Donald Trump snýr aftur í fimmtu þáttaröðinni af Lærlingnum.

**20.50 Shark** (20:22) Nýir bandarískir spennuþættir sem slegið hafa í gegn vestanhafs.

▶**21.40 Las Vegas** (6:17) Spennandi þáttaröð sem gerist í partíborginni Las Vegas.

**22.25 The Unit** (7:23) Önnur þáttaröð þessara vinsælu þátta sem fjallar um störf leynilegrar úrvalsveitar innan bandaríska hersins sem hefur það hlutverk að fara í hættulegustu og leynilegustu ferðir sem upp koma.

**23.10 Twenty Four** (18:24)

**23.55 Cold Case** (17:24) Fjórða þáttaröð

**00.40 Fourplay**

**02.05 Ladder 49**

**03.55 Shark** (20:22)

**04.40 Simpsons** (4:21)

**05.05 Fréttir og Ísland í dag**

**06.15 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**18.00 Insider**

**18.30 Fréttir**

**19.00 Ísland í dag**

**19.40 Entertainment Tonight**

**20.10 Kitchen Confidential** (1:13) Gamanþættir um Jack Bourdain var eitt sinn þekktur kokkur en eftir eina villta nótt tókst honum að klúðra öllu því sem hann hafði afrekað. Einn daginn fær hann upp úr þurru tilboð og er boðin staða yfirkokks á flottum veitingastað í New York. Það er þó einn hængur á: eigandinn gefur Jack einungis 48 klukkustundir til að fullmanna eldhúsið og vera tilbúinn til að elda ofan í 300 manns, þar á meðal matargagnrýnanda The New York Times.

**20.40 Gene Simmons: Family Jewels** (12:13) Rokkgoðið Gene Simmons úr hljómsveitinni Kiss hleypir áhorfendum inn í líf sitt í þáttunum Family Jewels.

**21.10 Young Blades** (3:13) Spennandi þáttaröð þar sem sögusviðið er Frakkland á miðöldum og svokallaðar skyttur sjá um að verja landið gegn illum öflum. Ný kynslóð af skyttum eru í þjálfun og meðal þeirra er sonur hinnar þekktu skyttu D´Artagnan. Hinn ungi D´Artagnan og félagar hans þurfa að leggja allt undir til að verja konung sinn gegn hinum illa kardínála Mazarin sem gerir hvað sem er til að komast til valda.

▶**22.00 Grey´s Anatomy** (22:25) Spennandi og dramatískir þættir sem gerast á skurðstofu á Grace-spítalanum í Seattleborg en þar starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar.

**22.50 Grey´s Anatomy** (23:25)

**23.40 American Idol** (38:41) Úrslitastundin nálgast í American Idol en nú eru aðeins þrír keppendur eftir.

**00.25 American Idol** (39:41)

**01.10 Pussycat Dolls Present: The Search** (3:8) (e)

**02.00 Entertainment Tonight** (e)

**02.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 N4 Fréttir** og að þeim loknum veðurfréttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10.15 næsta dag.

**16.45** og **17.45 Átak með Guðrúnu Gísla**. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05.45 til 09.45 næsta dag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**07.15 Beverly Hills 90210** (e)

**08.00 Rachael Ray** (e)

**08.45 Vörutorg**

**09.45 Melrose Place** (e)

**10.30 Leiðin að titlinum** (e)

**15.15 Vörutorg**

**16.15 Fyrstu skrefin** (e)

**16.45 Beverly Hills 90210**

**17.30 Melrose Place**

**18.15 Rachael Ray**

**19.00 Everybody Loves Raymond** (e)

**19.30 According to Jim** (e)

**20.00 Leiðin að titlinum** Ungfrú Ísland 2007 verður valin á föstudagskvöldið. Dagana fyrir keppni fá áhorfendur að kynnast stúlkunum betur í sérstökum þáttum sem sýndir verða í beinni útsendingu úr myndveri SkjásEins.

**20.30 Queer Eye for the Straight Guy** Michael og Anne Marie voru nýgift þegar hún greindist með krabbamein. Nú líður henni betur og hinir fimm fræknu ætla að koma turtildúfunum á óvart og bjóða þeim í aðra brúðkaupsferð.

**21.30 Innlit / útlit** Hönnunar- og lífsstílsþáttur þar sem Þórunn, Nadia og Arnar Gauti koma víða við, heimsækja skemmtilegt fólk og breyta og bæta á heimilum þess.

▶**22.30 Close to Home**

**23.20 Everybody Loves Raymond**

**23.45 Jay Leno**

**00.35 Heroes** (e)

**01.35 Jericho** (e)

**02.25 Beverly Hills 90210** (e)

**03.10 Melrose Place** (e)

**03.55 Leiðin að titlinum** (e)

**04.25 Vörutorg**

## SKJÁR SPORT

**18.00 Tímabilið 2006 - 2007** Tímabilið 2006 til 2007 í ensku úrvalsdeildinni gert upp í skemmtilegum þætti.

**19.00 Tímabilið 2005 - 2006** (e)

**20.00 Tímabilið 2004 - 2005** (e)

**21.00 Mörk tímabilsins 2006 - 2007** Samantekt af mörkum tímabilsins 2006 til 2007 í ensku úrvalsdeildinni.

**22.00 Mörk tímabilsins 2005- 2006**(e)

**23.00 Mörk tímabilsins 2004- 2005**(e)

**00.00 Dagskrárlok**

GOTT FÓLK McCANN



Í BÍTIÐ Á BYLGJUNNI
6.55-9.00 ALLA VIRKA MORGNA

HEIMIR OG KOLBRÚN TAKA Á MÓTI ÞÉR Í BETRI STOFU BYLGJUNNAR
FULLUR ÞÁTTUR AF ÖLLU SEM ÞÚ ÞARFT FYRIR DAGINN

Dægurmál, fréttir, veður, íþróttir og allt þar á milli

BYLGJAN 989

- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

## Í KVÖLD

### Stöð 2 kl. 20.50
### SHARK

Í þætti kvöldsins sækir Stark mál á móti fyrrverandi nemanda sínum en málið virðist ekki flókið við fyrstu sýn. Um er að ræða morð á manni sem ýtt var af svölum. Ekki er þó allt sem sýnist frekar en venjulega og Stark þarf að nota alla sína reynslu og hæfileika til að leysa málið.



### ▶ Við mælum með
### KITCHEN CONFIDENTIAL
### Sirkus kl. 20.10

Jack Bourdain var eitt sinn þekktur kokkur en á einni nótt tókst honum að klúðra öllu því sem hann hafði afrekað. Hann fær nú upp úr þurru tilboð og er boðin staða yfirkokks á flottum veitingastað í New York. Það er þó einn hængur á; Jack hefur einungis 48 klukkustundir til að fullmanna eldhúsið og vera tilbúinn til að elda ofan í 300 manns, þar á meðal matargagnrýnanda The New York Times.



### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**09.05** Laufskálinn
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Heima er best
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Útvarpssagan: Lífsjátning
**14.30** Seiður og hélog
**15.03** Orð skulu standa
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Vitinn
**19.30** Laufskálinn
**20.10** Sagnaþættir Jóns Helgasonar
**20.55** Í heyranda hljóði: Torf í arf
**21.55** Orð kvöldsins
**22.15** Lotta í Wetzlar og Weimar
**23.10** Fimm fjórðu
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

### SÝN

**07.00 Landsbankadeildin 2007** (HK - ÍA)

**16.10 Landsbankadeildin 2007** (HK - ÍA)

**18.00 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur** Fréttir af leikmönnum og liðum auk þess sem farið er yfir mörkin, helstu tilþrifin í síðustu umferð og spáð í spilin fyrir næstu leiki.

**18.30 UEFA Champions League** (Liverpool - AC Milan)

**21.30 Kaupþings mótaröðin 2007**

**22.30 Heimsmeistaramótið í póker** (World Cup of Poker) Heimsmeistaramótið 2006 í Póker sem fram fór á Spáni síðastliðið haust. Þar tóku Íslendingar þátt í fyrsta sinn og verður spennandi að fylgjast með gengi þeirra.

**23.30 PGA Tour 2007 - Highlights** (Bell South Classic) Svipmyndir frá síðasta móti á PGA-mótaröðinni í golfi í Bandaríkjunum. Farið er yfir helstu tilþrifin fyrstu þrjá keppnisdagana en svo er efstu kylfingunum fylgt eftir á lokaholunum.

**00.25 Coca Cola mörkin**

**00.55 NBA - Úrslitakeppnin**

### FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** Nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar.

**21.00 Einbýlishús** Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!

**22.00 Fjölbýli og hæðir** Litlar og meðalstórar eignir sýndar.

**23.00 Nýjar eignir** e.

**0.00 SMS eignir** Veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms-skilaboð.

### DR 1

**6.00** Elmers verden **6.15** Brum **6.30** Rabatten **7.00** Grønne glæder **7.30** Deadline 2. Sektion **8.00** Med kys og krav på Nordgårdskolen **8.30** Græsrødder **9.00** Den 11. time **9.30** Søren Ryge direkte **10.00** TV Avisen **10.10** Horisont **10.35** Ud i naturen **11.00** Genbrugsguld **11.25** Aftenshowet **12.20** I lære som stjerne **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** TV Avisen med vejret **13.10** Dawson's Creek **14.00** Hjerteflimmer **14.30** Shin Chan **14.35** Ninja Turtles: Tidsrejsen! **15.00** 21 dage i Amazonjunglen **15.30** Lille Nørd **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **16.55** Aftenshowet med Vejret **17.30** Hvad er det værd **18.00** Hokus Krokus **18.30** Smag på Danmark - med Meyer **19.00** TV Avisen **19.25** Kontant **19.50** SportNyt **20.00** Den indre skønhed **21.30** Hercule Poirot **4.30** Dyrene fra Lilleskoven **5.00** Rasmus Klump **5.10** Palle Gris på eventyr **5.30** Kaj og Andrea **6.00** Elmers verden

### NRK 1

**6.30** Jukeboks: Norsk på norsk **7.40** Sydvendt **8.10** Puls **8.35** Faktor: Arne og Timotei - leker med livet **9.05** Oddasat - Nyheter på samisk **9.20** Distriktsnyheter **9.40** Fra Nordland **10.00** Siste nytt **10.05** Distriktsnyheter **10.20** Fra Møre og Romsdal **10.40** Fra Hordaland og Sogn og Fjordane **11.00** Siste nytt **11.05** Lunsjtrav **12.00** Siste nytt **12.05** Distriktsnyheter **12.20** Fra Oslo og Akershus **12.40** Fra Østfold **13.00** Giro d'Italia **14.00** Siste nytt **14.03** Giro d'Italia **15.30** Siste nytt **15.41** Oddasat - Nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Lille Prinsesse **16.15** Robotgjengen **16.25** Novellefilm for barn: Vikingen Jonas **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Grønn glede **17.55** Nigellas kjøkken **18.25** Autofil **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Standpunkt **20.15** Extra-trekning **20.30** Safari **21.00** Kveldsnytt **21.15** Sykkelkveld fra Italia **21.25** Utsyn **22.15** 4•4•2: Bakrommet: Fotballmagasin **22.45** Jeff Healey **5.30** Jukeboks: Autofil

### SVT 1

**7.30** Den globala miljöhistorien **8.00** Barnet och orden - om språk i förskolan **8.30** De skapade historia **9.00** Vetenskap - människan avslöjad **9.30** Välfärd från vagga till grav **10.00** Rapport **10.05** Planet Earth **12.20** Kalle Karlsson från Jularbo **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Poniente **15.25** Sport mit Simone **15.30** Krokomax **16.00** Emil i Lönneberga **16.25** Budfirman Bums **16.30** Sagoberättaren **17.00** Lilla Aktuellt - kortnyheter **17.05** Hilals hår **17.30** Rapport **18.00** Uppdrag Granskning **19.00** Hunter **20.00** Argument **21.00** Rapport **21.10** Kulturnyheterna **21.20** Nat King Cole **22.15** Sändningar från SVT24 **4.00** Gomorron Sverige




Frelsi til athafna
er stærsta lánið

Stuttar boðleiðir
Þú færð svar innan þriggja virkra daga frá því að þú skilar gögnum.

Við gerum þér tilboð í fjármögnun á atvinnuhúsnæði
– hvort sem er til kaupa eða endurfjármögnunar. Þú velur um íslenska og/eða erlenda mynt allt eftir því hvað hentar þér best.

Veldu frelsi
– fáðu ráðgjöf hjá viðskiptastjórum SPRON

75 ára | spron

Nánari upplýsingar fást í næsta útibúi SPRON, í þjónustuveri í síma 550 1400 eða á spron.is

ARGUS 07-0373

## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Það er Súpubarinn á Essostöðinni í Borgartúni. En hann er greinilega að flytja eitthvert. Hann var lokaður í dag, svo ég er í dálitlu uppnámi yfir því.“*

Sigursteinn Másson, formaður Öryrkjabandalagsins.

# Tónlist.is skuldar listamönnum ekkert

„Okkur er ekki skemmt ef það er rétt að þessir peningar séu ekki að skila sér,“ segir Stefán Hjörleifsson, framkvæmdastjóri Tónlist.is. Fréttablaðið greindi í gær frá óánægju nokkurra ungra tónlistarmanna með vefinn Tónlist.is. Í tölvupóstssamskiptum þeirra kom fram óánægja með stjörnugjöf sem settar voru á plötur á vefnum, sem og með réttindagreiðslur fyrir notkun á tónlist þeirra. Stefán er ósáttur við að Tónlist.is sé kennt um það að listamennirnir fái ekki greitt, fyrirtækið hafi ekkert með þær greiðslur að gera.



**KREFST ÚTTEKTAR** Samúel Samúelsson vill að FTT skoði málefni Tónlist.is.

„Við gerum bara samninga við STEF og svo útgefendur. Útgefendurnir gera svo samninga við listamennina og þeir geta verið misjafnir. Við skiptum okkur ekkert af því. Það er alla vega klárt að við höfum staðið skil á öllum greiðslum,“ segir Stefán. Hann segir jafnframt að telji tónlistarmenn sig hlunnfarna ættu þeir að leita til útgefenda sinna eða STEFS. „Ég veit reyndar að nokkir hafa gert það þegar í dag [í gær].“

Samúel J. Samúelsson básúnuleikari er einn þeirra sem tóku þátt í umræðum á póstlista tónlistarmannanna. Í svari sínu segist hann sitja í stjórn FTT, félagi tónskálda- og textahöfunda, og hann hafi þar óskað eftir úttekt á Tónlist.is. Ekki náðist í Samúel í gær.

Stefán er ósáttur við gagnrýni á stjörnugjöf á plötur á Tónlist.is. Bent var á að plötur sem gefnar væru út af Senu og Cod, sem eru í sömu eigu og Tónlist.is, virtust fá hærri stjörnugjöf en plötur samkeppnisaðila. „Þetta er bara rangt, það er öllum gert jafnt undir höfði. Í byrjun settum við þrjár stjörnur á allar plötur og svo hækkaði eða lækkaði stjörnugjöfin eftir því hvað notendum fannst. Þessu hefur hins vegar verið breytt á þann veg að allar plötur byrja á núlli nú og einkunnagjöf notenda ræður einvörðungu,“ segir Stefán. **- hdm**



**STEFÁN HJÖRLEIFSSON** Segir Tónlist.is hafa gengið frá öllum skuldbindingum við tónlistarmenn.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT 2.** dans, **6.** hljóm, **8.** hljóð rjúpunnar, **9.** fúsk, **11.** hljóta, **12.** fýla, **14.** stara, **16.** skóli, **17.** tangi, **18.** fugl, **20.** golf áhald, **21.** tangi.

**LÓÐRÉTT 1.** drykkur, **3.** rykkorn, **4.** sendir, **5.** forsögn, **7.** mælitæki, **10.** eldsneyti, **13.** flott, **15.** heimsálfa, **16.** skammst., **19.** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** vals, **6.** óm, **8.** rop, **9.** kák, **11.** fá, **12.** óloft, **14.** blína, **16.** ma, **17.** nes, **18.** önd, **20.** tí, **21.** oddi.

**LÓÐRÉTT: 1.** kókó, **3.** ar, **4.** loftnet, **5.** spá, **7.** málband, **10.** kol, **13.** fín, **15.** asía, **16.** möo, **19.** dd.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Paul Watson.
2. The Great Northern Whalekill.
3. Jón Gnarr.

### KLARA ÓSK ELÍASDÓTTIR: SELUR HÖNNUN SÍNA Í NÝRRI VERSLUN

# Situr við sauma í sumar

Klara Ósk Elíasdóttir, söngkona í Nylon, stefnir á að verja sumrinu við sauma í búðinni Fígúru, sem verður opnuð á Skólavörðustígnum í dag. Í versluninni selja nokkrir ungir íslenskir hönnuðir vörur sínar, og Klara er ein þeirra. „Ég verð að vinna eitthvað í búðinni og mun væntanlega nýta mér aðstöðuna þar til þess að sauma á meðan, svona til að nota tímann,“ sagði Klara. Hún verður þar í góðra vina hópi, ef svo má segja, því hönnuðirnir í kringum Fígúru þekkjast allir. „Við erum flest skólafélagar og tengjumst í gegnum það,“ sagði Klara, sem sagðist hæstánægð með nýjan feril.

„Það er gaman að fá að gera eitthvað nýtt, eitthvað annað skapandi. Ég bjóst ekkert við því að ég kynni þetta eða gæti – og því síður að fólk myndi fíla þetta,“ sagði hún og hló við. Hettupeysur Klöru hafa áður vakið eftirtekt, en ekki eru nema um tveir mánuðir síðan hún hóf að „fikta“ við saumavélina, eins og hún orðar það.

„Ég fékk hugmynd að hettupeysu sem mig langaði svo til að sauma. Ég tók saumavélina fram, keypti efni og fór að vesenast í þessu og útkoman varð fyrsta hettupeysan,“ sagði Klara, sem hafði ekki saumað mikið áður. „En ég hef samt alltaf haft mikinn áhuga á hönnun og fötum. Ég er algjört fatafrík og hef alltaf verið,“ sagði Klara. Skömmu síðar annaði hún vart eftirspurn frá vinum og vandamönnum, og því ekki allsendis órökrétt að hefja sölu á fatnaðnum. Ásamt hettupeysum Klöru má finna boli, gammosíur, hárskraut og skrautkraga. Þeim sem hafa áhuga á að kynna sér úrvalið nánar er bent á heimasíðuna myspace.com/figurastore.

Söngkonan býst við því að fá dálítið frí frá Nylon-störfum í einhvern tíma í sumar. „Ég held við fáum að hafa það rólegt. Maður getur samt ekki sagt að það verði rólegt, það er það svo sem aldrei,“ sagði hún og hló við. „En við verðum að leggja lokahönd á nokkur lög og smáatriði, áður en næsta herferð hefst,“ sagði hún.

**sunna@frettabladid.is**



**FATAFRÍK** Hettupeysur Klöru hafa orðið vinsælli en hana óraði fyrir. Áður en hún réðist í gerð þeirra hafði hún þó ekki átt í miklu samstarfi við saumavélina. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**VINAFRAMTAK** Í Fígúru má jafnframt fá boli, hárskraut, gammosíur og kraga sem allt er afrakstur kunningjahópsins að baki búðinni.



**EIN ÉG SIT OG SAUMA** Klara mun verja hluta sumars í afgreiðslustörf og sauma í versluninni Fígúru, sem verður opnuð á Skólavörðustíg í dag.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu voru bankastjórar hvaðanæva úr Evrópu staddir hér á landi yfir helgina til skrafs og ráðagerða í boði **Bjarna Ármannssonar**, fyrrverandi forstjóra Glitnis. Mikið hefur farið fyrir fréttum af glæsileika yfirmanna bankanna hér á landi. Þeir sem þekkja til segja hins vegar að sá glamúr hafi fölnað við hlið þeirra evrópsku þar sem velflestir erlendu bankastjórarnir voru með lífverði sér við hlið. Og hefði það nú þótt saga til næsta bæjar ef sérþjálfaðir menn gættu Bjarna og annarra íslenskra bankastjóra.



Starfsfólk Skjás eins bíður í ofvæni eftir því að fá að vita hver sest í stól **Magnúsar Ragnarssonar** hjá Skjá einum en hann sagði upp störfum hjá sjónvarpsstöðinni rétt fyrir helgi. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var Magnús búinn að vera að bræða þetta með sér í dágóðan tíma og voru eigendur Skjás miðils þegar farnir að þreifa fyrir sér áður en Magnús tilkynnti starfsmönnum sínum um afsögn sína.



Lítið hefur hins vegar frést af gangi þeirra mála. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa eigendur sjónvarpsstöðvarinnar þó í hyggju að leita út fyrir Skjá einn og ráða ungan eldhuga til að setjast í þennan heita stól sem sjónvarpsstjórastóllinn yfirleitt er. Var vonast til að uppsögn Magnúsar myndi opna einhverjar flóðgáttir áhugasamra. Hafa nöfn þeirra **Þorsteins J. Vilhjálmssonar** og **Róberts Marshall** heyrst í þessu sambandi.



**- fgg**

# Lordi lék við hvern sinn fingur í Cannes

„Þetta gengur mjög vel, vægast sagt,“ segir Ingvar Þórðarson hjá Kvikmyndafélagi Íslands en hann er nú ásamt samstarfsfélaga sínum Júlíusi Kemp í fullum gangi við að kynna hryllingsmyndina Dark Floors: Lordi Motion Picture á kvikmyndahátíðinni í Cannes. Framleiðendurnir stóðu fyrir stórum tónleikum á laugardaginn þar sem Lordi lék fyrir dansi og segir Ingvar að góð stemning hafi myndast hjá stjörnunum í sólinni.

„Við vorum náttúrlega að keppa við U2,“ útskýrir Ingvar en írsku rokkrisarnir voru að kynna tónleikamynd í þrívídd sem hefur fengið gríðarlega góða dóma í heimspressunni. „Við skiptum áhuga fjölmiðla bróðurlega á milli okkar. Þeir voru reyndar aðeins á undan okkur og það hjálpaði okkur við að fá athygli heimspressunnar,“ bætir Ingvar við og segir að hljómsveitin fái mikla athygli. „Þeir eru reyndar ekki öfundsverðir af því að ganga um í þessum búningum í tuttugu stiga hita,“ segir Ingvar.

Tökum á myndinni hefur verið frestað nokkrum sinnum að undanförnu en Ingvar segir að nú sé loks búin að negla niður tökudaga sem verða í lok þessa mánaðar. Eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu hafa tveir íslenskir leikarar komið sterklega til greina í stór hlutverk í myndina, þau Theódór Júlíusson og Brynhildur Guðjónsdóttir, en Ingvar segir að allt útlit fyrir að enginn Íslendingur fái hlutverk. „Því miður lítur þetta þannig út,“ útskýrir Ingvar. Íslenskt leikfólk leikur hins vegar þeim mun stærra hlutverk í undirbúningsvinnunni og við gerð myndarinnar og hefur unnið hörðum höndum að því að byggja ógnarstórt sett í Finnlandi. Þá verður Ásta Hafþórsdóttir einn helsti förðunarsérfræðingurinn í myndinni og hefur komið að hönnun búninga fyrir myndina sem verða fjölmargir og flóknir. **- fgg**



**FÉLGARNIR MEÐ LORDI** Ingvar og Júlíus Kemp ásamt Lordi eftir tónleikana í Cannes.

xelenta



- gjafavörur
- steinljós
- kristalljós
- marmarastyttur
- bronsstyttur
- tréstyttur

Skeifan 7 - Reykjavík - Sími: 553 2882

Gefðu vatn

Hjálparstarf kirkjunnar

www.help.is




Gutenberg
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Sími 545 4400
Fax 545 4401
www.gutenberg.is

Gutenberg

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



Kíktu!
Spilverk.com




**BAKÞANKAR**


**KARENAR D. KJARTANSDÓTTUR**


## *Eru mathákar verri en barna-níðingar?*

**MIKIÐ** þóttu mér fyndin heitin sem fjölmiðlafólk fann upp á þegar það fjallaði um manninn sem stundaði að borða á veitingastöðum án þess að borga. Raðsælkeri og raðafæta voru meðal þeirra orða sem voru notuð til að lýsa brotamanninum og hefur flestum líklega verið hlátur í hug þegar þeir lásu fréttirnar.

**DÓMARANUM** var þó hvergi hlátur í hug þegar hann dæmdi í málinu. Þótti honum hæfileg refsing vera fangelsisvist í eitt ár fyrir fjársvik. Málið fór til Hæstaréttar og kom þar fram að maðurinn hafði snætt fyrir rúmlega sextíu þúsund krónur án þess að greiða fyrir. Hegðun hans væri með öllu ólíðandi. Ákveðið var þó að hæfileg fangelsisvist væri hálft ár.

**EKKI** ætla ég að rengja dómarann eða gera lítið úr þeim skaða sem eigendur veitingahúsanna urðu fyrir. Ég kemst samt ekki hjá því að finnast dómurinn nokkuð þungur og, já, ósanngjarn. Sérstaklega þegar ég renni yfir aðra dóma sem hafa fallið að undanförnu. Stuttu áður en raðsælkerinn var dæmdur fyrir var maður færður fyrir Héraðsdóm Suðurlands. Í fartölvu hans fundust 6.548 ljósmyndir og 179 hreyfimyndir sem sýndu barnaklám.

**ÞRIGGJA** mánaða fangelsisvist þótti hæfileg fyrir manninn sem safnaði barnaklámi. Í dómi sagði að litið hafi verið til þess að um mjög mikið magn mynda væri að ræða. Þar hefði einnig verið að finna myndir af mjög ungum börnum, nánast reifabörnum, sem svívirt væru á ruddalegan hátt. Af þessum orðum má ætla að dómarinn hafi talið sig vera að dæma manninn til þungrar refsingar. Fyrir dómi sagðist maðurinn ekki hafa vitað að þessi söfnun væri ólögleg. Ef til vill hefur dómarinn séð aumur á honum vegna þessa misskilnings, hvað veit ég. Ég sá samt á dómi raðsælkerans að hann játaði brot sín greiðlega.

**ÞAÐ** þykir sýnt að börnin á slíkum myndum koma oftar en ekki frá fátækum ríkum þar sem stjórnvöld veita þeim smæstu í samfélaginu litlar varnir. Í sumum tilvikum hafa menn selt lítil börn eða rænt þeim til að hægt sé að útbúa myndefni fyrir mennina á fyrir framan tölvuskjáinn.

**VENJUR** og hefðir skipta miklu máli í dómsölum. Ég efast ekki um að dómarnir sem hér er getið eru í samræmi við aðra sem felldir hafa verið í svipuðum málum. Engu að síður held ég að réttlætiskennd nær allra svíði við lestur slíkra dóma.


www.volkswagen.is



## Má bjóða þér grænan Golf?



### HEKLA greiðir fyrir kolefnisjöfnun allra nýrra Volkswagen-bíla í eitt ár

Volkswagen verður fyrsta kolefnisjafnaða bílategundin á Íslandi. Það er vel við hæfi, enda hefur Volkswagen verið í fremstu röð í þróun og hönnun umhverfisvænni bílvéla. Má þar nefna TDI-dísilvélarnar, TSI- og FSI-bensínvélarnar, notkun metans sem aðalorkugjafa og hina byltingarkenndu BlueMotion-bíla sem eru væntanlegir.

Með því að velja Volkswagen tekur þú þátt í einhverju metnaðarfyllsta umhverfisverkefni sem íslenskt fyrirtæki hefur ráðist í og leggur þannig þitt af mörkum til verndunar umhverfisins.

**Grænir bílar – kolefnisjafnaður akstur**



HEKLA **Grænt fyrirtæki – kolefnisjöfnuð starfsemi**

**Aus Liebe zum Automobil**

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Laugavegi 172-174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is

